

26

28

36

Bændurnir í Birkihló fagna því að öll virðisheðjan sé komin í eigin hendur

Það eiga allir að gera erfðaskrá

Hyggst fullvinna grjótkrabba

-37

# Bændablaðið

21. tölublað 2021 • Fimmtudagur 4. nóvember • Blað nr. 598 • 27. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Þær eru knapar, framakonur, mæður og bestu vinkonur sem myndu gjarnan vilja vera áhrifavaldar af nýja skólanum. Þórdís Anna Oddsdóttir, vélaverkfræðingur og sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka og Margrét Ágústa Sigurðardóttir, skattalögfræðingur og skattaráðgjafi hjá PwC, vita ekkert betra en að komast í góðan útreiðatúr eftir annasaman vinnudag. Á meðan hestamennskan er Margréti í blóð borin er tiltölulega stutt síðan Þórdís hóf sína vegferð inn í lífsstílinn. Þær segja hestamennsku heilsuþætandi lífsstíl sem jafni út hraða borgarlífsins. Mynd / Jikke Palist

– Sjá nánar bls. 32–33

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið með drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu:

## Bændur orðlausir yfir tillögunum

– Talað um verstu reglugerðardrög sem sést hafi og að ekkert samráð hafi verið haft við hagsmunaaðila við samningu þeirra

Drög að reglugerð frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu hafa verið í umsagnarferli í samráðsgátt stjórnvalda. Greinilegt er af fjölda umsagna að reglugerðardrögin eru mjög umdeild.

Fjöldi bænda hefur gert athugasemdir við reglugerðardrögin. Talað er um að þetta séu verstu reglugerðardrög sem menn hafi augum litið og ekkert samráð hafi verið haft við bændur eða sveitarstjórnarmenn. Dr. Ólafur Dýrmondsson bendir t.d. á í sínum athugasemdum að reglugerðin gæti jafnvel skaðað íslenskan landbúnað, stuðlað að frekari byggðaröskun og fækkun bænda og þar með veikt fæðuöryggi þjóðarinnar.

Landgræðslulög voru samþykkt á Alþingi í desember 2018. Markmið landgræðslulaga er að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Aðdraganda að þessum lögum

má rekja allt til ársins 2011 þegar Svandís Svavarsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, skipaði nefnd um endurskoðun landgræðslulaga.

Í nýjum lögum er lögð aukin áhersla á vernd og sjálfbæra nýtingu jarðvegs, gróðurs og endurheimt vistkerfa. Megináhersla laganna er sjálfbær landnýting.

Samkvæmt lögnum er ráðherra ætlað að setja reglugerð um sjálfbæra landnýtingu með leiðbeiningum og viðmiðum þar að lútandi sem taka mið af ástandi lands, m.a. varðandi beit búfjár, umferð fólks og ökutækja, framkvæmdir og akuryrkju. Landgræðslunni er ætlað að gera tillögur að slíkum leiðbeiningum að höfðu samráði við hlutaðeigandi stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni.

### Umsagnarfrestur framlengdur

Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu var sett inn á samráðsgátt 24. september og var umsagnarfrestur til 22.

október. Hann hefur nú verið framlengdur til 11. nóvember. Talsverð umræða hefur orðið meðal bænda um efnistöð reglugerðarinnar og þykir mörgum að ýmis ákvæði hennar muni hafa gífurleg íþyngjandi áhrif á þeirra búrekstur.

### Bændasamtökin höfðu enga aðkomu að málinu

Aðspurður um aðkomu bænda að þessari vinnu, svarar Unnsteinn Snorri Snorrason, verkefnastjóri hjá Bændasamtökunum.

„Bændasamtök Íslands áttu ekki neina aðkomu að því að skrifa þessa reglugerð. Við höfum veitt umsögn á tveimur stigum og gagnrýnt harðlega á faglegum forsendum margt sem þarna kemur fram.“

Samkvæmt reglugerðinni á að meta hvort nýtingu beitarrands sé sjálfbær út frá vistgetu lands. En vistgeta er skilgreind í reglugerðinni sem eiginleiki sem endurspeglar þá nýtingarmöguleika sem liggja í landinu. Sé landið ekki í besta mögu-

lega ástandi telst það hnignað og nýting þess ekki sjálfbær. Vistgeta ræðst af loftslagi, jarðvegi og landslagi og endurspeglar hvert ástand lands á að vera sé hnignun ekki til staðar.

### Ekkert vitað hver muni bera kostnað af innleiðingunni

„Okkar gagnrýni hefur m.a. snúið að því að ekki hefur hingað til legið fyrir mat á vistgetu lands. Þar af leiðandi er ekki með nokkrum hætti hægt að meta hver áhrif reglugerðarinnar verða,“ segir Unnsteinn og bætir við:

„Við höfum ekki fengið neina útlistun á því hver muni bera þann kostnað sem fellur til við innleiðingu á reglugerðinni. Ljóst er að mikill kostnaður verður til vegna kortlagningar, rannsókna og eftirlits. Þá hefur ekkert mat verið lagt á það hversu víðtæk áhrif þessi reglugerð muni hafa á byggðafestu og atvinnustarfsemi.“

Reglugerðin snýst ekki bara um

sjálfbæra nýtingu beitarrands heldur einnig um sjálfbæra nýtingu ræktunarlands. Þar hefur ekki síður orðið mikil gagnrýni meðal bænda um margt sem þar kemur fram. Þar er m.a. að finna ákvæði um afar íþyngjandi takmarkanir varðandi dreifingu á tilbúnum áburði og búfjáráburði. Reyndar er það tilgreint í reglugerðinni, að viðauki II sem fjallar um sjálfbæra nýtingu ræktunarlands eru leiðbeiningar sem skuli hafa til hliðsjónar og því með öllu óljóst hvaða gildi þær munu hafa.“

– Telur þú að reglugerðin verði samþykkt óbreytt?

„Að mínu mati er of mörgum spurningum ósvarað varðandi innleiðingu og áhrif reglugerðarinnar til þess að hún verði samþykkt að óbreyttu. Mér finnst þessi vinnubrögð hjá umhverfisráðuneytinu sérkennileg. Hvernig er hægt að leggja fram þessa reglugerð án þess að búið sé að meta þann kostnað sem hún felur í sér? Það þarf einfaldlega að vinna þetta betur.“

– Sjá nánar bls. 8

## FRÉTTIR

Skynmat hjá Matís á kjöttgæðum lambakjöts:

# Ferska lambakjötið reyndist hafa talsverða yfirburði yfir það frosna

Í fyrsta skipti á Íslandi hefur verið sýnt fram á með vísindalegri nálgun að ferskt lambakjöt er að vissu leyti mun betri kjötafurð en lambakjöt sem búið er að þíða.

Matís stóð fyrir skynmati í síðustu viku, þar sem kjöttgæði ferskra vöðva voru borin saman við þá sem höfðu frosið og voru þíddir. Tilgangurinn var að kanna hvort þjálfaðir skynmatsdómarar myndu mun á þessum tveimur kjötafurðum og voru nokkrir eiginleikar kjötsins lagðir til grundvallar við skynmatið; eins og mykt, meyrni, safi, steikarbragð, sýra, sæta, fitubragð og lifrabragð.

## Lambakjötið í erfiðri samkeppni

Guðjón Þorkelsson er í verkefnisstjórn hjá Matís fyrir þetta verkefni. „Lambakjöt á í erfiðri samkeppni

við aðrar kjöttgæðir á markaði. Það er eina kjöttgæðin sem ekki er hægt að nálgast ferska allt árið. Framleiðsluferfi kindakjöts á Íslandi veldur því að framboð af fersku, ófrosnu lambakjöti takmarkast við um tíu vikur á haustin. Þetta er vandamál sem hugsanlega mætti breyta í tækifæri með því að leggja áherslu á að um árstíðabundna sérvöru sé að ræða.

Það hafa fjölmargar tilraunir verið gerðar bæði um lengingu á sláurtíma lamba og lengingu á geymslupoli lambakjöts. Lítið hefur verið gert með niðurstöðum vegna rekstrarumhverfis greinarinnar og óhagræðis við slátrun. En sennilega mest út af því að eftirspurn eftir fersku lambakjöti hefur ekki verið mikil. En þetta var fyrir 15–20 árum síðan. Margt hefur breyst,“ segir Guðjón.



Guðjón við mælingar. Myndir / Matís

## Greinilegur litamunur


„Við vildum byrja á því að kanna muninn á fersku og frosnu lambakjöti. Við tókum sýni af 10 lambahryggjum í slátruhúsi Slátrufélags Suðurlands í haust.

Annar hryggvöðvinn var frystur daginn eftir slátrun en látinn þíðna sex dögum seinna. Hinn vöðvinn var á sama tíma geymdur við tvær gráður.


Þegar liturinn á vöðvunum var borinn saman kom í ljós greinilegur munur. Hráir vöðvar ferska kjötsins voru bæði ljósari og rauðari en þíðnir vöðvar frosna kjötsins,“ segir Guðjón.

## Mýkra og safaríkara


Að sögn Guðjóns voru vöðvarnir eldaðir að 68 gráðu kjarnhita og



Ferska kjötið var mýkra, ferskara og safaríkara.



Ferska kjötið var aðeins sætara á bragðið en frosna kjötið.



Meiri steikarlykt og aðeins minni fitulykt var af ferska kjötinu.

bornir fyrir þjálfaða skynmatsdómara. Þá hafi komið í ljós mikill gæðamunur. „Ferska kjötið rýrnaði

mun minna við eldun, það var mun mýkra, meyrara og safaríkara,“ segir Guðjón. /smh

Aðlögunarsamningar í sauðfjárrækt auglýstir í síðasta sinn:

# Sauðfé hefur fækkað um rúmlega 3.700 í gegnum samninga

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur auglýst eftir umsóknum um aðlögunarsamninga í sauðfjárrækt. Er þetta í síðasta skiptið sem slíkir samningar eru auglýstir samkvæmt reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt, en þeir voru fyrst auglýstir árið 2019. Á þeim tíma hefur fækkun fjár verið samtals 3.746 vetrarfóðraðar kindur.

Sauðfjárbændur sem hyggjast hætta búskap, eða fækka vetrarfóðruðum kindum um að minnsta kosti 100, eiga möguleika á að gera aðlögunarsamning við stjórnvöld sem gildir í þrjú ár. Slíkur samningur skuldbindur bændur til að fækka vetrarfóðruðum kindum „og í staðinn að byggja upp nýjar búgreinar, búskaparhætti eða hasla sér völl á öðrum sviðum m.a. til

þess að stuðla að nýsköpun og náttúruvernd“, eins og segir í reglugerðinni.

## Aðlögunarsamningarnir frá 2019

Ákvæði um slíka aðlögunarsamninga komu fram í endurskoðuðum samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar sem samþykktur var í byrjun árs 2019.

Markmið þess samnings var meðal annars að stuðla að auknu jafnvægi framboðs og eftirspurnar á markaði með sauðfjárafurðir, auka frelsi sauðfjárbænda og auðvelda greininni að takast á við sveiflur í ytra og innra umhverfi hennar.

Samkvæmt upplýsingum úr ráðuneytinu hafa alls 22 aðlögunarsamningar í sauðfjárrækt verið gerðir frá 2019. Þar af eru 13 bændur sem hætta sauðfjárbúskap með samningunum og



nú bændur sem fækkuðu um 100 fjár eða meira en halda búskap áfram.

## Stuðningsgreiðslur á samningstímanum

Í reglugerðinni, sjöunda kafla hennar, kemur fram að hámarksfækkun vetrarfóðraðra kinda með aðlögunarsamningum skuli vera 10 prósent miðað við fækkun frá haustskýrslu árið 2016 í Bústofni.

„Framleiðandi fær stuðningsgreiðslur á samningstímanum í samræmi við ákvæði reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt á gildistíma samningsins þrátt fyrir að hann stundi ekki sauðfjárrækt. Greiðslur vegna býlisstuðnings og ullarnýtingar eru þó undanskildar. Gæðastýringargreiðslur

skulu miðast við framleiðslu sl. tveggja ára enda skal framleiðandi standast skilyrði gæðastýringar á samningstímanum, sé hann ekki að hætta sauðfjárrækt. Aðrar stuðningsgreiðslur sem framleiðandi hafði við gildistöku aðlögunarsamnings taka almennum breytingum sem kunna að verða á úthlutun þeirra árlega. Framleiðandi verður áfram réttahafi svæðisbundins stuðnings á gildistíma samningsins. Gildir það jafnt um samninga þar sem framleiðandi hættir fjárbúskap og samninga um hlutfallslega fækkun.

Hjá þeim framleiðendum sem hætta í sauðfjárbúskap miðast greiðslur vegna aðlögunarsamninga við ærgildi fyrir innlausn. Gæðastýringargreiðslur og svæð-

isbundinn stuðningur miðast við meðalfjárfjölda og framleiðslu síðastliðinna tveggja ára eftir því sem við á.

Hjá þeim framleiðendum sem halda áfram sauðfjárbúskap miðast beingreiðslur vegna aðlögunarsamnings við innleyst greiðslumark. Hlutfall annarra greiðslna verður það sama og hlutfallsleg fækkun vetrarfóðraðs fjár sem samið er um. Um greiðslur út á framleiðslu eða gripafjölda sem áfram er á búinu fer eftir almennum ákvæðum reglugerðarinnar“, segir í reglugerðarákvæðinu um aðlögunarsamningana.

## Samningarnir núna gilda í þrjú ár

Umsóknarfrestur um aðlögunarsamning er til 31. desember 2021 og ekki verður hægt að sækja um aðlögunarsamninga að þeim fresti loknum. Aðlögunarsamningar sem gerðir voru árið 2019 tóku gildi 1. janúar 2020 og greiðslur samkvæmt þeim gilda í fjögur ár. Aðlögunarsamningar gerðir síðar taka gildi 1. janúar komandi árs eftir samningsgerð og gilda í þrjú ár.

Frekari upplýsingar um aðlögunarsamningana er að finna í sjöunda kafla reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1253/2019. /smh

## Lely Center Ísland



## STARTARAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



# „Sparnaðurinn minn plantar trjám“

Sjálfbær sparnaður er ný leið til þess að spara hjá Landsbankanum. Þannig getur þú sparað og hjálpað umhverfinu á sama tíma. Kynntu þér sjálfbæran sparnað á **landsbankinn.is**.

---

ÞAÐ ER LANDSBANKI  
NÝRRA TÍMA.

## FRÉTTIR



Aðalsteinn J. Halldórsson, oddviti Tjörneshrepps, að rýja ána Katrínu sem heitir svo í höfuðið á forsætisráðherra Íslands. Mynd/ Aðalsteinn Árni Baldursson

Hauststörfin í Grobbholti:

## Oddviti önnum kafinn við að rýja Katrínu inn að skinni

Viða er líflégt í fjárhúsum landsins þessa dagana en bændur eru um þessar mundir að hefja rúning.

Aðalsteinn J. Halldórsson, oddviti Tjörneshrepps, er liðtækur rúningsmaður og var kallaður til þegar rýja átti kindur í Grobbholti,

fjárhúsi Aðalsteins Árna Baldurssonar, formanns Framsýnar, stéttarfélag. Hann stundar þónokkurn frístundabúskap á Húsavík með aðalstarfi sínu. Þeir Aðalsteinn voru ánægðir með dagsverkið. /MPB

Framsýn stéttarfélag:

# Pósturinn sendir íbúum landsbyggðar fingurinn

„Með þessum glóruleisu hækkunum er Pósturinn að senda íbúum í hinum dreifðu byggðum fingurinn,“ segir í ályktun sem Framsýn, stéttarfélag hefur sent frá sér. Bent er á að verðhækkun sem tók gildi hjá Póstinum í byrjun þessa mánaðar hafi áhrif á útgjaldaliði heimilanna og um mikilvægt byggðamál sé að ræða.

Framsýn gagnrýnir harðlega þá ákvörðun Póstsins að hækka verðskrár fyrirtækisins sem beinist eingöngu að landsbyggðinni og komi sér afar illa fyrir íbúa og atvinnulíf úti um hinar dreifðu byggðir. Ástæða verðbreytinga hjá Póstinum eru ný lög sem kveða á um að ekki sé heimilt að innheimta sama gjald fyrir sendingar um landið líkt og fyrri lög kváðu á um.

*Fer jafnvel yfir 100% hækkun*

Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar, segir að fram til þessa hafi verðskrá hins opinbera fyrirtækis, Póstsins, miðað við að sama verð gildi um land allt og sú hafi verið krafa löggjafans. Samkvæmt boðuðum verðskrárbreytingum nemi hækkunin í mörgum tilvikum tugum prósentu og fari jafnvel yfir 100%. Stjórnvöld geti ekki setið hjá og látið þetta óréttlæti



Framsýn gagnrýnir harðlega þá ákvörðun Póstsins að hækka verðskrár fyrirtækisins sem beinist eingöngu að landsbyggðinni og komi sér afar illa fyrir íbúa og atvinnulíf úti um hinar dreifðu byggðir.

viðgangast, vitlaust sé gefið, sem er ólíðandi.

*Munum finna fyrir hærri kostnaði*

„Við sem búum á landsbyggðinni höfum horft upp á það undanfarin ár að banka- og tryggingaútibú loka, sem og verslanir. Í auknum mæli verslar fólk í gegnum netið og þess verður ekki langt að bíða að menn finna fyrir því í enn hærri sendingarkostnaði en var,“ segir hann og bendir á sem dæmi að fréttabréf Framsýnar sé prentað á

Egilsstöðum og flutt til Húsavíkur með pósti.

„Við flýttum útgáfu næsta tölublaðs til að komast hjá verðhækkuninni. Mér sýnist að það muni borga sig að senda mann eftir blaðinu næst,“ segir Aðalsteinn.

„Í sumum tilvikum er ódýrara að fara í leiðangra eftir vörum á næstu þéttbýlisstaði heldur en að fá sent með Póstinum. Ef sú verður raunin, dregur úr umsvifum Póstsins og verða fleiri á ferðinni. Það auðvitað er ekki gott upp á kolefnissporið. Allt hangir þetta saman,“ segir hann. /MPB

Miklar kostnaðarhækkunar á rekstrarvörum til bænda víða um heim:

## Norsk stjórnvöld með milljarða stuðning við bændur

Á þessu ári hafa orðið gífurlegar hækkunar á rekstrarvörum bænda. Ekki sér fyrir endann á þessari þróun, en að öllum líkindum mun verð koma til baka þegar jafnvægi kemst á hagkerfi heimsins. Í síðustu viku tilkynntu norsk stjórnvöld að þau myndu auka stuðning við bændur um 11,3 milljarða ÍSL kr. (754 milljónir NOK kr.). Umfang stuðningsins er í fullu samræmi við þær kröfur

sem norskir bændur höfðu sett fram í samningaviðræðum við stjórnvöld.

Aukinn stuðningur við norska bændur er þrískiptur. Alls fara 610 milljónir norskra króna, eða sem svarar 9.143 milljónum íslenskra króna, í bæt看 vegna hækkunar á tilbúnum áburði. Þá fara 136 milljónir NOK kr., eða 2.039 milljónir ÍSL kr., í stuðning vegna hækkunar á byggingarefni og 9 milljónir NOK kr., eða sem

nemur 128 milljónum ÍSL kr., fara í stuðning við ávaxta- og berjarækt.

Sem dæmi um hvernig þessi stuðningur kemur við rekstur bænda, þá hækkar stuðningur fyrir hvern ha sem er í ræktun (Kulturlandskapstilskudd) um sem nemur 7.950 ÍSL kr. á hektara. Hann fer úr 24.300 í 32.250 ÍSL kr. á hektara.

Stuðningur við kornrækt (Arealtiskudd, korn) hækkar um sem nemur 4.800 ÍSL kr./ha og fer

úr 32.550 í 37.350 ÍSL kr./ha. Þó er það breytilegt eftir svæðum.

Gripagreiðslur fyrir þá sem eiga 15-30 mjólkurkúr (Tilskudd husdyr – Melkeyr) hækkar um sem nemur 6.000 ÍSL kr. á hvern grip. Hækka beingreiðslurnar úr sem nemur 49.230 í 55.230 ÍSL kr. á grip.

Athygli vekur að í greinargerð sem fylgir fréttatilkynningu um aukinn stuðning við norska bændur er þess getið sérstaklega að samningsaðilar, sem eru bændur

og stjórnvöld, telja að þar sem ⅓ tekna bænda koma í gegnum

afurðaverð þurfi tekjuauki bænda líka að koma úr þeirri átt. Þetta er sérstaklega áhugavert með hliðsjón af því að Samkeppniseftirlitið sendi út fréttatilkynningu á dögunum þar sem „brynt er fyrir forsvarsmönnum hvers konar hagsmunasamtaka í atvinnulífnum að taka ekki þátt í umfjöllun sem tengist verðlagningu eða annarri markaðshæðun fyrirtækja“. /USS/HK:

## Aukið verðmæti íslenskrar grænmetisframleiðslu

– gert með því að lengja geymsluþol, nýta hliðarafurðir og minnka sóun

Hjá Matís hefur á undanförunum vikum verið unnið að verkefni með stuðningi Matvælasjóðs, sem miðar að því meðal annars að lengja geymsluþol á útiræktuðu íslensku grænmeti. Verkefninu er stýrt af Ólafi Reykdal, en markmiðið er meðal annars að viðhalda gæðunum lengur og þannig auka verðmæti afurðanna.

Ólafur segir að íslenskt grænmeti gegni mikilvægu hlutverki fyrir ímynd landsins og sjálfbærni. „Heilbrigðisýfirvöld hvetja til aukinnar neyslu grænmetis og mikilvægt er fyrir framleiðendur að sem stærstur hluti neyslunnar verði íslenskt grænmeti. Nú er umtalsvert flutt inn af grænmeti og því eru tækifæri fyrir garðyrkjubændur að fylla meira í skarðið og draga þannig úr kolefnisspori fyrir þjóðina,“ segir hann um forsögu þess að þetta verkefni er sett á fót hjá Matís.

*Aukið verðmæti íslenskrar grænmetisframleiðslu*

„Íslenska framleiðslan er nálægt markaðnum og því eiga gæðin að vera betri en eru á því innflutta, sem er marga daga á leiðinni til landsins.



Ólafur Reykdal.

Garðyrkjubændur hafa unnið mikið við að bæta ástæður hjá sér við uppskeru og geymslu en það er ekki nóg, því öll virðis kedjan er undir og flutnings- og dreifingaraðilar, ásamt verslun og neytendum, þurfa að geyma grænmetið við bestu skilyrði. Með þessu móti fást mest verðmæti fyrir uppskeruna og dregið er úr rýrnun og sóun,“ segir Ólafur.

Matvælasjóður veitti Matís styrk til að vinna verkefni um virðis kedju íslensks grænmetis árið 2021. Unnið verður að markmiðum verkefnisins með aðilum sem tengjast virðis kedjunni; allt frá garðyrkjubændum til verslunar. „Nýja þekkingin sem verður til á þannig að styðja við uppbyggingu grænmetisgeirans og stuðla að aukinni framleiðslu, fleiri atvinnutækifærum og auknu framboði hágæða grænmetis. Leitast er við að ná til grænmetisframleiðsl-

unnar sem víðast um landið svo sem Suðurlands, Vesturlands og Eyjafjarðar. Verkefninu er skipt í þrjú meginviðfangsefni; geymsluþolsrannsóknir, nýtingu hliðarafurða og minni sóun í virðis kedju grænmetis,“ segir Ólafur.

*Kjörgeymsluskilyrði lykilatriði fyrir verðmæti uppskerunnar*

Að sögn Ólafs er gott geymsluþol grænmetis lykilatriði fyrir framleiðendur, því með því móti fá þeir mest verðmæti fyrir uppskeruna. „Í verkefninu eru gerðar mælingar á hitastigi og rakastigi við geymslu grænmetis og upplýsingum miðlað til að hægt sé að vinna að úrbótum. Kjörgeymsluskilyrði eru mjög misjöfn eftir grænmetistegundum og því getur verið nokkuð flókið fyrir dreifingaraðila og verslanir að geyma grænmetið við þær aðstæður sem best henta.

Röng geymsluskilyrði geta fljótt leitt til skemmda á grænmeti, minni sölu og rýrnunar fyrir verslun og framleiðendur. Á Matís hafa staðið yfir geymsluþolstilraunir með ýmsar tegundir grænmetis. Nú er í gangi geymsluþolstilraun á blóm-

káli, spergilkáli og gulrófum. Notað er hitastýrt geymslurými sem fram til þessa hefur fyrst og fremst verið notað fyrir tilraunir með fisk. Ljóst er að við þessar stýrðu aðstæður hefur náðst lengra geymsluþol en reiknað var með. Ræktun blóm-káls og spergilkáls er erfið á Íslandi vegna stutts geymsluþols og því er verið að leita leiða til að lengja geymsluþolið. Niðurstöður úr geymsluþolstilraunum verða birtar og kynntar á næstu mánuðum,“ segir Ólafur.

Þegar hann er spurður um notkun hjálparefna, segir hann að aðaláherslan sé á stýringu hita og raka en ekki notkun þeirra. „Hjálparefnin, eins og þrávarnarefni og rotvarnarefni, flokkast undir aukefni. Það er ekki leyfilegt að nota aukefni á ferskt grænmeti og ekki þörf á því. Vænlegra er að nota kjörgeymsluskilyrði fyrir hita og raka.

Það er kostnaðarsamt að koma upp fullkomnum geymsluskilyrðum því þá dugir ekki einn kæli. Ýmsir aðilar eru þegar búnir að fjárfesta umtalsvert í góðum geymslum. Við erum að kanna þessar aðstæður og hjálpa til við að finna það sem þarf að bæta.

Mögulegt er að nota aukefni fyrir skorið og unnið grænmeti. Við erum reyndar með eina tilraun þar sem reynt er að lengja geymsluþol blóm-káls og spergilkáls með því að dýfa grænmetinu í hreina upplausn af C-vítamíni,“ segir hann.

*Mikilvægi hliðarafurðanna*

Að sögn Ólafs eru hliðarafurðir grænmetisframleiðslunnar, það sem til fellur við afblöðun, afskurð og grisjun plantna. „Unnið er við að leggja mat á magn þessara afurða og kanna hvaða hliðarafurðir henti fyrir mismunandi vinnslu. Ljóst er að í sumum hliðarafurðum eru efnisþættir sem gætu hentað í verðmætari afurðir matvælagæirans. Hugsunin er sú að auka nýtingu og verðmæti þessara hliðarafurða líkt og Matís hefur tekið þátt í að gera í sjávarútvegi þar sem stefnt er að nær 100 prósentu nýtingu þorskins. Prófanir hafa verið gerðar á vinnslu grænmetis sem selst ekki í verslunum og lofa þar tilraunir góðu. Starfsmenn Matís vonast til að geta skilað áhugaverðum niðurstöðum til grænmetisgeirans á næstu mánuðum,“ segir hann. /smh

# McHale

GÆÐI  
STYRKUR  
ENDING



Pantanir fyrir sumarið 2022 eru hafnar. Tryggðu þér eintak!  
Fáðu vél sem hentar þínum þörfum - Síðast seldust vélarnar upp!

## Áramótatilboð

Tilboðsverð:  
13.490.000 + vsk

**FUSION 3 PLUS**  
með plastbindibúnaði  
Grunnverð: 13.990.000 + vsk



Tilboðsverð:  
14.590.000 + vsk



**FUSION VARIO**  
fastkjarnavél  
Grunnverð: 15.190.000 + vsk

Tilboðsverð:  
11.990.000 + vsk



**FUSION 3**  
Grunnverð: 12.590.000 + vsk

### Fáanlegur aukabúnaður

Stærri dekk • Brautarlaus sópvinda • Valfrjáls hnífabakki • Endaveltibúnaður • Sópvindukefli • Beisli fyrir þýskan krók  
Isobus tengimöguleikar • Lyftur fyrir plast og net • Vigt • Rakaskynjari • Prentari • 1000sn/min drif

Athugið! Grunnverð er verð fyrir vél án aukabúnaðar - Verð miðað við EUR 150 og staðgreiðslu án uppítoðu.

 **LANDSTÓLPI**

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi  
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
☎ 480 5610

🌐 [www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)  
✉ [landstolpi@landstolpi.is](mailto:landstolpi@landstolpi.is)

# Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Blaðamenn: Guðrún Hulda Pálsdóttir gudrunhulda@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilundur Hansen vilundur@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 563 0303

Netfang auglýsinga: [augl@bondi.is](mailto:augl@bondi.is) – Vefur blaðsins: [www.bbl.is](http://www.bbl.is) – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er [bbl@bondi.is](mailto:bbl@bondi.is)

Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

### Innviðaásælni

Aðfaranótt fyrsta vetrardags var gengið frá sölu á ljósleiðaraneti Mílu frá Símanum til franska sjóðstýringafélagsins Ardian fyrir 78 milljarða króna. Mörgum hryllir við þessari sölu á innviðum Íslendinga til útlanda og spyrja má hvort ekki sé komið forðæmi fyrir rökréttu framhaldi á sölu annarra íslenskra innviða.

Í ljósi innleiðinga á reglugerðum ESB og minni takmarkana á viðskiptum yfir landamæri, er sannarlega búið að gefa færi á að opna gáttir í þessa veru. Sala á raforkuferfi Landsnets lýtur t.d. í raun ekkert öðrum lögmálum en salan á Mílu. Uppskipti á Landsvirkjun í minni einingar myndi örugglega líka leiða til sömu niðurstöðu á þeim bæ, þótt stjórnmaðlenn þræti fyrir það núna að slíkt sé á döfinni.

Samgöngukerfið er af sama meidi. Víða um lönd eru hluti þjóðvegakerfisins í höndum einkaaðila, eins og ferðamenn hafa kynnt eftir akstur í gegnum ótal vegtollahlið. Það er ekkert sem segir að ekki sé hægt að selja íslenska vegakerfið með sama hætti. – Þá spyrja sumir, er ekki bara fínt að fá erlent fjármagn inn í íslenska hagkerfið? – Því er vissulega að hluta hægt að svara játandi, en við getum um leið fullvissað okkur um það, að enginn alvöru fjárfestingasjóður fer að fjárfesta í svona innviðakerfum nema að ætlunin sé að hagnast á því.

Ekki er ólíklegt að með vaxandi ferðamannastraumi þyki erlendum áhættufjárfestum fýsilegt að kaupa hluta vegakerfisins og innheimta gjöld fyrir notkun þess. Þegar menn eru komnir með eignarhaldið á vegum í hendur eru menn í raun komnir í einokunaraðstöðu og geta stillt notendum upp við vegg. Ætli erlendir áhættufjárfestar hafi þá sérstakan áhuga á að viðhalda vegum á óarðbærum fáfarnari slóðum, svo ekki sé talað um sveitavegina? – Við sjáum bara hvað er að gerast með Póstinn sem gefur landsbyggðinni nú langt nef. Samt er fyrirtækið enn í eigu ríkisins en skýlir sér á bak við einkahluthafavæðingu og EES-reglur sem gerir stjórnmaðlennina stikkfrí.

Veiðiár landsmanna og jarðir eru undir þessum sama hatti. Við erum þegar búin að selja fjölda þeirra ásamt landi sem að þeim liggur. Jim Ratcliffe hefur nú í hendi sér hvað verður um að minnsta kosti átta laxveiðiár og landið þar í kring. Þó hann sé einn ríkasti maður Bretlands þá verður hann ekki eilífur og hver veit þá í hvaða hendur þetta land og þessar ár rata? Fleiri erlendir milljarðamæringar eiga líka landareignir hér á landi, ýmist í eigin nafni eða í gegnum íslenska leppa.

Hvað er oft búið að fullyrða að svona gerist hlutirnir ekki og að slíkt verði aldrei því Alþingi hafi alltaf síðasta orðið? Málið er bara að Alþingi hefur einmitt haft síðasta orðið í að skapa grunninn að þessum möguleika með viðbótarinnleiðingu regluverks sem einhliða er kokkað upp af lögfræðingum í Brussel. Reglugerðarinnleiðing sem aldrei var samið um þegar EES-samningarnir voru gerðir árið 1994. Svo er hin íslenska Orkustofnun orðinn varðhundur hinnar evrópsku orkueftirlitsstofnunar ACER (The European Union Agency for the Cooperation of Energy Regulators). Þannig mun Orkustofnun passa vel upp á að frekari innleiðing regluverksins gangi snurðulaust fyrir sig.

Spurningin er hvort að í öllum þessum innleiðingum á regluverki hafi þingmenn haft hugmynd um hvað þeir í raun voru að samþykkja. Létu þeir kannski flokkshollustu og hagsmunavörslu einkaaðila úti í bæ ganga frammar þjóðarhag í sinni afgreiðslu? – Hvenær hefur þjóðin verið spurð um sinn vilja í þessum málum? /HKr.

### Norðmenn auka stuðning við landbúnað

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands  
gunnar@bondi.is



Dagana 18.–22. október sl. héldu stjórn og starfsmenn Bændasamtaka Íslands fundi með bændum víða um landið. Fundirnir voru vel sóttir en á þeim var farið yfir starfsemi samtakanna og sameiningarferli samtakanna frá 1. júlí, starfsskiylröi landbúnaðarins og stóru verkefni fram undan.

Bændasamtökin eru fjármögnuð af félagsgjöldum og við viljum vera í stakk búin til þess að takast á við verkefni og sinna öflugri hagsmunagæslu fyrir okkar félagsmenn. En til þess þarf sambent átak í að bændur og þeir sem starfa í frumframleiðslu matvæla, hvetji aðra sem við hlið þeirra starfa til þess að gerast aðilar að Bændasamtökum Íslands. Saman erum við sterkari. Margt þarf að gera betur, hagtölusöfnun landbúnaðarins er í skötulíki og þarf að bæta. Ef við ætlum að vera leiðandi í upplýstri umræðu um landbúnað, vel undirbúin fyrir endurskoðun búvörusamninga 2023 og fyrirhugaða endurskoðun á tollasamningnum við ESB, þá þurfum við mannskap til að sinna því mikilvæga verkefni. Góðar og kröftugar umræður fylgdu iðulega í kjölfar kynningar með hvatningu fundarmanna til stjórnar og starfsmanna samtakanna um að beita sér í þágu íslensks landbúnaðar.

**Norsk stjórnvöld koma til móts við bændur vegna kostnaðarhækkana**

Á þessu ári og sérstaklega síðustu mánuði hafa orðið miklar hækkunar á aðföngum bænda. Áhrif þessa úti í hinum stóra heimi hafa

leitt til mikilla hækkana á heilðsöluverðum á matvælum og stendur matvælaferðsvisitala sem Landbúnaðarstofnun FAO gefur út 33% hærra í dag en hún var fyrir ári síðan. Sú vísitala mælir verðhækkunar á körfu af matvælum sem verslað er með í kauphöllum og endurspeglar því ekki verð sem neytendur greiða. Ekki sér fyrir endann á þessari þróun, en að öllum líkindum munu aðföng lækka í verði þegar jafnvægi kemst á hagkerfi heimsins. Í síðustu viku tilkynntu norsk stjórnvöld að þau myndu auka stuðning við bændur um 11,3 milljarða ISK kr. Sé það sett í samhengi við stærð norska hagkerfisins miðað við það íslenska svarar það til u.þ.b. 630 milljóna króna. Umfang stuðningsins er í fullu samræmi við þær kröfur sem norskir bændur höfðu sett fram í samningaviðræðum við stjórnvöld.

Aukinn stuðningur við norska bændur er þrískiptur. Alls fara 9.143 milljónir kr. í stuðning vegna hækkunar á tilbúnum áburði, 2.039 milljónir kr. vegna hækkunar á byggingarefni og 128 milljónir kr. í stuðning við ávaxta- og berjarækt. Sem dæmi um hvernig þessi stuðningur kemur við rekstur bænda, þá hækkar stuðningur við hvern hektara sem er í ræktun (Kulturlandskapstilskudd) um 7.950 kr./ha úr 24.300 í 32.250 kr./ha. Stuðningur við kornrækt (Arealtilskudd, korn) hækkar um 4.800 kr./ha úr 32.550 í 37.350 kr./ha, þó er það breytilegt eftir svæðum. Gripagreiðslur fyrir þá sem eiga 15-30 mjólkurkúr (Tilskudd husdyr – Melkeyr) hækkar um 6.000 ÍSL kr./grip. Fer úr 49.230 í 55.230 kr./grip.

**Þátttaka hagsmunasamtaka í opinberri umræðu**

Athygli vekur að í greinargerð sem fylgir

fréttatilkynningu um aukinn stuðning við norska bændur er þess getið sérstaklega að samningsaðilar, sem eru bændur og stjórnvöld, telja að þar sem 2/3 tekna bænda koma í gegnum afurðaverð þurfi tekjuauki bænda líka að koma úr þeirri átt.

„Partene viser samtidig til at om lag 2/3 av jordbrukets inntekter er markedsinntekter og at økning i markedsinntektene også må bidra til inntektsdannelsen.“

Þetta er sérstaklega áhugavert með hliðsjón af því að íslenska Samkeppniseftirlitið sendi út fréttatilkynningu á dögunum þar sem „brýnt er fyrir forsvarsmönnum hvers konar hagsmunasamtaka í atvinnulífinu að taka ekki þátt í umfjöllun sem tengist verðlagningu eða annarri markaðshegðun fyrirtækja“.

Bændur, líkt og aðrir atvinnurekendur og launafólk, hafa mikla hagsmuni af því að verðhækkunar séu með þeim hætti að verðstöðugleika sé ekki ógnað. Lágir vextir eru mikið hagsmunamál fyrir íslenskan landbúnað.

Fyrir liggur að fjárfesta þarf í landbúnaði á næstu árum til þess að standast sívaxandi kröfur um aðbúnað búfjár og til þess að auka verðmætasköpun.

Það er hlutverk samtakanna að fram fari upplýst umræða um áhrifaþætti sem leitt geta til áskorana á næstu misserum. Sveiflur á aðfangaverði eru engin nýmæli, það sem eru nýmæli er að svo virðist sem öll aðföng hækki samtímis. Upplýst og fagleg umræða um slíkt er til þess fólgin að draga úr áhrifum verðhækkana þannig að bændur geti gripið til ráðstafana að því marki sem það er hægt. Bændasamtökin munu, hér eftir sem hingað til, halda áfram að ræða hagsmunamál bænda og stuðla að upplýstri umræðu um landbúnað.



ÍSLAND ER LAND ÞITT



Um Hellisheiði eystri liggur fjallvegur milli Fliótsdalshéraðs og Vopnafjarðar. Hún nær 656 metra hæð og er víðsýnt af henni á björtum dögum. Þessi leið lokast iðulega á vetrum, en vegurinn um hana á milli Vopnafjarðarkauptúns og Egilsstaða er 92 km. Nokkrar jarðgangaleiðir hafa verið skoðaðar milli þessara byggðarlaga, en vetrarfær hringvegur um Háreksstaðaleið er um 135 km. Um jarðgöng yrið leiðin 84 km. Oftast hefur þó verið miðað við 6,3 km löng jarðgöng úr 100 metra hæð yfir sjó í Frökkudal og sömu hæð ofan við Torfastaði.

Mynd / Hörður Kristjánsson

Fluttu inn nýja veiðihundategund, German hunting Terrier:

# Gríðarlega öflugir í veiði en líka þægilegir heimilishundar

„Þetta er gríðarlega öflugir veiðihundar og eru að auki afskaplega góðir og meðfærilegir,“ segir Unnsteinn Guðmundsson um nýja veiðihundategund, German hunting Terrier, sem hann og eiginkonan, Mandy Nachbar, fluttu inn frá Ítalíu. Unnsteinn hefur mikið notað hundana til minkaveiða í nágrenni við Grundarfjörð þar sem hann býr og hafa þeir reynt einkar vel. Minkalaust er á svæðinu umhverfis hans heimabyggð.

„Ég kynntist þessari hundategund fyrst þegar ég var á villisvínaveiðum í Þýskalandi fyrir þremur árum,“ segir Unnsteinn um fyrstu kynni sín af hundunum. „Ég hreifst strax af þessum hundum, þeir eru mjög duglegir og sérlega þefvísir.“

Í kjölfarið fór Unnsteinn, sem er mikill veiðimaður, bæði á fiska og fugla að kanna möguleika á að flytja hunda af þessari tegund til landsins en hér hafa þeir ekki verið áður. Hann er einnig mjög liðtækur í minkaveiðum og hefur stundað hana frá unglingsaldri. Oft kemur fyrir þegar Unnsteinn er á fuglaveiðum að minkar veiðist í sömu ferð. Minkaveiðihundar sem hér eru segir hann einkum vera ýmiss konar blendinga og misjafna að gæðum, sumir reynt ágætlega en aðrir síður.

## Ekki sátt fyrr en góðir ræktendur fundust á Ítalíu

„Við fórum að leita að ræktendum þessarar hundategundar í Evrópu en sú leit tók langan tíma, eða um tvö ár, við fundum ekki góða ræktendur, við leituðum víða en vorum aldrei fyllilega sátt. Ekki fyrr en við duttum niður á þessa sem við höfum átt samskipti við og eru á Norður-Ítalíu, þar á bæ er allt til fyrirmyndar að okkar mati,“ segir hann en þau hjónin fluttu inn hunda úr þeirri ræktun. Nefnir hann sem dæmi um hversu öflugir veiðihundar þetta kyn er að ták sem þau fengu hefði veitt minka sama dag og hún var laus úr sóttkví.

## Halda svæðinu minkalaus

„Þetta eru magnaðir hundar, einstaklega öflugir í veiði, mjög orkumiklir og þefvísir en þeir eru líka þægilegir heimilishundar, barngóðir og ljúfir. Þeir búa yfir mörgum kostum,“ segir Unnsteinn sem notið hefur liðsinnis hunda við minkaveiðar í námunda við Grundarfjörð með þeim árangri að svæðið er svo til minkalaust. „Það þýðir ekki neitt að fara eina ferð á ári til að halda mink í skefjum, það þarf að fara mun oftar,“ segir hann og nefnir að hann og fjölskyldan hafi að líkindum farið þetta 80 og upp í 100 ferðir á ári til minkaveiða. „Þetta er fjölskyldusport, það hafa allir gaman af þessu. Útveran er mikil og hreyfingin og svo er smá spennan í bland,“ segir hann. Unnsteinn segir að þó minkur sé lítill og lágfóta sé yfirferðin gríðarleg, þeir komist auðveldlega yfir 30 til 50 kílómetra á sólarhring og þeir eru alltaf á ferðinni. Hann hefur séð mörg dæmi um það mikla tjón sem minkar geta valdið í lífríkinu og nefnir að hann hafi eitt sinn verið of seinn að ná læðu sem hann vissi um í varplandi. Eftir hana lágu um 500 egg og fjöldinn allur af æðarungum. „Minkurinn er skaðræðisskepna og ég hef oft séð hvað hann getur valdið miklum skaða í æðarvörpum þannig að það er mikilvægt, finnst mér, að halda stofninum í skefjum,“ segir hann.

Unnsteinn og Mandy eiga nú þrjú hunda, Kolku, Ask og Grimm, og fá einn til viðbótar úr



Unnsteinn Guðmundsson með hundinn X, sem er af tegundinni German hunting Terrier. Þeir eru mjög öflugir til minka- og refaveiða.



German hunting Terrier-hundar búa yfir mörgum kostum, auk þess að vera öflugir veiðihundar eru þeir líka ljúfir og þægilegir heimilishundar.



Ekki ónytt undirlagið sem þessum flottu German hunting terrier-hundum er boðið upp á. Sjálf Bændablaðið.



Ari með annan af tveimur minkum sem þeir veiddu í stíflugarði við Lárós.

ræktuninni á Ítalíu í janúar næstkomandi. Þau hafa fengið nokkra hvolpa liðin misseri og eru nokkrir German Hunting Terrier til hér og hvar á landinu. /MPP



Mandy með þrjú af fimm börnum sínum. Þau Ara, Tinnu og Lydíu Rós.

## MÆLT AF MUNNI FRAM

285

Til upplýsingar, þá höfum við hjónin rekið ferðabjónustu í tveimur húsum hér í Kotabyggð. Annað þessara húsa nefnum við Einarstaði, enda keyptum við húsið af Einari Kolbeinssyni í Bólstaðarhlíð fyrir um 4 árum. Nú fyrir fáum dögum bókaði Lindsey nokkur frá Bandaríkjunum gistingu í Einarstaðum. Rifjaðist þá upp atvik frá þeim tíma er Einar rak þar ferðabjónustu að hann hringdi til mín og bað mig að ganga ofan til gesta sem gistu þar. Stírdleiki væri slíkur í hurðalæsingunni að vart væri gengt um útidyrnar. Gekk ég ofan með smurefni. Til dyra kemur glaðleg hnáta, Lindsey að nafni. Gjörði ég nú sem Einar bað, og liðkaði upp læsinguna og kvaddi með vinskap. Einari sendi ég svo stöðuskýrslu:

*Lindsey draumaleigjandinn  
lauk upp sínum hurðum,  
og skrárgataskoðarinn  
skilaði þeim smurðum.*

Flaug mér eitt augnablik í hug, hvort Lindsey væri hér aftur komin eftir 4 ár til að vitja velgjörða minna forðum. Einar Kolbeinsson hafði fréttir af þessu, og sendi óðar kveðju:

*Ef menn hafa eitthvert vit,  
ekki að honum spyrja,  
því Árni sýnir alltaf lit  
ef að þarf að smyrja.*

Mér þótti við Einar vegna þessara ummæla, enda dreifði hann þeim á opinbera síðu:

*Álitsgjafann Einar skil  
öfundina kyrja,  
sem á engin efni til  
ef að þarf að smyrja.*

Er nú kyrrt um hríð, þar til Einar hringir, og finn ég strax að eitthvað er honum þungt fyrir brjósti, en Einar og hans ástumkær Freyja reka heilmikla ferðabjónustu heima í Bólstaðarhlíð. Segir hann mér, nokkuð móður, að amerískt þar, sem bókað hafi 4 nætur hjá sér, hafi yfirgefið svæðið með þeim orðum að þar væri engar norðurljósa að vænta, og byggðust þau halda lengra norður til gistingar við Eyjafjörð. Fátt var því um kveðjur. Skömmu eftir símtal okkar Einars kemur bókun hjá okkur Petru til 3ja náttu. Er þar þá komnir fyrrum gestir Einars, og tókum við þeim fagnandi. Lét ég Einar strax vita af bókuninni:

*Grátandi beiddust hér gistingar  
því gríðastað annan þurftu,  
þetta indælis ektapar  
sem Einar hrakti í burtu.*

Mjög var ég viðbúinn eftirmálum frá Einars hendi, enda buldi í símanum þegar kveðjan kom:

*Úr því hýsir argan gest,  
ættir kannski að spyrj'ann,  
hvort ekki væri allra best  
að þú myndir smyrj'ann.*

Skömmu eftir áramótin síðustu kom Einar hingað til sjósóknar. Þrýðilega var hann búinn andlegu föðri, og sendi ákaft í símann minn:

*Uni glaður einn á sjó,  
ekki sála nærri,  
en skelfilega skítt er þó  
að skipstjórinn er fjarri.*

Ég var einmitt þá að smala saman í vísnaþátt, og hvatti skáldið mjög til kveðskapar. En núna þegar ég fer að skoða vísur Einars frekar, sýnist mér að þær verði hvorki mér né lesendum til nokkurs ágætis, en get þó kannski nýtt lokavísu Einars:

*Óðar þverra andann finn,  
orða þrotið gjálfur,  
svo kannski þarftu karlinn minn  
að klára þátinn sjálfur.*

Umsjón:  
Árni Geirhjórtur Jónsson  
kotabyggd1@gmail.com



## FRÉTTIR

Drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu:

# Hörð gagnrýni á reglugerðardrög umhverfis- og auðlindaráðuneytis

– Talað um algert samráðsleysi, skriður sagðar flokkaðar sem rofið beitiland og fráleit skilyrði séu sett við dreifingu búfjáraður

Drög að reglugerð frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu hefur verið í umsagnarferli í samráðsgátt stjórnvalda. Greinilegt er af fjölda umsagna að reglugerðardrögin eru mjög umdeild.

Fjöldi bænda hefur gert athugasemdir við reglugerðardrögin. Í athugasemd sem Bændablaðinu hefur borist er sagt að þetta séu verstu reglugerðardrög sem viðkomandi hafi augum litið en þau séu orðin mörg á undanförunum 40 til 50 árum.

Landgræðslulög voru samþykkt á Alþingi í desember 2018. Markmið landgræðslulaga er að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Aðdraganda að þessum lögum má rekja allt til ársins 2011 þegar Svandís Svavarsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, skipaði nefnd um endurskoðun landgræðslulaga. Í reglugerðardrögunum um sjálfbæra nýtingu er Landgræðslunni ætlað að meta ástand lands, árangur af gróður- og jarðvegsvernd og eflingu og endurheimt vistkerfa með tilliti til mismunandi landnytja.

## Algert samráðsleysi, ekkert samtal

Sveitarstjórn Rangárbings eystra gagnrýnir þau vinnubrögð sem höfð voru við vinnslu reglugerðarinnar en algert samráðsleysi var við þá vinnu. Sveitarstjórn leggst því alfarið gegn því að reglugerðin verði samþykkt óbreytt og án frekara samráðs við hagsmunaaðila. Undir þessa gagnrýni ritar Lilja Einarsdóttir sveitarstjóri. Segir hún að ekkert samtal hafi átti sér stað við sveitarstjórn Rangárbings eystra þrátt fyrir að fram komi í 11. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018 að:

„Ráðherra skal setja reglugerð með það að markmiði að tryggja sjálfbæra landnýtingu, sbr. 9. gr., með leiðbeiningum og viðmiðum þar að lútandi sem taki mið af ástandi lands, m.a. varðandi beit búfjár, umferð fólks og ökutækja, framkvæmdir



Fjöldi bænda hefur gert athugasemdir við reglugerðardrögin. Þá leggst sveitarstjórn Rangárbings eystra alfarið gegn því að reglugerðin verði samþykkt óbreytt og án frekara samráðs við hagsmunaaðila. Mynd / HKR.

og akuryrkju. Landgræðslan gerir tillögur að slíkum leiðbeiningum og viðmiðum að höfðu samráði við hlutaðeigandi stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni. Ráðherra birtir opinberlega drög að leiðbeiningum og viðmiðum og skal frestur til að skila athugasemdum vera að lágmarki fjórar vikur.“

Ekkert erindi barst heldur sveitarfélaginu um að drögin væru komin í umsagnarferli og þaðan af síður óskað formlega eftir umsögn um málið. Það geta varla talist ásættanleg vinnubrögð í máli sem þessu sem er þungavigtarlag og getur haft veruleg áhrif á atvinnuögleika í sveitarfélagi þar sem landbúnaður er ein stærsta atvinnugreinin.“

## Skortir faglegan grunn og óskýrleiki viðmiða er áberandi

„Sveitarstjórn Rangárbings eystra bendir á að í efnistöðum reglugerðarinnar skortir faglegan grunn að nokkru leyti, auk þess sem faglegri nálgun við matið er mjög

ábótavant. Grunnögn vantar til að framfylgja beitarviðmiðum, eða svokölluð vistgetukort, auk þess sem þróun gróðurfars er ekki metið inn í viðmiðin sem þó hlýtur að vera meginmælikvarði á sjálfbæra þróun um not beitilanda.

Óskýrleiki viðmiða er áberandi, erfitt er að átta sig á hvað eru tilmæli, hvað eru reglur og hvað leiðbeiningar, sem leiðir til þess að afar erfitt er að koma auga á hver raunveruleg áhrif reglugerðarinnar verða fyrir atvinnulíf og samfélag.

## Ekki er að nokkru leyti lagt mat á kostnað

„Ekki er að nokkru leyti lagt mat á kostnað sem af þessu mun leiða en það má augljóslega gera ráð fyrir auknum kostnaði hjá sveitarfélaginu vegna krafna um auknið eftirlit og umsagnir. Ljóst má vera að reglugerð sem þessi mun hafa neikvæð áhrif á fjárhag sveitarfélagsins í því landbúnaðarhéraði sem Rangárbing eystra er. Ef reglugerðardrögin verða samþykkt óbreytt verður landbúnaði verulega þröngur stakkur sniðinn og við blasir að einhverjir munu þurfa að minnka bústofn sinn og draga saman rekstur. Á sama tíma mun rekstrarkostnaður þeirra aukast vegna reglugerðarinnar, því væntanlega þurfa bændur að bera kostnað af kröfum um landbótaáætlanir og 5 ára lögbundnu eftirlit Landgræðslunnar.

Sveitarstjórn Rangárbings eystra leggst því alfarið gegn því að reglugerðin verði samþykkt óbreytt og án frekara samráðs við hagsmunaaðila.“

## Skriður flokkaðar líkt og um mjög rofið beitiland

Dr. Ólafur R. Dýrmondsson gerir margar mjög alvarlegar athugasemdir við reglugerðardrögin. Bendir hann m.a. á viðauka I, 2. grein og segir:

„Há fjöll og fell, hátt yfir sjávarmáli og með miklum landhalla, víða um land, er ekki raunhæft að girða frá öðru landi. Þar er heldur ekki raunhæft að banna lausagöngu sauðfjár og geitfjár. Mjög lítið beitarálag er á þessum stöðum og fer minnkandi. Sé miðað við endurheimt landgæða í slíku hálendi byggist hún mest á hitastigi,



Dr. Ólafur R. Dýrmondsson.

þ.e.a.s. gróðurmörkin færast ofar með hlýnandi loftslagi. Beitarfriðun stórra fjallgarða og hálendissvæða á ýmsum stöðum á landinu tel ég nær undantekningarlaust óþarfa og óframkvæmanlega.

Hin meingallaða rofflokkun, sem upphaflega kom frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og m.a. Búnaðarfélag Íslands gerði athugasemdir við á sínum tíma, er látin skína skært í reglugerðardrögunum. Sem dæmi um slíka flokkun má nefna Flyðurnar í Hafnarfjalli og Hvammsskriður í Vatnsdal, þar sem grjót hrynur undan eigin þunga. Slíkar skriður eru flokkaðar líkt og um mjög rofið beitiland væri að ræða þótt um þær sé ekki fært nema fuglinum fljúgandi og stöku kletta- og fjallaklifrunum.

Á meðal kosta við að hafa hálendissvæðin opin fyrir minni háttar beit er hömlun eða stöðvun útbreiðslu ágengra plantna á borð við Alaskalúpínu og kerfil.

Með tilliti til vaxandi ferðabjónustu og frjálsrar farar útivistarfólks á hálendum svæðum tel ég girðingar umfram varnargirðingar Matvælastofnunar óæskilegar.“

## Fráleit skilyrði um bann við dreifingu búfjáraður

Þá bendir Ólafur á Viðauka II, 4. grein og segir:

„Dreifing búfjáraður skal skv. reglugerðardrögunum vera óleyfileg á öllu landi innan við 50 metra fjarlægð frá vötnum, ám, lækjum og skurðum. Að mínum dómi þarf að endurskoða slík ákvæði rækilega.

Búfjáraður er af ýmsu tagi og hann er borinn á ræktunarland í margvíslegu formi, allt frá mikið vatnsblandaðri mykju eða jafnvel kúahlendi, yfir í safnhaugaður og moltu með háu þurrefni sem venjulega dregur stórlega úr mengunarhættu.

Hvað lífræna ræktun varðar eru 50-metra fjarlægðarmörkin, frá t.d. framræsluskurðum, algjörlega fráleit enda mest notaður búfjáraður úr safnhaug eða molta úr búfjáraður og öðrum hráefnum, svo sem efnivið sem fellur til við lífræna akuryrkju.“

## Framkvæmd reglugerðar yrði mjög erfið og kostnaðarsöm

Síðan kemur Ólafur með almennar ábendingar sem eru mjög alvarlegar hvað varðar samningu þessara reglugerðardröga. Þar segir:

- 1) Áður en lengra er haldið við reglugerðarsmiðina tel ég eðlilegt að ráðuneytið geri þá sanngjörnu kröfu til Landgræðslunnar að hún taki fyrir a.m.k. 3-4 beitar-svæði með fjölbreytilegu landslagi og gróðurfari, setji upp raunveruleg dæmi þar sem beitararmsreglunum í VIÐAUKA I er beitt, og hafi fullt samráð við staðkunnugt fólk á hverjum stað svo að beitaragan fari ekki á milli mála.
- 2) Drögin bera þess merki að íslenskt búvísindafólk þurfi að koma meira að samningu reglugerðarinnar, sérstaklega að endurskoðun texta leiðbeininga og viðmiða sem sett eru fram í drögunum.
- 3) Þótt ljóst sé að lífræn ræktun, og búskapur sem byggist á henni, falli sérlega vel að sjónarmiðum umhverfisverndar, líffræðilegrar fjölbreytni og aðgerða til að létta kolefnisfótspor landbúnaðar, er hún ekki skilgreind eins og áður hefur verið bent á. Úr þessu þarf að bæta, m.a. með hliðsjón af ESB-reglugerðum sem áður var vikið að og Ísland hefur staðfest.
- 4) Í heildina tel ég reglurnar óþarflega flóknar og við lestur þeirra hafa vaknað grunsemdir hjá mér um að sumir textarnir séu beinar þýðingar úr erlendum textum. Að ýmsu leyti hefur landnýting hér nokkra sérstöðu miðað við flest nágrannalöndin og hætt er við að framkvæmd reglugerðarinnar í núverandi formi yrði mjög erfið og kostnaðarsöm. Hún gæti jafnvel skaðað íslenskan landbúnað, stuðlað að frekari byggðaröskun og fækkun bænda og þar með veikt fæðuöryggi þjóðarinnar.
- 5) Flest horfir nú til bóta hvað viðvíkur áhrifum landbúnaðar á umhverfi hér á landi. Þegar öllu er á botninn hvolft verða bændur alltaf bestu vörslumenn landsins. Því er mikilvægt að yfirvöld haldi áfram á þeirri braut að viðhalda og byggja upp frekara traust og samvinnu við bændastéttina.“

## Styrkir til þróunarverkefna í nautgriparækt

– Sérstök áhersla á að styrkja loftslagstengd verkefni

Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið hefur opnað fyrir umsóknir um styrki til þróunarverkefna í nautgriparækt.

Samkvæmt upplýsingum frá Jóni Baldri Lorange, sérfræðingi í atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu, á ráðstöfun styrkja til þróunarverkefna í nautgriparækt sér jafnan stað tvisvar á ári, en nú hefur verið ákveðið að auglýsa þriðju úthlutunina á árinu með umsóknarfresti til og með 1. desember 2021.

„Heildarfjárhæðin til ráðstöfunar á árinu 2021 vegna þróunarverkefna í nautgriparækt er um 44 milljónir króna, þar af 30 milljóna króna aukafjármagn sem framkvæmdanefnd búvörusamninga samþykkti að ráðstafa samkvæmt 6. grein samnings um starfsskilyrði í nautgriparækt. Styrklöforð vegna fyrstu úthlutunar umsókna sem bárust 1. maí 2021 var alls um 22

milljónir króna og úthlutun vegna umsókna sem bárust þann 1. október voru um 7 milljónir króna,“ segir Jón Baldur.

## Áhersla á loftslagstengd verkefni

„Sérstök áhersla verður lögð á loftslagstengd verkefni við úthlutun. Fagræð í nautgriparækt gefur umsagnir um allar umsóknir sem berast, eftir því sem við á. Ákvörðun um úthlutun styrkja skal tekin með hliðsjón af umsögn fagræðs, sem leggur faglegt mat á umsóknir um styrk,“ segir Jón Baldur enn fremur.

Þessir styrkir eru auglýstir samkvæmt áttunda kafla reglugerðar nr. 430/2021 um almennan stuðning í landbúnaði, en hægt er að senda tölvupóst á netfangið postur@anr.is til að fá nánari upplýsingar um styrkina. Umsóknum skal skila rafrænt í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins. /smh



# Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu Fjarðarkaupum, Krónunni og Nettó Ókeypis heimsending af [www.eylif.is](http://www.eylif.is)



Stefán Torfason

Stefán Torfason er sterkasti maður Íslands 2021. Hann stundar aflraunir á heilbrigðan hátt með hreinum íslenskum fæðubótarefnum.

Aflraunamaðurinn Stefán Torfason kynntist **Happier GUTS** og **Active JOINTS** bætiefnunum frá Eylíf í gegnum móður sína. Hann finnur mikinn mun á sér eftir að hann hóf að taka inn bætiefnin en sportinu fylgir mikið álag á líkamann.

Stefán er sterkasti maður Íslands árið 2021. Hann stundar stífar æfingar á hverjum degi og þegar hann er ekki að æfa er hann að hugsa um næstu æfingu hvernig hún geti verið sem best. „Ég set rosalega mikið álag á hnén á mér, olnboga og mjaðmir í öllum þessum þungu lyftingum og barsmíðum sem maður er að setja líkamann á sér í gegnum. Ég finn mikinn mun á fótleggjunum mér og olnbogum. Ég þjást mikið af bólgum sérstaklega í olnbogum og þær hafa minnkað alveg rosalega. Þetta er í raun að halda mér gangandi, ég get æft af miklum ákafa eftir að ég fór að taka **Active JOINTS** reglulega,“ segir Stefán. „Það var móðir mín sem kynnti mig fyrir þessum bætiefnum frá Eylíf. Ég prófaði þau fyrst hjá henni, svo var ég í Krónunni einhvern tímann og sá þau og keypti þau þar. Ég hef ekki hætt að taka þau inn síðan. Mér finnst þau virka vel fyrir mig, mér finnst ég finna mun þegar ég er ekki að taka þau inn. Þetta kemur sér vel í þessu sporti sem ég er í.“

Auk **Active JOINTS** tekur Stefán inn **Happier GUTS** sem hann segir einstakt efni fyrir mann eins og hann, sem þarf að borða rosalega mikið.

„Ég er að lyfta alls konar grjóti, keppa í réttstöðulyftu og draga vörubíla. Ég þarf að borða nánast 7000 kalóríur á dag. Það er ekki hollt fyrir þig til lengdar. Þú verður þrútin og uppblásinn, þér getur verið humbult allan daginn. En eftir að ég fót að taka inn **Happier GUTS** þá líður mér miklu betur í líkamanum. Það hefur svo mikil áhrif á svo margt þegar þú ert

ekki svona þungur á þér og þér er ekki illt í maganum. Þú ert bara glaðari yfir daginn,“ útskýrir Stefán. „Aflraunir eru mjög óheilbriggt sport fyrir líkman en ég vil auðvitað stunda það á sem heilbrigðastan hátt. Þá verður maður að hugsa um allar hliðar næringarlega séð. Ef maður finnur einhver svona bætiefni sem hjálpa þá notar maður þau hiklaust.“

Stefán segist hiklaust með með **Happier GUTS** og **Active JOINTS**. „Þetta er ekki bara fyrir fólk eins og mig sem stundar lyftingar. Móðir mín hefur líka tekið þetta inn í dálítinn tíma og hún finnur mikinn mun á sér. Þetta er í raun fyrir alla.“

## Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fjórar vörur, **Active JOINTS**, **Stronger BONES**, **Smoother SKIN & HAIR** og nýjasta varan er **Happier GUTS**, allt vörur sem hafa reynst fólk vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæðahráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matis.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra“ segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.“

„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna, **Happier GUTS**“ segir Ólöf Rún.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungur frá Bildudal
- Smáþörungur (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellsheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

## Hreint óerfðabreytt hráefni Íslensk framleiðsla Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Hartmann Guðmundsson

Hartmann Kristinn Guðmundsson er rúmlega sextugur hjólréiðakappi sem hefur verið að glíma við óþægindi í liðum undanfarnin ár. Hann segist finna góðan mun á sér eftir að hann fór að taka inn **Active JOINTS** frá Eylíf, bætiefni úr náttúrulegum innihaldsefnum úr íslenskri náttúru.

Hartmann hefur stundað hjólréiðar markvisst í nokkur ár en hnévandamál hafa sett strik í reikninginn. „Ég er með léleg hné og er búinn að fara í nokkrar aðgerðir,“ segir Hartmann. „En ég hef verið að nota **Active JOINTS** núna í dálítinn tíma og það hefur gert mér kleift að hjóla án óþæginda. Ég var alltaf að drepast úr verkjum áður, bæði meðan ég hjólaði og eftir álag, en núna finn ég varla fyrir því.“

Hartmann segist einnig hafa fundið fyrir óvæntum jákvæðum áhrifum eftir hann fór að taka inn **Active JOINTS**. „Ég var lengi búinn að vera frekar slæmur af brjóstsviða en hann hefur minnkað eftir að ég fór að taka inn þessi bætiefni, það var alveg óvænt. Þetta hefur líka haft jákvæð áhrif á hendurnar ég var oft að fá verki í þær undir álagi, en það er lítið um það núna. Þetta virkar náttúrulega á alla liðina. Ég upplifi þetta eins og verið sé að smyrja liðina“ segir Hartmann, sem er alls ekki á því að hætta að nota **Active JOINTS**. „Það er alls ekki á dagskrá, maður er orðinn alveg húkkt á þessu,“ segir hann og hlær.

Hartmann tekur þrjú hylki á dag, yfirleitt á morgnana og segir að ef hann verði uppiskroppa með bætiefnið þá líði kannski vika þar til hann byrjar að finna fyrir verkjum aftur.

Hartmann hefur keppt í hjólréiðum í aldurshópnum 60 plús en í júlí keppti hann í KIA gullhringnum og vann fyrstu verðlaun. „Það voru 15 sem tóku þátt í 60 plús flokknum, sumir mjög öflugir svo ég var mjög ánægður með sigurinn. Um helgina hjólaði ég svo 205 kílómetra og fann ekki fyrir neinu eftir það. Þetta hefði ekki verið séns áður en ég fór að taka inn **Active JOINTS**,“ segir Hartmann ánægður.





# Garðyrkja

## Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna

Allt frá fræjum til umbúða



**SAMHENTIR**  
UMBÚÐALAUSNIR

Frjó umbúðasalan, hluti af  
Samhentum síðan 2016

<http://www.samhentir.is/is/thjonusta/gardyrkjudeild>

Suðurhraun 4, 210 Garðabæ, sími 575 8000, [www.samhentir.is](http://www.samhentir.is), [sala@samhentir.is](mailto:sala@samhentir.is)

## ÞARFT ÞÚ NÚNA AÐ SKRÁ VINNUVÉLINA?

Eigendur vinnuvéla, **sem ætlaðar eru til aksturs í umferð**, þurfa nú að skrá þær í ökutækjaskrá og setja á þær skráningarmerki til auðkenningar\*.

Vinnueftirlitið annast allar skráningar og eigendaskipti á vinnuvélum.

Sótt er um skráningu vinnuvéla sem ætlaðar eru til aksturs í umferð á Mínum síðum á vef Vinnueftirlitsins.

**Nánari upplýsingar á [vinnueftirlitid.is](http://vinnueftirlitid.is).**



\* Reglur um skráningu vinnuvéla koma fram í umferðarlögum nr. 77/2019 og reglugerð 751/2003 um skráningu ökutækja.

## FRÉTTIR



Flugfélagið Ernrir flýgur nú fleiri ferðir en áður milli Reykjavíkur og Húsavíkur, 10 ferðir alls í stað 6 áður og eiga heimamenn þess nú kost að fljúga fram og til baka samdægurs á virkum dögum.

## Ernrir fjölgað flugferðum til Húsavíkur úr 6 í 10: Gleðiefni því tvísýnt var um tíma hvort yrði flogið

— segir Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar

Flugferðum milli Húsavíkur og Reykjavíkur hefur verið fjölgað úr 6 ferðum á viku í 10. Breytingar tóku gildi 1. október síðastliðinn. Með breyttri áætlun gefst fólki kostur á að fljúga fram og til baka samdægurs fjórum sinnum í viku, en tvær ferðir eru í boði frá mánudegi til fimmtudags, að morgni og síðdegis. Á föstudögum og sunnudögum verður áfram ein ferð hvorn dag.

Flugfélagið Ernrir flýgur á þessari áætlunarleið og notar hraðflýgar skrúfupotur í þetta verkefni, ýmist 19 sæta Jetstream eða Dornier sem tekur 32 í sæti, allt eftir farþega fjölda í hvert flug.

„Þetta er mikið gleðiefni fyrir okkur á Húsavík og nágrenni og við höfum barist fyrir því að halda þessari flugleið opinni. Það var ansi tvísýnt um tíma, en sem betur fer er flug í boði á þessum legg og það er mikið notað,“ segir Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar á

Húsavík, en félagið beitti sér mjög fyrir því fyrir á árinu að flugið yrði ekki lagt niður. „Þetta var mikil barátta og þess vegna er einkar ánægjulegt að lykktir málsins yrðu þær að ferðum er fjölgað í stað þess að leggja niður flug frá Húsavík.

### Flugið vel nýtt

Aðalsteinn segir að Framsýn kaupir umtalsvert magn af flugmiðum sem félagsmenn geti keypt af félaginu á kostnaðarverði. Hann segir kjörin góð, betri en þau sem bjóðist með svonefndri Loftbrú. „Þetta er mikið notað og gaman að segja frá því að eldra fólk nýtir sér í ríkum mæli að komast suður í heimsóknir til barna og barnabarna og taka þátt í ýmsum fjölskyldusamkomum. Margt eldra fólk þolir illa langar bílferðir og flugið því góður og hentugur kostur. Þetta fólk kann vel að meta að komast beint frá Húsavík,“ segir Aðalsteinn. /MPÞ



Aðalsteinn Árni og Ósk afhentu gjöfina í höfuðstöðvum Þingeyjar þar sem nokkrir félagar í sveitinni voru saman komnir. Mynd / Framsýn

## Björgunarsveitin Þingey fær fé til kaupa á búnaði

Framsýn hefur afhent Björgunarsveitinni Þingey 250 þúsund krónur til kaupa á björgunarbúnaði fyrir sveitina á svæðinu, íbúum og öðrum vegfarendum til öryggis.

Með gjöfinni vill félagið jafnframt þakka björgunarsveitinni fyrir

óeigingjörn störf í þágu samfélagsins. Það voru forsvarsmenn Framsýnar, þau Aðalsteinn Árni Baldursson og Ósk Helgadóttir, sem afhentu Steinari Karli Friðrikssyni, formanni Þingeyjar, gjöfina, en höfuðstöðvar Þingeyjar eru á Melgötu 9. Ljósavattnsskarði. /MPÞ

Steingrímur Viktorsson, búfræðingur og kjötiðnaðarmeistari:

# Kallar eftir sauðakjöti á íslenska markaðinn

„Ef boðið væri upp á sauðakjöt í búðum myndi ég alltaf velja það fram yfir hrútlambakjöt vegna hrútabragðsins,“ segir Steingrímur Viktorsson, sem telur að pottur sé víða brotinn í vinnslu á lambakjöti og vill kjöt af sauðum á markað.

Útflutningur sauða til Bretlands á 19. öld er þekktur þáttur í landbúnaðarsögu Íslands. Sagt er að um 90.000 sauðir hafi verið fluttir út eitt árið en ástæða þess er rakin til matarskorts í kjölfar hagbyltingar á stóra Bretlandi, þegar vinnukraftar fólks voru nýttir í verksmiðjur frekar en í búskap. Enn fremur þekktist að halda gripum á lífi í fleiri ár en nú er venjan. Var það ekki síst til að geta nýtt mör sem ljósmeti og orku. Eins voru geymslurými eins og frystikistur ekki til staðar. Í dag er venjan sú að slátra hrútlömbum að hausti, nokkurra mánaða gömlum. Þessu vill búfræðingurinn og kjötiðnaðarmeistarinn Steingrímur Viktorsson breyta.

Steingrímur segist hafa þekkingu og reynslu af sauðfjárrækt frá haga ofan í maga en hann eyddi starfsævi sinni innan kjötiðnaðar og hefur unnið bæði í slátruhúsum, kjötvinnslu og í kjötborði í verslun. Hann segist því þekkja kjöt meira en margur og er talsmaður þess að auka við fjölbreytni í úrvali kindakjöts.

### Seigla og hrútabragð

Steingrímur gagnrýnir kjötgæði hér á landi sem hann segir orsakast af óvönduðum vinnubrögðum í slátruhúsum.

„Sum slátruhúsin eru orðin of stór og mikil. Ég sé enga heila brú í því að keyra lömb 500 km í slátruhús. Þau koma dauðþreytt og undir álagi í slátruhúsið. Eftir slátrun fær kjötið ekki að hanga nóg. Þeir eru með sérstaka raförvun til að flýta fyrir dauðastirðnun, þannig að hægt sé að setja það fyrir í frysti. Þá kemur herping á kjötið sem gerir allan skrokkinn óætan. Er verið að bjóða fólki erlendis sömu gæði og okkur hér í Bónus? Heldur þú að útlandingar verði



Steingrímur Viktorsson, búfræðingur og kjötiðnaðarmeistari.



Óvönduð vinnubrögð í sumum slátruhúsum orsaka seigt kjöt að mati Steingríms Viktorssonar.

ekki varir við þetta alveg eins og ég?“

Þá telur hann hrútabragð vera ágalla á íslensku lambakjöti sem hægt væri að koma í veg fyrir.

„Það er mikið talað um hrútabragð sem ég held að sé ein ástæða þess að kjötið selst ekki. Ég hef skorið kjöt mörg haust í slátruhúsi og hef fundið hrútabragð af lambhrútum í byrjun slátrurtíðar. Ég sé því fyrir mér að hrútlömb yrðu geld fyrir, jafnvel bara vikugömul.“

### Sauðakjöt allt árið um kring

Steingrímur vill sjá sauðakjöt framleitt hér á landi.

„Er ekki grundvöllur fyrir því að gelda hrútlömb eins og gert var þegar fráfarur tíðkuðust? Þetta gæti skapað vinnu hjá bónda, gefa arð í aðra hönd. Þetta þekktist í dag í Nýja-Sjálandi. Hrútabragðið yrði einnig úr sögunni. Þetta gæti enn fremur lengt slátrutíð sem myndi gera slátrun ódýrari. Mesti ávinningurinn yrði samt að kjötgæði myndu batna,“ segir hann og bætir við að auknar heimildir til heimaslátrunar ættu ekki síst að opna möguleika á slíkri vinnslu.

„Með því að gelda hrútlömbin snemma og leyfa þeim svo að ganga undir móðurinni áður en það færi í fóðrun. Með þessu opnast tækifæri á ferskt kjöt allt árið um kring sem virðist vera það sem erlendir markaðir eru að kalla eftir,“ segir Steingrímur. /ghp

## Hrútur breytist í sauð við geldingu

Orðið sauður á sér nokkuð víðtæka skilgreiningu í tengslum við sauðfjárhald á Íslandi. Á Vísindavef Háskóla Íslands segir að orðið sauður hafi tvær merkingar sem skipta máli hér.

„Annars vegar getur það þýtt vanaður (geldur) hrútur en hins vegar getur það einfaldlega þýtt (kind, sauðkind. Það er að segja hvaða einstaklingur sem er af tegundinni „tamin sauðkind“ (Ovis aries), hvort sem það er ær eða hrútur, lamb eða sauður í fyrri merkingunni.“

Á vefsíðu Fræðaseturs um forystufé má t.d. sjá að forystuhrútar eru geltir nokkurra mánaða eða þegar þeir eru veturgamlir. Sauður er hrútur sem hefur verið geltur, oft gert með forystuhrúta að þeir séu geltir ungrir ef ákveðið er að láta þá lifa lengur en til haustsins. Margir bændur hafa haft sauði sér til ánægju, einkum ef um sérkennileg litaafrigið er að ræða eða óvenjuleg horn. Hafa sauðirnir þá meira þótt til prýði í hjörðinni.

Fleiri útskýringar má finna á

veraldarvefnum og í fræðibókum um heiti á sauðfé á ýmsum aldurs skeiðum, þar á meðal þessar:

„Afkvæmi kinda kallast lömb, hrútlömb eru karlkyns en gimbrar kvenkyns. Fullorðin kvenkyns kind kallast ær en karlkynið nefnist hrútur. Geltur hrútur kallast geldingur fyrsta veturinn en síðar sauður. Kindur á fyrsta vetri kallast einu nafni gemlingar eða gemsar. Móðurlaus lömb sem gefið er úr pela eða flösku kallast heimalningar (þ.e. lömb sem eru alin heima). Stundum heyrst líka talað um heimaalninga eða heimalinga, heimaganga eða pelalömb. Lömb sem eru móðurlaus en fá ekki mjólk úr pela kallast graslömb.“

Málið kann að vandast hjá sumum þegar menn fara að tala um sauðamjólk, enda harla lítið af henni að hafa frá geldum hrúti. Mjólk úr ám kallast nefnilega sauðamjólk, enda fengin úr sauðfé, og sauðaostur er ein af þeim afurðum sem hægt er að vinna úr henni. /HKr.

**Bændablaðið**  
Kemur næst út **18. nóvember**

# Vetri fagnað með íslenskri kjötsúpu

Árlegum kjötsúpudegi fyrsta vetrardag var fagnað við Skólavörðustíg þar sem veitinga- og verslunarmenn ásamt bændum buðu upp á sjö kjötsúpustöðvar um allan stígin þar sem hver og einn hafði sína útgáfu af þjóðarrétti Íslendinga. Kjötsúpudagurinn er haldinn af veitinga- og verslunarmönnum á Skólavörðustíg með stuðningi bænda.

Um 5 þúsund kjötsúpuskammtar runnu ljúflega ofan í landsmenn. Kjötsúpudagurinn er ein af fyrstu sjálfsprottu hátíðunum í miðbæ Reykjavíkur. Hann hefur svo sannarlega laðað að gesti og gangandi, en þúsundir hafa alltaf tekið þátt til að bragða á hinum ýmsu útgáfum af íslenskri kjötsúpu. Mikil stemning er á Skólavörðustíg þennan dag og myndast langar raðir upp um allan stíg þar sem kjötsúpuþyrstir Íslendingar og ferðamenn fá fría kjötsúpu eins og þeir geta í sig látið.

Allir Íslendingar elska kjötsúpu, enda eiga allar íslenskar fjölskyldur sína uppáhaldsuppskrift af kjötsúpunni sinni. Hún vekur góðar minningar, kallar fram bros og yljár hjartanu, jafnt sem hún er bragðgöð, seðjandi og næringarrík.

## Íslenskar matarhefðir skipta miklu

Perla Rúnarsdóttir, veitingamaður á Café Loka, segir kjötsúpuna og aðrar íslenskar matarhefðir skipta miklu í þeirra rekstri.

„Café Loki sérhæfir sig í íslenskum mat og hefur verið trúr íslenska lambkjötinu og grænmetinu frá fyrsta degi. Við eldum kjötsúpu frá grunni alla daga ársins sem erlendir og innlendir gestir gæða sér á og lofa í hástert. Að hafa daga eins og kjötsúpudaginn er ekki bara góð auglýsing fyrir Café Loka og Skólavörðustíginn heldur líka fyrir íslenskan mat, stemningin sem myndast er svo skemmtileg og gleðin að fá heita og góða súpu leynir sér ekki. Íslendingar hafa alltaf skoðun á kjötsúpunni og það er gaman að heyra vangaveltur um hver af stöðvunum sem taka þátt eigi bestu súpuna eða hvernig kjötsúpa á yfirhöfuð að vera. Ferðamenn reka upp stór augu og vilja fá að vita hvers vegna við erum að gefa mat og eftir að hafa smakkað og dásamað súpuna þá vilja þeir oftast en ekki fá að koma og prófa fleiri alíslenska rétti og söguna á bak við íslenska matinn sem við berum fram á Café Loka.“

## Í skýjunum með þennan dag og viðtökurnar

„Við erum í skýjunum með þennan dag og viðtökurnar sem við fengum á öllum súpustöðvunum. Það var mikið þakklæti hjá Íslendingum og erlendu ferðmönnum sem áttu leið hjá og nú sem fyrr kláruðust allir súpuskammtarnir töluvert fyrir auglýstan lokunartíma svo fólk kann vel að meta þetta framtak. Örlítil rigningarskúr sem kom á tímabili virtist ekki hafa mikil áhrif og var almenn ánægja með fjölbreytni á kjötsúpustöðvunum þar sem þjóðarrétti Íslendinga var gert hátt undir höfði,“ segir Gústav Axel Gunnlaugsson, veitingamaður á Sjávargrillinu.

## Hvetja Íslendinga til að elda kjötsúpu heima

„Við hvetjum auðvitað Íslendinga til að elda kjötsúpu heima á næstunni í öllum þeim útgáfum sem leynast í eldhúsum landsmanna, og fólk haldi

þessari hefð okkar á lofti um ókomin ár. Matarmenningin okkar er auðlind sem við þurfum að hlúa að og kynna fyrir ungu fólki og erlendum gestum. Enda er ferðaþjónustan í vaxandi mæli að átta sig á mikilvægi innlendra hráefna og matarhefða til þess að þjónusta kröfuharða ferðamenn,“ segir Hafliði Halldórsson, verkefnastjóri hjá Bændasamtökum Íslands. /HKr.



Nammi ...! Um 5 þúsund kjötsúpuskammtar runnu ljúflega ofan í landsmenn fyrsta vetrardag. Kjötsúpudagurinn er ein af fyrstu sjálfsprottu hátíðunum í miðbæ Reykjavíkur.

## BÆNDUR ERU FREMSTIR Í ENDURVINNSLU

Fyrsta skref við endurvinnslu á heyrúlluplasti er að huga að gæðum þess til endurvinnslu við kaup. Þar skiptir litaval máli.

Eftir notkun þarf að ganga vel um heyrúlluplastið og sundurgreina það frá öðrum úrgangi. Minnka umfang þess og gæta að geymslu fyrir hirðu.

Þessi fyrstu skref við meðhöndlun skipta miklu máli við endurvinnslu á heyrúlluplasti.

Hringrásarhagkerfið byrjar á þínu býli.



ÚRVINNSLU  
SJÓÐUR

## FRÉTTIR

Húnaþing vestra og Strandabyggð:

## Ekki beinn ávinningur talinn af sameiningu

Byggðarráð Húnaþings vestra sér ekki fram á beinan ávinningur af sameiningu sveitarfélagsins við Strandabyggð, miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram og kynnt.

Til að meta hugsanlega framtíðarsameiningarkosti telur byggðarráð þörf á frekari viðræðum milli sveitarfélaganna, að því er segir í fundargerð ráðsins.

## Greining á öðrum kostum

Lagt var fram erindi frá Strandabyggð á fundi í liðinni viku þar sem kynntar voru niðurstöður valkostagreiningar varðandi hugsanlega sameiningu Strandabyggðar við önnur sveitarfélög, sem unnin var af RR ráðgjöf. Gögnin voru send þeim sveitarfélögum sem nefnd eru í valkostagreiningunni og óskað er eftir afstöðu þeirra til viðræðna um sameiningu við Strandabyggð. Um er að ræða Árneshrepp, Kaldrananeshrepp, Reykhólahrepp, Dalabyggð og Húnaþing vestra.

/MPP



Borgarfjarðarvegur í Múlaþingi endurbættur:

## Aukið öryggi og umferð verður greiðari

Vegagerðin hefur kynnt fyrirhugaðar framkvæmdir á tæplega 15 kílómetra löngum kafla á Borgarfjarðarvegi, á milli Eiða og Laufáss í Múlaþingi, í Eiðaþinghá að sunnan og norðanvert svæðið kallast Hjaltastadabíngi. Vegurinn verður endurbýggður með bundnu slitlagi en við það mun umferðaröryggi aukast til mikilla muna og umferð um svæðið verða greiðari en hún er nú.

Núverandi vegur er um 6,5 metra breiður, með malarfirborði og slæma hæðarlegu og því er nauðsynlegt að ráðast í endurbætur. Þegar framkvæmdum við kaflann lýkur verður komið bundið slitlag á Borgarfjarðarveg milli Egilsstaða og Borgarfjarðar eystra.

Áætluð efnisþörf nýs vegar er um 230 þús. m<sup>3</sup> og er efnistaka fyrirhuguð úr skeringum meðfram vegi og úr námusvæðum sem eru skv. skipulagi. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði endurbýggður á árunum 2021–2022 og hægt verði að taka mannvirkið í notkun haustið 2022 að því er fram kemur í skýrslu á vef Vegagerðarinnar.

## Liggur milli Egilsstaða og Borgarfjarðar eystra

Vegurinn er í sveitarfélaginu Múlaþingi sem varð til á liðnu ári með

sameiningu fjögurra sveitarfélaga; Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Tæplega 4.000 manns búa á Fljótsdalshéraði, flestir á Egilsstöðum þar sem ýmsar opinberar stofnanir eru og fjölbreytt þjónusta.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er stundaður landbúnaður og ferðþjónusta. Borgarfjarðarvegur liggur milli Egilsstaða og Borgarfjarðar eystra, sem er nyrsti fjórðurinn sem gengur inn í Austfjarðahálendið.

## Aukin umferð um veginn

Borgarfjarðarvegur flokkast sem stofnvegur af vegtegund C8. Hann er með malarslitlagi og víðast um 6,5 m breiður, en sums staðar mjórrí og annars staðar breiðari. Vegurinn liggur um mela og mólendi með klapparkollum og á honum eru krappar beygjur og blindhæðir á stórum hluta leiðarinnar.

## Veruleg umferðaraukning

Umferð á Borgarfjarðarvegi hefur aukist jafnt og þétt með árunum og má leiða líkur að því að stór hluti þeirrar aukningar sé til komin vegna fjölgunar ferðamanna til landsins. /MPP



Halldór Jóhannsson á Þórshöfn ánægður með kaup dagsins. Hann nýtir sér komur grænmetisbilsins í þorpið. Margrét Hjaltadóttir og Sara Stefánsdóttir afhenda grænmetið. Myndir / Akursel

Grænmetisbílinn á ferðinni á Akureyri:

## Viðskiptavinir með bros á vör

„Það er virkilega gaman og gefandi að hitta svona mikið af frábæru fólki á haustin, sem tekur manni með kostum og kynjum,“ segja þær Sara Stefánsdóttir og Margrét Hjaltadóttir, sem fara ferðir hingað og þangað á Grænmetisbílnum.

Sara og eiginmaðurinn, Árni Sigurðsson, ásamt foreldrum hennar eru með lífræna ræktun á rófum og gulrótum í landi Flögu í Þistilfirði, en selt er undir nafni Akursels þar sem þau voru staðsett áður. Þær hafa farið í sölufærðir til þéttbýlisstaða bæði um nágrennabyggðir og lengra til. Ræktunin í ár gekk einkar vel og var uppskera með mesta móti, sem þær stöllu segja að helst megi þakka sérlega góðu sumarveðri norðan heiða.

## Vildi prófa hvort þetta gengi hér

Hugmyndin um grænmetisbílinn kviknaði fyrir nokkrum árum, árið 2015, þegar fjölskyldan var enn með ræktun sína í Akurseli í Óxarfirði en þá var ekið til nokkurra þéttbýlisstaða, Húsavíkur og einnig til Þórshafnar og Raufarhafnar og prófað að selja beint úr bílnum, lífrænt ræktaðar rófur og gulrætur.

„Ég hafði lesið um að þessi háttur væri hafður á í Evrópu og fannst sniðugt að prófa hvort þetta



Halla Rún Halldórsdóttir er ein af dyggum viðskiptavinum Akursels. Hér er hún með þeim Margréti og Söru sem voru á ferðinni á Þórshöfn á dögnum.

gengi hér,“ segir Sara og bætir við að í fyrstu hafi umfangið verið lítið. „Þetta var bara smátt í sniðum hjá okkur fyrst.“

Árið 2017 var ræktunin flutt og þau komu sér fyrir á jörðinni Flögu í Þistilfirði. Það ár voru þau lítið á ferðinni með grænmetisbílinn. Margrét, sem ólst upp á Flögu og er frænka Söru, kom inn í dæmið árið 2018. „Við höfum verið í þessu saman síðan og höfum haft mjög gaman af,“ segja þær.

## Fleiri staðir komnir inn

Fleiri stöðum var bætt við, þær

hafa rúntað til Vopnafjarðar og síðastliðin tvö ár er farin ferð í Mývatnssveit, til Akureyrar og einnig er Vík í Mýrdal komin inn á kortið.

Áfram er farið á Þórshöfn, Kópasker og þá er vaninn að heimsækja Raufarhöfn þegar Hrutadagar standa yfir.

„Okkur er alls staðar vel tekið og við tókum sérstaklega eftir því hvað það lífgaði mikið upp á tilveruna þegar kórónuveirufaraldurinn stóð yfir og við mætum með grænmetisþokann á tröppunum. Fólk kunnir vel að meta það.“

/MPP


Þverárfjallsvegur í Refasveit og Skagastrandarvegur um Laxá:

## Framkvæmdaleyfi gefið út

Skipulagsfulltrúi Blönduósþingis og Skagabyggðar hefur gefið út framkvæmdaleyfi framkvæmda við Þverárfjallsveg í Refasveit og Skagastrandarveg um Laxá.

Framkvæmdin felur í sér byggingu nýs Þverárfjallsveg frá Hringvegi austan við Blönduós að núverandi Þverárfjallsvegi skammt sunnan við núverandi brú á Laxá. Einnig verður byggður vegur norðaustur frá nýjum Þverárfjallsvegi, yfir nýja brú yfir Laxá og inn á núverandi Skagastrandarveg norðan við Höskuldsstaði.

Um er að ræða lengingu á Þverárfjallsvegi um 8,5 km og tengingu við Skagastrandarveg upp á 3,3 km. Vegurinn verður af vegtegund C8, átta metra breiður með sjö metra breiðu slitlagi. Brú yfir Laxá í



Vegurinn um Þverárfjall.

Refasveit verður 109 metra löng, tíu metra breið með nýju metra breiðri akstursbraut. Einnig verða gerðar nýjar heimreiðar að bæjum á leið

vegarins. Allt að sjö námur verða notaðar í nágrenni vegstæðisins að því er fram kemur í frétt á vefsíðu Blönduósþingis. /MPP

Smáframleiðendur:

## Byggja upp þekkingu

Stuðningsverkefnið Matsjá hefur verið komið á fót til að efla smáframleiðendur matvæla.

Um er að ræða samstarfsverkefni Samtaka smáframleiðenda matvæla (SSFM) og landshlutasamtaka sveitarfélaga um allt land, en RATA sér um verkefnastjórn. Það hlaut styrk frá Matvælasjóði á dögunum og er byggt upp að fyrirmynd Ratsjár, sem er verkefni fyrir stjórnendur í ferðapjónustu, þróað af Íslenska ferðaklasanum.

Verkefninu er ætlað að yta undir nýsköpun og vörubrún sem og að efla tengslanet milli smáframleiðenda matvæla.

„Smáframleiðendur matvæla standa frammi fyrir fjölmörgum áskorunum. Margir þeirra hafa stofnað fyrirtæki og farið út í matvælaframleiðslu án þess að hafa sérstakan bakgrunn á því sviði og eru oft í fullri vinnu samhliða því og með alla eða marga hatta í rekstrinum. Þeir upplifa sig gjarnan svolítið eina á báti og vita ekki alltaf hvert þeir eigi að leita eftir upplýsingum og svörum við sínum spurningum. Þetta er meginástæðan fyrir því að Samtök smáframleiðenda voru stofnuð og Matsjain verkefni sem við teljum að muni virkilega geta gefið þeim verkfæri sem nýtast í þeirra rekstri,“ segir Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri SSFM.

Þátttakendur Matsjár fá fræðslu og ráðgjöf í 14 vikur í byrjun næsta árs.

„Aðra hverja viku eru tveggja tíma fyrirlestrar sem auðga skilning, færni og vísýni. Í lok fyrirlestranna fá þátttakendur heimaverkefni sem þeir vinna út frá sínu fyrirtæki. Í vikunni á eftir hitta þeir vinnuhópin sinn, sem er ýmist eftir landsvæðum eða tegund framleiðslu, þar sem vinna og jafningjafræðsla fer fram. Því betur sem þátttakendur eru undirbúnir því meiri dýpt fá þeir í efnið. Á tímabilinu geta þeir einnig bókað tíma hjá ólíkum ráðgjöfum. Verkefnið fer fram á netinu en lýkur með veglegri uppskeruhátíð í raunheimi,“ segir Oddný Anna.

Hægt er að skrá sig til leiks til 20. nóvember nk. gegnum vefsíðu Samtaka smáframleiðenda matvæla, [ssfm.is](http://ssfm.is). /ghp



## Bætt þjónusta við Mývatn: N1 opnar nýja þjónustustöð

N1 vinnur nú að opnun þjónustustöðvar við Mývatn og er stefnt að því að hún hefji rekstur næsta vor. Á þjónustustöðinni verður boðið upp á eldsneyti, hraðhleðslu fyrir rafmagnsbíla, veitingar, vörur og þjónustu sem snýr að þeim sem eru á ferðinni um landið.

„Já, N1 hefur unnið að því að þetta enn frekar stærsta þjónustunet landsins við þjóðvegakerfið og opnun þessarar þjónustustöðvar er liður í því. Við teljum mikilvægt að þeir sem eru á ferðinni geti sótt sér alla þá orku sem nauðsynleg er, hvort sem er í formi eldsneytis, rafmagns eða veitinga og við erum sannfærð um að ferðalangar kunni að meta að geta sótt sér þá þjónustu á þessum stað,“ segir Hinrik Örn Bjarnason, framkvæmdastjóri N1. Á þjónustustöðinni verður að minnsta kosti ein 200 kw hraðhleðsustöð en reiknað er með að þær verði allt að þrjár talsins í framtíðinni. /MHH

## Enn bjargar Kaupfélag Skagfirðinga jólnunum

Kaupfélag Skagfirðinga (KS) hefur nú, annað árið í röð, rétt fram hjálparhönd til þeirra þúsunda sem lifa við skort á Íslandi með framlögum til Fjölskylduhjálpar Íslands.

Barnafjölskyldum, öryrkjum, atvinnulausum og eldri borgurum eru skammtaðar upphæðir sem festa þessa hópa í fátæktargildru, sem leiðir af sér varanlegan skaða á bæði andlegri og líkamlegri heilsu þessa hóps. „Við munum

með stuðningi Kaupfélagsins ná að aðstoða þúsundir í nóvember og desember. Samstarfið hófst 1. nóvember og mun standa fram að áramótum. Við verðum með tvær úthlutanir í hverri viku fram að jólum og mun stuðningur KS gera gæfumuninn fyrir þær þúsundir, sem annars gætu ekki haldið jólin eins og hefð er fyrir hér á landi,“ segir Ásgerður Jóna Flosadóttir, stofnandi og formaður Fjölskylduhjálpar Íslands. /MHH



Ásgerður Jóna segir að hún og hennar fólk hjá Fjölskylduhjálpinni sé mjög þakklátt Kaupfélagi Skagfirðinga fyrir þessa rausnarlegu aðstoð fyrir jólin annað árið í röð.



Valtra er 70 ára og við erum rétt að byrja. Okkar leið til að fagna áfanganum er að tryggja að þín upplifun af Valtra dráttarvél sé sem best. Það er okkar tilgangur.

5. kynslóð hinna margverðlaunuðu A, N og T Series dráttarvéla hafa fengið stórar uppfærslur og eru stútfullar af tækninýjungum til að gera líf þitt auðveldara. Hafðu samband og upplifðu Valtra gæði og þægindi!

**A SERIES**  
75-135 HÖ



**if** DESIGN AWARD 2021

**G SERIES**  
105-135 HÖ

**N SERIES**  
135-201 HÖ



**T SERIES**  
155-271 HÖ

**VALTRA**



**YOUR WORKING MACHINE**

Austurvegur 69 | 800 Selfoss | Sími 480 0400 | [aflvelar.is](http://aflvelar.is)



## NYTJAR HAFSINS

Sjávarútvegur og fiskeldi á Íslandi:

## Fjárfestingar útlendinga

Guðjón Einarsson  
gudjone3@gmail.com

Erlend fjárfesting í íslenskum sjávarútvegi er lítil enda eru settar þröngar skorður við því hversu stóran hlut útlendingar megi eiga í sjávarútvegsfyrirtækjum hér á landi. Öðru máli gegnir um fiskeldið þar sem engar slíkar hömlur eru í gildi.

Fyrir nokkrum vikum var frá því greint að sjávarútvegsfyrirtæki í Alaska hefði keypt í tveimur fyrirtækjum á Suðurnesjum, annars vegar 25% hlut í fiskvinnslufyrirtækinu AG Seafood og hins vegar 60% í markaðsfyrirtækinu IceMar. Þetta er í sjálfu sér ekki nýlunda því öðru hverju á síðustu árum og áratugum hafa verið sagðar fréttir af því að útlendingar hafi keypt sig inn í útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki á Íslandi, einkum fyrirtæki af minni gerðinni, í þeim tilgangi að styrkja viðskiptatengslin við viðkomandi fyrirtæki og tryggja sér aðgang að framleiðsluvörum þess og í sumum tilvikum hráefni til vinnslu erlendis. Allt er þetta löglegt innan vissra marka. Í einstaka tilfellum hefur komist á kreik órókstuddur orðrómur um að Íslendingar hafi leppað hærrí eignarhlut útlendinga en leyfilegt er en ekkert hefur verið sannað í því efni enda skýrt brot á lögum.

## 25% reglan

Allt frá dögum landhelgisstríðanna hafa Íslendingar verið á varðbergi gagnvart því að útlendingar kæmust með klærnar í fiskveiðiaudlind þeirra á ný með verulegu eignarhaldi á sjávarútvegsfyrirtækjunum. Því eru í gildi lög sem banna að erlendir aðilar eigi meira en 25% í íslenskum fyrirtækjum sem stunda veiðar eða vinnslu sjávarafurða hér á landi. Með vinnslu sjávarafurða er átt við frýstingu, söltun, herslu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með talin bræðsla og mjölvinnsla, en undanskilin er reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning, umpökun afurða í neytendaumbúðir og fleira.

## Kínverjarnir og Stormur Seafood

En hvað með það ef erlendir aðili á 25% í íslensku sjávarútvegsfyrirtæki og á jafnframt eignarhlut í öðru félagi eða félögum sem eiga í þessu tiltekna fyrirtæki? Á þetta reyndi árið 2010 þegar nefnd um erlenda fjárfestingu úrskurðaði í máli fyrirtækisins Storms Seafood. Eignarhaldsfyrirtækin sem áttu Storm Seafood voru Austmenn og Skiphóll. Íslendingur var meirihlutaeigandi en kínverska fyrirtækið Nautilus Fisheries Ltd. Átti 25% í báðum eignarhaldsfélögum og uppsöfnuð eign Kínverjanna var 44%. Í frétt ríkisútvarpsins frá þessum tíma kemur fram að Jón Bjarnason, þáverandi sjávarútvegsráðherra, hafi lýst sig mótfallinn erlendu eignarhaldi í sjávarútvegi og hafi farið fram á að nefndin um erlenda fjárfestingu skoðaði hvort farið hefði verið á svig við lög í þessu tilfalli. Niðurstaða nefndarinnar var sú að lög hefðu ekki verið brotin. Hún úrskurðaði að í raun heimiluðu löginn að beint og óbeint eignarhald í íslenskum sjávarútvegi mætti vera allt að 49%.

## Enginn með yfir 1% í útgerð

En hversu umfangsmikil er erlend eignaraðild að íslenskum sjávarút-



Laxeldi á Austfjörðum.

Mynd / Laxar hf.



Erlend fjárfesting í íslenskum sjávarútvegi er lítil enda eru settar þröngar skorður við því hversu stóran hlut útlendingar megi eiga í sjávarútvegsfyrirtækjum hér á landi. Öðru máli gegnir um fiskeldið.

Mynd / HKr.

vegsfyrirtækjum? Ekki er til samantekt um það á einum stað en í svari þáverandi ráðherra við fyrirspurn Ólafs Ísleifssonar á Alþingi veturinn 2019-2020 kom fram, að í tilefni fyrirspurnarinnar hefðu verið skoðaðir ársreikningar þeirra lögaðila sem fengið hefðu úthlutað aflamarki í upphafi fiskveiðisársins 2019/2020. Miðað var við þá aðila sem fengu úthlutað 50 þorskígildistonnnum eða meira. Samkvæmt þeim upplýsingum var enginn erlendir aðili skráður eigandi að yfir 1% hlut í slíku félagi (m.v. ársreikninga 2018).

## Lítill áhugi útlendinga

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, segir í samtali við Bændablaðið að almennt sé áhugi útlendinga á því að kaupa sig inn í íslensk sjávarútvegsfyrirtæki ekki mikill.

„Ég get þó ekki neitað því að þess eru dæmi að erlendir viðskiptavinir okkar hafa sýnt því áhuga að kaupa nokkurra prósentu eignarhlut í Vinnslustöðinni til þess að styrkja tengslin en ég hef alltaf sagt nei. Það myndi almennt ekki vera vel séð. Hins vegar eru frjáls viðskipti með hlutabréf í fyrirtækjum eins og Vinnslustöðinni og því gæti einn hluthafi tekið sig til og selt sín bréf til útlendinga, ef honum sýndist svo,“ sagði Sigurgeir Brynjar. Hann bætti því við að líklegasta skýringin á litlum áhuga erlendra fjárfesta á íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum væri sú áhætta sem alltaf voðði yfir vegna hugsanlegra breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Sigurgeir Brynjar telur núverandi reglur um eignarhald útlendinga í sjávarútvegi vera eðlilegar og skynsamlegar og ekki sé ástæða til að rýmka þær. „Þótt ég sé mikill talsmaður frjálsra viðskipta hef ég ekki

mikinn áhuga á því að útlendingar stjórni landinu. Það reyndist okkur ekki vel á sínum tíma.“

## Íslenskir firðir audlind

Á sama tíma og íslenskur sjávarútvegur er varinn að ákveðnu marki gagnvart erlendum fjárfestum eru engar slíkar hömlur settar á fjárfestingar í fiskeldi. Norðmenn hafa á fáum árum orðið meirihlutaeigendur í stærstu fiskeldisfyrirtækjunum hérlandis og fjárfest svo milljörðum skiptir.

Harðar umræður hafa spunnist um réttmæti þessa fyrirkomulags. Valdimar Ingi Gunnarsson sjávarútvegsfræðingur, sem unnið hefur við ýmis mál tengd fiskeldi í rúma þrjá áratugi, hefur verið þar framarlega í flokki með greinaskrifum í blöð. Hann lítur á skjólgóða firði sem notaðir eru til sjókvíaldis sem audlind rétt eins og önnur gæði sjávarins. Þessi audlind hafi verið færð erlendum auðmönnum á silfurfati fyrir milligöngu íslenskra athafnamanna og stjórnmalamanna sem sniðið hafi leikreglurnar að þeirra þörfum.

„Það er dálítið skrytið að heyra vægðarlausa gagnrýni stjórnmalamanna á kvótakerfið, en þar eru útgerðaraðilar að greiða umtalsverðar fjárhæðir fyrir aflaheimildir. Á sama tíma er erlendum aðilum færð audlindin íslenskir firðir án þess að greiða sérstaklega fyrir það,“ skrifar Valdimar.

## Íslenskir fjárfestar höfðu ekki áhuga

Bændablaðið innti Jens Garðar Helgason, framkvæmdastjóra fisk-

eldisfyrirtækisins Laxa hf., álits á þessum rökum.

„Þetta er alveg tvennt ólíkt. Sjávarútvegurinn er að nýta takmarkaða audlind en fiskeldið ekki, nema að því leyti að við nýtum svæði sem einhver annar nýtir ekki á meðan. Við mætum með okkar eldisdýr á staðinn og getum farið með þau aftur. Leyfin okkar eru til leigu til 16 ára. Þá má ekki gleyma því að við stofnun þeirra fiskeldisfyrirtækja sem eru í rekstri í dag var þrífaldlega reynt að fá íslenskt fjármagn inn í atvinnugreinina en þegar það gekk ekki og menn höfðu ekki áhuga var leitað til Noregs þar sem þekking og reynsla af fiskeldi var þar að auki fyrir hendi,“ segir Jens Garðar.

Gagnrýnt hefur verið að Norðmenn hafi fengið fiskeldisleyfi á Íslandi nánast ókeypis meðan slík leyfi séu seld dýrum dómum í Noregi. Jens Garðar bendir á að Norðmenn framleiði 1,3 milljónir tonna af laxi á ári en ekki hafi verið farið að bjóða upp leyfi þar í landi fyrr en framleiðslan var orðin 500-600 þúsund tonn. Þá mætti nefna að búið væri að ákveða að ákveðin svæði við Ísland myndu fara á uppboð og þau yrðu væntanlega ekki boðin upp til varanlegrar eignar eins og í Noregi.

## Arðurinn fluttur úr landi

Andstæðingar núverandi fyrirkomulags hafa bent á að með því að meirihlutaeigendur séu erlendir séu allar líkur á að arðurinn af fiskeldinu verði fluttur úr landi í stað þess að vera fjárfestur í öðrum atvinnugreinum hérlandis. Jens Garðar svarar því til að í fyrsta lagi séu fyrirtækin ekki í 100% eigu útlendinga og í öðru lagi séu þau í miklum uppbyggingarfasa og ekki farin að greiða út mikinn arð enn þá. Þetta séu íslensk fyrirtæki, starfsmennirnir greiði sína skatta hér og ef hagnaður verði af starfsemiinni verði hann skattlagður hér.

Valdimar Ingi Gunnarsson minnir á að þegar fiskveiðistjórnunarlögin voru innleidd árið 1984 hafi ríkt almenn sátt um dreifða eignaraðild og ekkert fyrirtæki gæti átt meira en 12% aflaheimildanna. Ef laxeldisfyrirtækin fjögur á Vestfjörðum og Austfjörðum yrðu sameinuð væri að hans sögn komið eitt fyrirtæki í meirihlutaeigu útlendinga sem væri að veltu til þrisvar sinnum stærra en Brim hf., kvótahæsta fyrirtækið á Íslandi.



Unnið við laxeldiskví í Dýrafirði.

Mynd / HKr.





Í glösum er rauðáta sem safnað hefur verið úr innvolsi makrils.

Mynd / Síldarvinnslan

# Rauða gullið og Síldarvinnslan

Nýlega var tilkynnt um styrkveitingu Matvælasjóðs til verkefnis á vegum Síldarvinnslunnar sem ber heitið Rauða gullið.

Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla og hliðarafurða úr landbúnaðar- og sjávarafurðum og er í því sambandi lögð áhersla á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni. Styrkurinn sem verkefnið hlaut nemur rúmlega 19 milljónum króna.

## Fullvinna astaxanthínrikt lýsi úr rauðátu

Meginmarkmið verkefnisins er að fullvinna astaxanthínrikt lýsi úr rauðátu sem berst á land sem aukahræfni eða meðafli við veiðar á makríl. Rauðáturíkum hliðarstraumum verður safnað saman við fullvinnslu á makríl í fiskiðjuveri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað þar sem komið hefur verið upp sérstökum söfnunarbúnaði. Prófaðar verða þrjár mismunandi vinnsluáferðir við framleiðslu á umræddu lýsi. Í fyrsta lagi verður notast við hitameðhöndlun á hræfninu án ensíma, í öðru lagi verða ensím notuð og í þriðja lagi verður aðskiljun án hita rannsökuð. Heildarheimtur með hverri áferð verða metnar og gerðar gæðagreiningar og stöðugleikapróf á hinu framleidda lýsi. Þegar niðurstöður liggja fyrir verður framleiðsluáferð valin.



## Rannsóknir frá árinu 2016

Mikil vinna hefur verið lögð í kortlagningu á rauðátu við Ísland og mögulegri nýtingu á henni og byggði styrkumsókn Síldarvinnslunnar til Matvælasjóðs á þeirri forvinnu. Rannsóknirnar á rauðátunni hófust árið 2016 en þá hófst vinna við verkefni sem bar yfirskriftina Áhrif rauðátu við veiðar og vinnslu uppsjárfrisks.

Niðurstöður þessa verkefnis leiddu í ljós að rauðátan í makríl við Ísland er rík af fjölmömettuðum fitusýrum og í henni finnst einnig áhugaverð einömettuð fitusýra. Þá kom í ljós að átan er rík af andoxunarefnum astaxanthín. Rauðáturíkir straumar sem mynduðust við vinnslu á makríl voru kannaðir og varð niðurstaðan sú að efnasamsetning þeirra var sambærileg við það sem sást í hreinni rauðátu. Hluti af verkefninu var að kanna möguleika á sölu á afurðum úr rauðátunni og kom fram að eftirspurn eftir fjölmömettuðum fitusýrum, sem framleidd væri með sjálfbærum hætti, var mikil og sama gildi um andoxunarefnið astaxanthín.

## Myndarlegir styrkir

Árið 2020 fékkst Evrópustyrkur frá BlueBioCofund til að greina bestu útdráttaraðferðir innihaldsefna úr rauðátu ásamt grunneiginleikum innihaldsefnanna. Niðurstöður fyrsta árs þessarar vinnu gefa til kynna að notkun hita og ensíma sé góð útdráttaraðferð á olíu úr rauðáturíkum straumum en unnið er áfram að rannsóknum.

Árið 2020 styrkti AVS- styrktarsjóðurinn einnig rauðátuverkefnið og var styrkurinn veittur til vöruþróunar á hágæða afurðum og innleiðingu þeirra á markað. Innan þessa verkefnis var áhersla lögð á að þróa tækjabúnað til að safna rauðátu úr innflum makrils og var uppsetningu þess búnaðar lokið í ár í fiskiðjuveri Síldarvinnslunnar og hafin söfnun sýna.

## Síldarvinnslan og Matís vinna saman

Síldarvinnslan og Matís hafa átt í góðu samstarfi um rannsóknir á rauðátunni og hefur dr. Stefán Þór Eysteinnsson haft yfirumsjón með þeim. Áður hefur verið greint frá svonefndri uppsjárvarsmiðju sem komið hefur verið upp í fiskimjölverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað og mun tækjabúnaður hennar nýtast vel við rannsóknir á átunni og fleiri

rannsóknir sem efnt hefur verið til í samvinnu við austfirsku uppsjárvarmiðnaðinn. Verkefnið Rauða gullið miðar að því að bæta nýtingu á því hræfni sem berst á land og um leið auka verðmæti þess. Sindri Sigurðsson, verkefna- og þróunarstjóri Síldarvinnslunnar, segir að verkefnið sé spennandi og full ástæða til að ætla að það skili áhugaverðri niðurstöðu. „Hér er um að ræða frekari nýtingu á hræfni sem fellur frá við manneldisvinnslu. Undirstaða alls í verkefninu er ferskleiki hræfnisins. Það er ferskleikinn sem opnar dyr fyrir annars konar afurðir en þær krefjast breytinga á vinnsluferlum. Síldarvinnslan hefur átt mjög gott samstarf við Matís og menntastofnanir í gegnum árin og nýtt sér sérþekkingu og mannaútlit til að komast einhver skref áfram hvað varðar meðhöndlun hræfnis og aukna verðmætasköpun. Segja má að veiðar á rauðátu séu óbeinar því hana er að finna í innvolsi uppsjárfrisks. Það felast verðmæti í rauðátunni og það er mikilvægt og spennandi að finna leiðir til að hagnýta hana. Auk þess skiptir máli að taka rauðátuna út úr vinnsluferli fiskimjöls en hún leiðir beinlínis til að gæði mjöls minnka,“ segir Sindri Karl. /MHH

## Mjúkur og hlýr fatnaður fyrir veturinn

**Olympia Merino ullarbuxur**  
Kr. 6.890

**Olympia Merino ullarbolur**  
Kr. 7.290

**Deerhunter Rogaland Knit**  
Kr. 9.990

**Deerhunter Men's Undirfata sett lett og hlýtt**  
Kr. 12.950

**Vesturröst**

Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is



## ALLAR STÆRÐIR AF AJ RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi

Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | Öflug og góð þjónusta



Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma 590 5125 og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10  
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is



Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300



líka hægt að lesa á [bbl.is](https://www.bbl.is) og Facebook

HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS <https://www.bbl.is/hladan>

## LANDSJÁ

# Áburðarframleiðsla í augnsýn

Sú söguskoðun þekktist og þótti fin að Íslendingar hefðu ekki átt skilið hlutdeild í Marshall-áætluninni eftir síðari heimsstyrjöld vegna þess að þeir hefðu hagnast á stríðsárunum. Þá gleymist að útflutningsmarkaðir brugðust í efnahagshörmungum fyrstu eftirstríðsáranna, síðin hvarf og kreppa og skömmunaraðgerðir tóku við af hagvexti um fjögurra ára skeið.

Svo hafa sagnfræðingar bent á að Heklugosið 1947 hafi valdið slíkum kuldu í Bretlandi og víðar að kolanámur hafi botnfrosið og Evrópa í raun orðið eldsneytlaus. Þá loks hafi Bandaríkjamenn horfst í augu við ástandið og samþykkt að Marshall-áætlunin tæki við af land- og leigusamningnum sem fjármögnuðu stríðið og sagt hafði verið upp.

## Varasöm óvissa í áburðarmálum

Samkvæmt þessu var eldgos á Íslandi ekki minni áhrifa-valdur heldur en framsókn kommúnista í Evrópulöndum eftir stríðið sem bandarískum stjórnvöldum stóð einnig ógn af. Marshall-áætlunin bjargaði miklu á Íslandi. Hún var nýtt meðal annars til þess að byggja upp íslenskt atvinnulíf, með virkjunum í Soginu og Laxá og með byggingu Sementsverksmiðjunnar og Áburðarverksmiðjunnar. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum eru nú miklar hræringar á áburðarmarkaði vegna sveiflna á gasverði í Evrópu. Framleiðsla á áburði hefur verið skorin niður í álfunni og því fæst ekkert verð í framleiðslu næsta vors með tilheyrandi óvissu. Framleiðsla áburðar á Íslandi lauk með einkavæðingu Áburðarverksmiðjunnar árið 2001 og lokun hennar í framhaldinu. Síðan þá hafa bændur þurft að reida sig á áburð erlendis frá. Óvissan nú sýnir hversu varasamt það getur verið. Spurt er, hvað er til ráða?

## Grænt ammóníak sem orkumiðill

Um daginn skrifuðu Fjarðabyggð, Landsvirkjun og Copenhagen Infrastructure Partners undir viljayfirlýsingu um að koma á fót grænum orkugarði á Reyðarfirði. Viðskiptalíkaníð virðist byggja á því að framleiða grænt ammóníak sem rafeldsneyti með umframraforku sem er til staðar í kerfinu á þeim slóðum. Ammóníak er að komast í tísku þessi misserin sem valmöguleiki í orkuskiptum, enda heppilegri og meðfærilegri orkumiðill heldur en hreint vetni. Hægt væri að nota ammóníak sem miðil til að flytja orku og nota svo í rafhlöðum eða fljótandi í tönkum til brennslu. Kosturinn við slíkt er að svo lengi sem endurnýjanleg orka er notuð við rafgreininguna og framleiðsluna losnar lítið sem ekkert kolefni. Þannig mætti ná fram orkuskiptum í stærri tækjum og á lengri leiðum, í skipavélum, flutninga- og vinnuvélum og jafnvel í flugvélum. Mikilvægt er að klára sem fyrst rafvæðingu bílaflorens en það þarf aðrar lausnir fyrir stærri vélar sem þurfa meira afl. Ætli samfélagið á næsta og hæsta stig í orku-



Kári Gautason.

skiptum er ammóníaklausnin meðal þess sem koma skal.

## Stutt í áburð sé ammóníak til

Verði þessi framleiðsla á ammóníaki að veruleika má ætla að fullkomlega raunhæft sé að setja upp áburðarverksmiðju á nýjan leik fyrir austan. Áburðarverksmiðjan var í raun fimm verksmiðjur sem framleiddu vetni, köfnunarefni, ammóníak og saltpéturssýru auk einnar sem blandaði áburð og sekkjaði. Ef gert er ráð fyrir að ammóníakframleiðsla sé fyrir hendi er ákaflega stutt leið eftir í mark til að framleiða Kjarna – frumframleiðsla Áburðarverksmiðjunnar. Eingöngu þarf verksmiðju sem framleiðir ammóníumníturat úr nitursýru og ammóníaki.

Ammóníakverksmiðja þyrfti ekki að vera í þeim ógnarskala sem ráðlagt er erlendis til að slík iðjuver gangi upp þar sem fyrirhuguð eru önnur not á ammóníakinu en eingöngu til framleiðslu áburðar. Áburðurinn gæti verið útvegur græns orkugarðs á Reyðarfirði til að dreifa áhættu og fjölga vörum.

Í Bandaríkjunum hafa sprottið upp fjölmargar „litlar“ ammóníakverksmiðjur síðustu ár, sem allar eru að vísu mun stærri en gamla „ammóníak-eining“ Áburðarverksmiðju ríkisins. Ein sú minnsta af þeim framleiðir rúmlega tíu sinnum meira ammóníak heldur en gert var í Gufunesi, eða um 250 tonn af ammóníaki á dag. Fjármagnsþörfin í því verkefni var um 14 milljarðar, eða 160 þúsund krónur á hvert tonn af ammóníaki. Ástæðan fyrir því að þessar verksmiðjur spretta upp er að markaður er fyrir vöruna á svæðunum og eftirspurn eftir áburði með lítið kolefnisspor eykst stöðugt. Allir innviðir sem þarf fyrir framleiðslu eru til staðar fyrir austan, rafmagn, vatn og hafnaraðstaða í Reyðarfirði, auk þess sem nóg er af lofti til að nota sem köfnunarefnisgjafa. Jarðgas er notað við framleiðslu áburðar víðast hvar. Með því að hefja áburðarframleiðslu að nýju á þann hátt sem hér hefur verið lýst mætti draga úr kolefnisspori við framleiðslu þess áburðar sem óhjákvæmilegt er að nota í landbúnaði. Margar leiðir eru einnig til þess að draga úr þörfinni á tilbúnum áburði en það er önnur saga. Og nú þurfum við enga Marshall-aðstoð!

**Kári Gautason**  
Höfundur er sérfræðingur í úrvinnslu hagtalna hjá Bændasamtökum Íslands.

## FRÉTTIR



Félagarnir Rúnar Ingi Guðjónsson og Jónas Þórólfsson reka fyrirtækið Frávik ehf. sem sinnir m.a. námskeiðahaldi og kennslu af ýmsu tagi á sviði matvælaíðnaðar. Myndir / Frávik

## Fyrirtækið Frávik býður upp á ráðgjöf og námskeið á sviði matvælaíðnaðar: Bændur áhugasamir um að auka færni í vinnu með eigin afurðir

– Félagarnir Jónas og Rúnar Ingi hafa nóg að gera við námskeiðahald

„Það er mikill áhugi meðal bænda að gera sér meiri mat úr sínum afurðum og eins eru hópar af margs konar tagi sem vilja auka við þekkingu sína í sambandi við matvæli og því höfum við verið nokkuð iðnir við að sérsníða námskeið sem hentar hverjum og einum hóp,“ segja þeir Jónas Þórólfsson og Rúnar Ingi Guðjónsson, sem reka fyrirtækið Frávik ehf. Fyrirtækið býður upp á ráðgjöf og þjónustu á sviði matvælaíðnaðarins og sér að auki um kennslu og námskeiðahald á sviði kjötiðnaðar.

Jónas er kjötiðnaðarmaður, slátrari og bóndi á Syðri-Leikskála í Út-Kinn þar sem rekið er sauðfjár- og nautgripabú. Hann hefur starfað við kjötiðnað og slátrun með smá hléum frá árinu 2001. Auk þess að vinna að búrekstri sínum sinnir hann margvíslegum verkefnum sem tengjast nýsköpun í matvælaíðnaði.

Rúnar Ingi er kjötiðnaðarameistari og hefur að auki kennsluréttindi. Hann starfar sem gæðafulltrúi hjá Kjarnafæði/Norðlenska og sér þar um rannsóknarstofu fyrirtækisins. Rúnar hefur starfað við kjötiðnað frá árinu 2004 og fengist við fjölbreytt verkefni á því sviði, m.a. starfaði hann lengi við reykingu og vinnslu hjá Norðlenska og síðar Stjórnugrís og var um tíma gæðastjóri þess fyrirtækis. Eftir að hann flutti norður á ný hefur hann starfað að gæðamálum hjá Kjarnafæði, nú Kjarnafæði/Norðlenska.

### Ástríða fyrir að miðla þekkingu

„Við Rúnar kynntumst fyrir mörgum árum, líklega áratug. Við vorum báðir í sama námi en ekki á sama tíma en vissum hvor af öðrum. Fórum svo hvor í sína áttina en leiðir okkar lágu saman aftur sem varð til þess að við stofnuðum þetta fyrirtæki, Frávik, og höfum sinnt alls konar verkefnum undanfarið ár. Við höfum báðir brennandi áhuga fyrir að miðla af okkar þekkingu og reynslu sem við búum yfir,“ segir Jónas.

„Það er mikill áhugi fyrir því núna meðal almennings að sækja



Jónas kennir réttu handtökin við úrbeiningu.

sér þekkingu um ýmislegt sem tengist matvælaíðnaði.

Bændur eru líka í meira mæli en áður að selja beint frá býli og vilja læra sem mest um hvaða möguleikar eru fyrir hendi í því sambandi. Með því að læra meira auka þeir gæði vörunnar,“ segir Rúnar Ingi. „Það skortir svo sannarlega ekki áhugann og erum við reiðubúnir til að aðstoða eins og unnt er.“

### Pylsugerð og úrbeining vinsælustu námskeiðin

Þeir félagar hafa boðið upp á námskeið af ýmsu tagi undanfarið misseri, m.a. fyrir almenning í úrbeiningu, pylsu- og káfugerð. Þau námskeið hafa verið kennd í samstarfi við t.d. Hallormsstaðaskóla, Símeig og aðrar kennslumiðstöðvar. „Við erum líka með sérsníðnar lausnir



Námskeið í pylsu- og káfugerð hafa verið vinsæl meðal almennings og þar eru bændur heldur ekki nein undantekning. Hér er Rúnar Ingi við kennslu í pylsugerð.

á námskeiðum fyrir smærri hópa, starfsmannafélög, búnaðarsambönd eða hvaða hópa sem er sem taka sig saman,“ segja þeir. Mörg námskeiðanna segja þeir að henti vel bændum sem vilja auka færni sína í að vinna með kjöt fyrir sitt eigið bú. Þá nefna þeir að kokkar og starfsfólk í mötuneytum sækja námskeið í úrbeiningu, margir hafi ekki þá þekkingu fyrir en með því að læra bæti þeir störf sín inni í eldhúsum.

Auk þess að halda námskeið hér og hvar um landið bjóða þeir félagar hjá Frávik upp á aðstoð við útreikning á næringargildum, gerð innihaldslýsinga og gæðahandbóka. „Við höfum einnig boðið upp á aðstoð við að fara yfir verkferla með matvælaframleiðendum, auk þess að sinna almennri ráðgjöf á sviði kjötiðnaðar,“ segja þeir Jónas og Rúnar.

# Sýning / Opnunarhátíð

4. og 5. nóvember að Óseyri 8

**Fimmtudaginn 4. nóvember kl. 15:00 – 22:00**

**Léttar veitingar eftir kl. 18:00**

**Föstudaginn 5. nóvember – Sýning**

**Opíð 10:00 – 17:00**



**VÉLFANG**


Sannkölluð

**VEISLA Á VESTURLANDI**  
í nóvember!

Matarupplifun og viðburðir  
vítt og breitt um Vesturland

Matarhátíð á Hvanneyri  
13. nóvember 13–17

Allir hjartanlega velkomnir



FRÉTTASKÝRING

Hrikaleg staða blasir við Evrópubúum í orkumálum í vetur:

# Verð á gasi og raforku hefur hækkað um mörg hundruð prósent

– Um 31 milljón íbúa Evrópusambandsins höfðu ekki efni á að kynda heimili sín um síðustu áramót og síðan hefur orkuverðið rokið upp

Hörður Kristjánsson  
hk@bondi.is



Meira en helmingur af orkuþörf Evrópusambandsríkja er innfluttur í formi jarðefnaeldsneytis, kola, olíu og jarðgass. Í sumum löndum ESB er hlutfallið yfir 90%. Hlutfallslega kemur langmest af þessum orkugjöfum frá Rússlandi, sem ESB á í afar sérkennilegu pólitísku sambandi við. Evrópa er mjög háð Rússum með orku en ESB er samt að sýna umheiminum tennurnar og að hún hafi einhverja burði til að standa uppi í hárinu á nágrönnunum í austri á pólitíska sviðinu.

Rússar voru fyrir nokkrum árum mjög háðir ESB varðandi ýmsar landbúnaðarvörur, einkum kjöt og mjólkurafurðir. Viðskiptaþvinganir gagnvart Rússum í kjölfar deilna um Úkraínu og Krímskaga neyddu Rússa hins vegar til að verða sjálfum sér nægir í framleiðslu á landbúnaðarvörum. Þetta hefur orðið til að styrkja enn stöðu Rússlands gagnvart Evrópusambandinu. Þá hafa verið skiptar pólitískar skoðanir um lagningu á nýjum gasleiðslum frá Rússlandi til ESB ríkja, en í ljósi orkukreppunnar virðast Rússar líka standa þar með pálmann í höndunum.

Um 46,7% af kolainnflutningi ESB kom frá Rússlandi árið 2019 og 17,7% frá Bandaríkjunum. Þá kom 41,1% af jarðgasinu frá Rússlandi og 26,9% af olíunni. Það er því augljóst að Rússar hafa öflugt tak á Evrópusambandinu.

*Hækkunin fór mest í 809% milli ára og stóð í 479% í lok október*


Verð á gasi fór hæst í rúmlega 116 evrum á megawattstund þann 5. október síðastliðinn samkvæmt tölum Trading Economics og Natural Gas EU Duch TTF. Það er yfir 809% hækkun á tæpu ári. Síðan hefur gasverð fallið töluvert og var komið í 64,84 evrum þann 29. október. Gasverðið er samt enn margfalt herra en það var 29. október 2020 þegar það stóð í 14,37 evrum á megawattstund sem þýðir 479% herra verðhækkun á milli ára. Þá má nefna að gasverð var um 20 evrum þann 4. janúar 2021.

Verðlækkun á gasmarkaði í októberlok kom í kjölfar aukinnar bjartsyni eftir að rússneska ríkisfyrirtækið Gazprom, stærsti gasframleiðandi heims, sagðist ætla að vera búið að fylla allar birgðageymslur í Evrópu af gasi þann 8. nóvember. Er það sagt hafa verið samkvæmt skipun Vladimir Putíns Rússlandsforseta um að hafist yrði handa við að fylla gasbirgðastöðvar í Þýskalandi og Austurríki. Gazprom áætla að framleiða 506,5 milljarða rúmmetra af gasi á þessu ári sem streymir um leiðslur til fjölmargra landa auk þess sem flutt er út með tankskipum.

*Evrópsk heimili blæða vegna ört hækkandi orkuverðs*

Samkvæmt tölum Eurostat fer um 26% heildaorkunotkunar í Evrópusambandinu til heimila. Af orkunotkun heimilanna fer svo um 64% til húshitunar og um 0,4% til loftkælingar.

Staðan er grafalvarleg og versnar ört. Með mörg hundruð prósent



Evrópusambandið er orðið gríðarlega háð gasi frá Rússlandi og það vægi hefur aukist mikið vegna krafna um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. frá kolaorkuverum. Ef skrúfað yrði fyrir þetta gas myndi það stórskæða hagkerfi margra Evrópuríkja.



hækkunum á raforku- og gasverði er ljóst að staðan í vetur verður mjög erfið.

*Tugir milljóna manna hafa ekki lengur efni á húskyndingu*

Samkvæmt könnun sem kynnt var af Eurostat í janúar 2021 sögðust 6,9% íbúa Evrópusambandsins, eða tæplega 31 milljón manna, ekki hafa efni á að kynda íbúðir sínar. Þá var heildaríbúafjöldi í ríkjum ESB talinn vera 447 milljónir. Síðan hefur orkuverð rokið upp um 300 til 450% og hefur nú áhrif á alla framleiðslukeðjuna frá matvælum til iðnaðarvара. Hafi 31 milljón íbúa ESB ekki átt fyrir kyndingarkostnaði í janúar síðastliðnum, þá verður

sá fjöldi án efa mun meiri um komandi áramót.

*Kol og olía standa enn fyrir 35% af raforkuframleiðslunni*

Þrátt fyrir að Evrópusambandið sé smám saman að reyna að draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti og snúa sér að endurnýjanlegri raforku, þá ganga þau áform afar hægt og halda ekki í við aukna eftirspurn eftir raforku. Jarðgas og kol standa enn fyrir meira en 35% af heildaraforkuframleiðslu ESB, en þar af er gas meira en fimmtingur. Orkusamsetningin er þó gríðarlega ólík milli landa. Jarðefnaeldsneyti stendur t.d. fyrir tiltölulega litlum hluta raforkuframleiðslunnar í



Frumgerð Haliade-X vindmyllunnar frá General Electric. Hún er gefin upp með 14 megawatta afli og 60-64% orkunýtni sem þýðir í raun að vindmyllan á að geta skilað 8,96 MW að meðaltali sem þýkir mjög gott í þessum bransa. Þvermál spaða er 220 m. Til að anna raforkugetu Datteln 4 kolaorkuversins í Þýskalandi þyrfti um 118 slíkar vindmyllur og þokkalega stöðugan vind.

Svíþjóð, Frakklandi og Lúxemborg, þar sem kjarnorkan er yfirgnæfandi. Hins vegar vegur jarðefnaeldsneyti meira en 60% af heildarafurðum á raforku í Hollandi, Póllandi, Möltu og Kýpur.

*Þjóðverjar með 84 kolaorkuver sem á að loka á næstu 17 árum*

Í Þýskalandi eru starfrækt 84 kolaorkuver, þrátt fyrir háværar kröfur og áform um lokun þeirra. Þann 26. janúar 2021 kynnti ríkisstjórn Þýska sambandslýðveldisins að 16 ríki sambandsins myndu hrinda af stað áætlun um framleiðslu á raforku með endurnýjanlegri orku. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir að buið verði að loka öllum kolaorkuverunum árið 2038. Mundi ríkið leggja 40 milljarða evra til að hrinda þessum áformum í framkvæmd. Í dag virðist orkuskortur í landinu ekki beint gefa vísendingar um að þessar hugmyndir verði að veruleika. Einnig vonbrigðin sem menn upplifðu í sumar af vindorkunni þar sem vindmyllurnar snerust lítið vegna lítils vinds.

*Það þyrfti 66 stærstu vindmyllur heims til jafna raforkugetu stærsta kolaorkuvers Þjóðverja*

Nýjasta kolaorkuver Þjóðverja, Datteln 4, sem tók til starfa í maí 2020, getur skilað 1.435 megawöttum (MW) í heildarorku. Þar af

fara 642 MW af raforku inn á raforkunetið og 413 MW inn á net þýsku járnbrautanna Deutsche Bahn. Síðan verður til 380 MW hitaorka sem nýtt er til að kynda um 100.000 heimili í nágrenninu. Til samanburðar er uppsett afl Kárahnúkavirkjunar (Fljótsdalsstöðvar) 690 MW. Væntanlega þarf ansi margar vindmyllur og eða sólorkusellur til að leysa Datteln 4 af hólmi.

Vindmyllan frá Ming Yang Smart Technology í Kína er sögð verða sú langstærsta í heimi og á að geta skilað 16 megawöttum í raforku. Hún verður með þrjú 118 metra spaða og er skurðflötur þeirra 46.000 fermetar, eða eins og sex fótbolta-vellir. Það þyrfti nærri 66 slíkar vindmyllur til að skila sama afli í raforku og Datteln 4 kolaorkuverið í Þýskalandi. Þá er miðað við 100% nýtni og að vindmyllurnar snúist allan sólarhringinn alla daga ársins sem er fræðilega útilokað. Samt vantar hitaorku upp á 380 MW.

Stærsta vindmyllutegund sem þegar er í lokafasa prófana er 14 MW af gerðinni Haliade-X frá General Electric Hún er 248 metra há og þvermál spaða er 220 metrar. Haliade-X er aflandsvindmylla (offshore) og er sögð með einstaka nýtni, eða 60-64%.

Þetta sýnir vel hversu risavaxin áskorunin er ef hætta á rekstri allra kolaorkuvera á komandi árum. Þá á eftir að ræða olíu- og gasorkuverin. Í umfjöllun Eronews um málið segir m.a. að þar sem kol eru mest mengandi af öllu jarðefnaeldsneyti, hefur smám saman verið reynt að draga úr notkun þeirra. Þess í stað hafa mörg Evrópulönd gripið til þess að nýta jarðgas til raforkuframleiðslu, þar til aðrar grænar lausnir bjóðast, eins og vindmyllur og sólarrafhlöður. Þar að auki er gas einnig notað til húshitunar og eldunar, sem gerir verðhækkunina enn áhrifameiri í endanlegum útgjöldum heimilanna.

*Hæstu orkureikningar í sögunni blasa nú við almenningi*

Almenningur í löndum eins og Spáni, Ítalíu, Frakklandi og Póllandi standa nú frammi fyrir hæstu orkureikningum í sögunni sem eykur enn á efnahagsvandann



Datteln 4 kolaorkuverið í Þýskalandi sem gangsett var í maí 2020.

sem skapast hefur vegna heimsfaraldurs Covid-19. Hefur þetta skapað almenna óánægju og hefur sett ríkisstjórnir í varnarstöðu. Þar hafa ráðherrar keppt við að leggja fram neyðarráðstafanir, jafnvel þótt þær séu til skamms tíma og aðeins að hluta til árangursríkar til að draga úr áhrifunum. Á sama tíma er gagnrýnt að sömu ráðherrar hafi ætlað að skunda á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Skotlandi á kostnað skattborgaranna til að bjarga heiminum og flagga þar ábyrgðarlitlum óskhyggjuloforðum um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis.

#### Ítalir varaðir við yfirvofandi verðhækkunum

Á Ítalíu hefur Roberto Cingolani, ráðherra vistfræðilegra umbreytinga, þegar varað Ítalí við því að búast megi við 40% hækkun á rekstrarreikningum heimila á næstu mánuðum. Yfirvöld í Frakklandi sögðust ætla að senda 100 evra eingreiðslu til yfir 5,8 milljóna lágtekjuheimila, eða það sem nefnt er „chèque énergie“. Á Spáni hefur ríkisstjórnin lofað að lækka neysluverð niður í það sem var 2018. Þar hefur skattur á raforku t.d. verið lækkaður úr 5,1% í 0,5% sem er það lágmark sem ESB setur. Framámenn í Madrid sendu einnig bréf til Brussel þar sem þeir fóru fram á aðgerðir frá ESB.

„Við þurfum evrópska „stefnumörkunarmatseðil“ sem er fyrirfram hannaður til að bregðast strax við stórkostlegum verðhækkunum,“ sagði m.a. í bréfinu.

En þegar orkukreppan leggst yfir sambandið og borgarar lýsa yfir auknum áhyggjum er óljóst hversu miklu valdi Evrópusambandið getur beitt til að hefja óhóflegar hækkunarir á frjálsum orkumarkaði þar sem aðaluppspretta á hækkun gasverðs eru utan þeirra eigin landamæra.

„Þetta snýst um aukna eftirspurn eftir orku þegar við komum út úr takmörkunum sem heimsfaraldurinn hefur sett á, ásamt minna framboði á gasi á heimsmarkaði,“ segir Tim Gore, yfirmaður Low Carbon and Circular Economy áætlunarinnar fyrir evrópska umhverfisstefnu (IEEP).

„Svo eru aðrir þættir sem auka á vandann, sérstaklega í Evrópu. Okkur hefur tekist að minnka kola-notkunina í raforkuframleiðslu inn á sameiginlegt orkunet Evrópu (Eurogrid) og það gerist á sama tíma sem vindorka hefur verið mun minni vegna veðursfars.“

#### Gasbirgðir hættulega litlar

Vandræði hófust á síðastliðnum vetri sem var mun kaldari en búist var við. Það leiddi til þess að orkuþörf m.a. til húskyndingar jókst verulega. Þetta olli því líka að hratt gekk á gasbirgðir sem voru í mars komin niður fyrir hættumörk, eða 30% af því sem talið er æskilegt. Á vorin, þegar bólusetningarherferðin var komin á fullt um álfuna, fór atvinnulíf að taka við sér. Skrifstofur, veitingastaðir, og aðrir þjónustustaðir opnuðu aftur dyr sínar fyrir viðskiptavinum sem voru meira en tilbúnir til að eyða þar sparnaði sínum. Þetta olli efnahagsbata sem varð til þess að eftirspurn eftir orku tók stóran kipp. Þá kallaði stíllt veður og hár lofthiti í sumar líka á að fólk notaði loftkælingu meira en venjulega. Á sama tíma var atvinnulíf í Austur-Asíulöndum, þar sem stór hluti iðnaðarframleiðslu heimsins fer fram, að fara í gang með sívaxandi orkuþörf.

Dennis Hesselting, yfirmaður innviða, verslunar og gass hjá ACER (Sameiginleg orkuvefirlitsstofnun ESB), segir að samhlíða þessu öllu hafi skort á aukna gasflutninga til Evrópu frá Rússlandi, Noregi og Alsír.

„Þeir hafa haldið sig nokkurn veginn við venjulegt magn. Þetta er svolítið skrítíð því venjulega

þegar verðið hækkar nota birgjar tækifærið til að selja meira gas á herra verði. Það hefur ekki gerst enn þá.“

Um leið og fyrirtæki alls staðar að úr heiminum reyndu að næla sér í aukna orku fór verðið að hækka jafnt og þétt. Í ágúst var orkuverð að slá öll met í Evrópu.

#### Ekki tókst að auka gasbirgðir í sumar

Hefð er fyrir því að gas sé ódýrara á sumrin og fyrirtæki grípi þá tækifærið til að safna gasbirgðum í miklu magni til að vera vel undirbúin áður en veturinn gengur í garð. Samspil mikillar eftirspurnar og hátt orkuverð hefur nú valdið því að birgðir eru í sögulegu lágmarki miðað við árstíma. Staðan er því ógnvekjandi fyrir næstu mánuði.

„Ef við fáum sérstaklega kaldan vetur aftur á þessu ári, þá verður þetta erfitt tímabil og verðið mun halda áfram að hækka í kjölfarið,“ segir Tim Gore hjá IEEP.

„Ríkisstjórnir ættu að undirbúa sig núna og gera ráðstafanir til að bregðast við og hjálpa heimilum í gegnum þetta tímabil. Það er enn tími til þess.“

Svo virðist sem Rússlandsforseti hafi einna helst tekið þessari áskorun með fyrirskipun til rússneska ríkisfyrirtækisins Gazprom um að fylla á gasbirgðatanka í ESB-löndum.

#### Ríflega 230% hækkun á raforkuverði

Gasverð hefur hækkað almennt raforkuverð um rúmlega 230% á síðasta ári. Tengin þar á milli byggir á reglum orkumarkaðar ESB, sem hefur orðið sífellt samþættari á undanföllum áratugum.

Í dag starfar raforkumarkaður Evrópusambandsins í heildsölu sem byggir á grundvelli jaðarverðlagningar, einnig þekktur sem „pay-as-clear market“. Samkvæmt þessu kerfi bjóða allir raforkuframleiðendur – allt frá jarðefnaeldsneyti til vind- og sólarorku – inn á markaðinn og bjóða orku í samræmi við framleiðslukostnað.

Þar sem flest lönd treysta enn á jarðefnaeldsneyti til að mæta allri orkuþörf sinni, er endanlegt verð á raforku oft ákvarðað af verði á kolum eða jarðgasi. Ef gas verður dýrara hækka rafmagnsreikningar óhjákvæmilega, jafnvel þótt hreinar, ódýrari orkuuppsprettur leggi sitt einnig til heildarorkuframboðsins.

Frakkar og Spánverjar hafa gagnrýnt mjög uppbyggingu verðmyndunarkerfis raforku í ESB og telja að það sé ekki að sýna að ávinningur náist af grænum umskiptunum í orkuframleiðslu. Því hafa menn verið að velta fyrir sér algjörlega opnu kerfi óháð framleiðslukostnaði. Þar sem orkusalar geti selt á því verði sem þeim sýnist að eftirspurn sé eftir eða „pay-as-bid“ kerfi. Slíkt er gagnrýnt á þeim forsendum að þá yrði orkuverðið í raun algjörlega stjórnlaust.

#### Kveikja upp í kolaorkuverum til að mæta orkuþörf

Samkvæmt frétt European GAS HUB hafa Bretar fundið fyrir gasskortinum í Evrópu og hækkanandi gasverði. Til að koma í veg fyrir að skortur verði á raforku í landinu ákváðu stjórnvöld að kynda upp í kolaorkuverum sem enn eru til staðar líkt og nágrannar þeirra hinum megin við Ermarsundið gerðu nú seinni part sumars. Sem dæmi var raforka frá kolaorkuverum í Þýskalandi komin í sömu stöðu í september og var síðla árs 2018. Þá jókst raforkuframleiðsla kolaorkuvera í Hollandi, Frakklandi og Ítalíu um 4% frá ágúst til september. Þetta gerist á sama tíma og háværir aðgerðarsinnar krefjast tafarlausa

aðgerða í að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og heimta að lýst verði yfir neyðarástandi í loftslagsmálum. Kolaorkuverin í Evrópu gætu þó enn aukið raforkuframleiðslu sína verulega í yfirstand-

andi orkukorti, en eiga þar að glíma við harðar reglugerðartakmarkanir. Því er erfitt um vik fyrir stjórnálmenn að taka ákvarðanir í þá átt til að takast á við orkuskortinn. Bretar hafa aftur á móti sagt skilið

við Evrópusambandið og eru ekki eins rígbundnir regluverki þess og áður. Þeir hafa því meiri möguleika á að bjarga sér fyrir horn með því að auka raforkuframleiðslu með kolum.

# Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní.

- Steinsagjir
- Kjarnaborvélur
- Jarðvegsþjoppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K970  
15,5 cm sögunardýpt



Husqvarna K3600  
Vökvasög  
Sögunardýpt 27cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur  
Opíð mán. - fös. kl. 8-17.  
S. 588-0028  
haverslun@haverslun.is  
haverslun.is



## LOFTPRESSUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af Ingersoll Rand loftpressum.

Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.

Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar í síma 590 5135 og kynntu þér þína möguleika.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10  
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is



## LANDBÚNAÐARRANNSÓKNIR

Kornrækt:

## Augljós tækifæri með aukinni hafrarækt

– Einstakir eiginleikar ræktunaraðstæðna hér gætu sett Ísland í fararbrodd hafraræktarleiðslu í heiminum

Guðrún Hulda Pálsdóttir  
gudrunhulda@bondi.is

**Hafrarannsóknunum Jarðræktarmiðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands er ætlað að bera kennsl á bestu hafrayrki með tilliti til ræktunar, gæða og smekk til mannelis. Lagður hefur verið grunnur að kynbótum á höfnum fyrir íslenskar aðstæður.**

Verkefnið Mannakorn – Hafrar og háværkun gæða, sem Jarðræktarmiðstöð LbhÍ stendur að, hefur hlotið náð fyrir augum stjórnar Matvælasjóðs í báðum úthlutunum fyrir árin 2021 og 2022. Við fyrstu úthlutun fékk verkefnið tæpar 15 milljónir kr. og nú í september um 18 milljónir kr. sem reyndist stærsti landbúnaðartengdi styrkur Matvælasjóðs í ár. Verkefnið er leitt af Hrannari Smára Hilmarssyni, tilraunastjóra Jarðræktarmiðstöðvar LbhÍ, og er unnið í samstarfi við MATÍS, RML, Lífland og kornbændur víða um land.

„Eskilegast væri að kynbæta hafra fyrir íslenskar aðstæður. Hér á landi hefur ekki verið virkt kynbótaverkefni fyrir hafra eins og í bygg, en þetta verkefni sem Matvælasjóður styrkir leggur grunn að plöntukynbótaverkefni í höfnum. Skynsamlegast væri ef plöntukynbætur væru á föstum fjárlögum á einn eða annan hátt, til dæmis sem hluti af búvörusamningum eða í beinum samningum við ráðuneyti. Kannski ættu bændur að stofna kynbótayfirteki með aðkomu hins opinbera. Hvað sem verður þá er mikilvægt að gera eitthvað og það sem fyrst,“ segir Hrannar Smári.

Ekkert fast fjármagn er tileinkað plöntukynbótum á fjárlögum. Í búvörusamningum eru u.þ.b. 250 milljónir eyrnamarkta kynbótum á húsdýrum, s.s. rekstur nautastöðvar og sæðingastarf. Hins vegar þarf að leita á náðir hagsmunafélaga til að fjármagna rannsóknir. Til hliðsjónar hafa Danir nýlega komið á fót nýjum sjóði, „Plantefond“, sem styður rannsóknir sem bæta loftslagsárangur. Einnig geta vísindamenn sótt fjármagn til einkaaðila og fengið opinbera styrki á móti. Slík kerfi eru ekki til staðar hér á landi.

## Leitin að réttu höfnum

Hafrar eru þegar ræktaðir hér á landi en að afar litlu leyti. Stærsti einstaki framleiðandinn er bærinn Sandhóll í Meðallandi, en þar hafa verið ræktaðir hafrar samfleytt í minnst 12 ár. Umfang þeirrar ræktunar er talsvert og skilar það sér í haframjöli og tröllhöfnum sem nálgast má í flestum matvöruverslunum.

„Eins og stendur hefur reynsla bændu í Meðallandinu verið best af sænska yrkinu Cilla, en Cilla er aldarfjórðungsgamalt yrki frá Svíþjóð ætlað í fóður. Áhugi sænskra bændu á yrkinu hefur farið dvínandi og erfitt hefur reynst að fá sáðkorn af Cilla og svo gæti farið að það hverfi alfarið af sáðvörumarkaði. Því þarf að prófa og þróa ný yrki með aðferðum kynbótaraðstæðna hér á landi,“ segir Hrannar Smári.

Síðastliðinn tvö sumur hafa starfsmenn Jarðræktarmiðstöðvarinnar því lagt út yrkjatilraunir til að kanna jarðræktareiginleika mismunandi arfgerða við íslenskar aðstæður.

„Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að til sé á markaði yrki sem henta vel við íslenskar aðstæður. Mikill breytileiki var milli yrkja á eiginleikum, bæði hvað varðar upp-



Markaður fyrir innendar hafravörur er vaxandi og bændur sem hafa áhuga á að hefja hafrarækt fara fjölgandi. Því liggur beinast við að fjölga í ræktendahópnum og framleiða meira af íslenskum höfnum. Síðastliðinn tvö sumur hafa starfsmenn Jarðræktarmiðstöðvarinnar lagt út yrkjatilraunir til að kanna jarðræktareiginleika mismunandi arfgerða við íslenskar aðstæður með það að markmiði að finna hentugt yrki.

Mynd/ghp



Ég á mér þann draum að landið sé þrýtt gylltum höfnum á haustin og Ísland verði hafrareimsveldi,“ segir Hrannar Smári sem skoðar hér tilraunareiti hafra á Hvanneyri.

Mynd/ghp



Hafrar henta vel til sáðskipta við bygg því þeir rjúfa sjúkdómshringrásina sem herjar á bygg. Séð yfir hafra- og byggtilraunir á Hvanneyri.


Mynd/ghp

skeru og gæði í tilraunum okkar. Öll eiga yrkin þó það sameiginlegt að vera lengi að þroskast og þurfa lengri vaxtartíma en bygg, en eru þó þeim eiginleika gædd að vera strásterk og standa vel af sér erfið veður á haustin. Niðurstöðurnar frá í fyrra sýndu að við gátum mælt með finnska yrkinu Perttu til ræktunar hér á landi en það hafði ekki verið áður prófað hér,“ segir hann og bætir við að notkun á yrkinu hafi verið algeng meðal hafraræktenda í sumar.

„Niðurstöður 2021 gefa sterkari mynd af því hvað við getum mælt með því þá hafa yrkin fengið meiri reynslu í tilraunum hér á landi.“

## Mikil neysla og auðveld innleiðing

Íslendingar borða mikið af höfnum. Árið 2011 var neysla matvæla úr korni á Íslandi 91,3 kg á mann á ári. Hafragrautur var 12% af þessari neyslu og ljóst er að hafrar hafa verið í fleiri matvörum, eins og kexi og morgunkorni. Þess má t.d. geta að hið vinsæla Cheerios er haframorgunkorn og því rakið að framleiða músli úr íslensku korni. Á árinu 2014 var heildarinnflutningur á korni 79 þúsund tonn (bæði til matvælaframleiðslu og fóðurs) en uppskera korns var tæplega 14 þúsund tonn og var nær eingöngu bygg.



## Hollustugildi hafra

Fjöldi næringafræðilegra rannsókna styðja fullyrðingar þess að hafrar séu í reynd úrvalsmatur.

Þeir innihalda B-vítamín og hollar fitur. Prótein og amínósýrusamsetning þeirra er einkar hentug til mannelis.

Hafrar hafa sýnt jákvæð áhrif á hjarta- og æðasjúkdóma, þyngdarstjórnun og sykursýki II.

Hafrar eru einnig ríkir af trefjaefnunum beta-glúkan, sem er talin náttúruleg vörn gegn sýkingum af völdum vírusa, baktería og sveppa í mönnum. Einnig hafa þeir sýnt fram á að lækka blóðsykurshlutfall og kólesteról í blóði fólks sem neytir þeirra.



Alþjóðlegur fundur sérfræðinga um hafrarækt í Reykholti í síðustu viku leiddi af sér stofnun samstarfs sem ber heitið „Arctic Oats Consortium“ og hefur það að markmiði að bæta gæði hafra á norðlægum slóðum. Hér má sjá þátttakendur verkefnisins. Frá vinstri: Alf Ceplitis, Juho Hautsalo, Flutur Novakazi, Morten Lillemo, Hrannar Smári Hilmarsson, Espen Sörensen og Jean-Luc Jannink.

Mynd/HSH

sýnt að hafrar eru sérstaklega færir um að taka upp fastbundinn fosfór úr jarðvegi sem er algengt einkenni íslenskrar túnræktar.“

## Vaxandi eftirspurn

Hafrar hafa fleiri notkunarmöguleika en aðeins sem haframjöl í grautu. Verið er að þróa leiðir til að gera haframjól úr íslenskum höfnum og hafraskyr, sem einnig hlutu styrk úr Matvælasjóði. Margir aðrir möguleikar eru í boði fyrir frekari úrvinnslu og verðamætasköpun á höfnum sem hráefni, t.d. var verið að setja á markað hafrapasta í Finnlandi. Þess má geta að Finnar



Stærsti innlendi framleiðandinn er bærinn Sandhóll í Meðallandi, en þar hafa verið ræktaðir hafrar í minnst 12 ár. Umfang framleiðslunnar er talsverð og skilar sér í haframjöli og tröllhöfum sem nálgast má í matvöruverslunum. Hér er verið að þreskja hafra á Sandhóli í sumar. Mynd/JS

eru næststærstu útflytjendur hafra í heiminum.

Markaður fyrir innlendar hafravörur er vaxandi og bændum, sem hafa áhuga á að hefja hafrarækt, fer fjölgandi. Því liggur beinast við að fjölga í ræktendahópnum og framleiða meira af íslenskum höfum.

„Það er líka mikilvægt að breiða út hafraræktun til ólíkra sveita sem eykur öryggi framboðs á höfum til vöruframleiðslu og þróunar á þeim árum sem uppskera getur brostið í einum landshluta en ekki öðrum. Hafrar eru einnig gott skepnufóður og því má ætla að sú hafrauppskera sem ekki nær gæðum manneldis-sjónarmiða geti nýst sem fóður,“ segir Hrannar Smári en hluti af niðurstöðum verkefnisins verða leiðbeiningar fyrir bændur um ræktun hafra til þroska og manneldis.

#### Verðum að berjast gegn innflutningi plöntusjúkdóma

Í síðustu viku sátu vísindamenn og plöntukynbótafræðingar frá stofnunum og fyrirtækjum beggja vegna Atlantsála í pallborði í Reykholti í Borgarfirði til þess að ræða framtíð hafraræktunar á norðlægum slóðum. Aðalfyrirlesari var Jean-Luc Jannink, prófessor við Cornell-háskóla, sem einnig starfar hjá Landbúnaðarstofnun Bandaríkjanna (USDA). Fundurinn var fjármagnaður af samnorrænu ráðherranefndinni um landbúnaðar- og matvælarannsóknir, NKJ, en tilgangurinn var að skapa vettvang til að deila reynslu og þekkingu auk þess að styrkja tengslanet sérfræðinga á þessu afmarkaða sviði.

„Eitt vandamál sem hefur verið í sviðsljósinu undanfarið eru sveppasjúkdómar sem herja á kornið í axinu og mynda sveppaeiturefni (mycotoxin) sem eru eitruð mönnum og valda því að ekki er hægt að nota kornið til manneldis. Sveppurinn Fúsarúm er illgreinanlegur á velli og þess vegna kemur það ekki fram hvort kornið

er orðið sjúkt af sveppnum fyrir en eftir uppskeru, þegar það er greint. Þetta hefur valdið því að stundum eru vörur innkallaðar eftir að þær eru komnar í búðir,“ segir Hrannar en þessi óværa var mikið rædd á fundinum.

Það ber þó til tíðinda að samkvæmt efnagreiningum og mælingum á sveppaeiturefnum, sem gerð voru á öllum sýnum úr hafratilraunum hér á landi er niðurstaðan sú að engin merki eru um slík efni í íslenskum höfum.

„Þessi sveppategund þrífst ekki á Íslandi. Það gefur okkur sérstaka stöðu á heimsvísu til hafraræktunar til manneldis. Við verðum því að leggja allt á vogarskálarnar til að hindra að þessi sjúkdómur berist til landsins.“

#### Ísland verði hafraheimsveldi

Niðurstöður Mannakorns-verkefnisins geta orðið margþættar. Þær verða notaðar til að velja hentugustu hafrayrkin til ræktunar hér á landi auk þess að vera leiðbeinandi fyrir þá bændur sem hyggjast fara út í hafrarækt. Þá mun það leggja grunn að kynbótum á höfum til framtíðar en einnig mun rannsóknin vera undirstaða frekari nýsköpunar á matvælum úr höfum.

„Umfang hafraræktar á Íslandi er að aukast og verkefnið hefur það að markmiði að skapa þekkingu til nýs geira innan kornræktarinnar. Til þess að hafrarækt geti vaxið og skapað störf verða bændur að eiga þann möguleika að geta selt kornið sitt til úrvinnslu. Slík mylla gæti haft það hlutverk að koma vörum á markað til neytenda, ekki ósvipað mjólkursamlagi. Eftir að við höfum orðið sjálfum okkur nógu um hafra og náð góðum tókum á ræktuninni gæti umframframleiðslan verið til útflutnings. Ég á mér þann draum að landið sé þrýtt gylltum höfum á haustin og Ísland verði hafraheimsveldi,“ segir Hrannar Smári.



Sveppasjúkdómur sem herja á kornið í axinu og mynda sveppaeiturefni (mycotoxin) sem eru eitruð mönnum og valda því að ekki er hægt að nota kornið til manneldis. „Þessi sveppategund þrífst ekki á Íslandi. Það gefur okkur sérstaka stöðu á heimsvísu til hafraræktunar til manneldis. Við verðum því að leggja allt á vogarskálarnar til að hindra að þessi sjúkdómur berist til landsins,“ segir Hrannar Smári. Tilraunareitir í sólsetri á Hvanneyri. Mynd/JS

## Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



WPL  
Diamond




IÐNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík  
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

## STÁLGRIND TIL SÖLU!

495 fm<sup>2</sup> (18x27,5m)



Nánari upplýsingar veitir

Gísli Már 842-5462 | gislia@veritas.is

**Bændablaðið**  
á [bbl.is](http://bbl.is) og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)



Glædlegur hópur allra leikara og fólks á bak við tjöldin á frumsýningarkvöldi.

## Alheimsfrumsýning á verkinu Smán:

# Freyvangsleikhúsið

**Freyvangur á sér langa sögu bæði samkomuhúss og leikhúss en það hefur íðað af lífi um árabil.**

Samkvæmt dagblaðinu Degi árið 1957 er „Sjónleikurinn Ráðskona Bakkabræðra sýndur að Freyvangi, Öngulsstaðahreppi“ auk þess sem ónefnd hljómsveit lék þar að loknum sjónleik.

Nú í ár er verkið Smán 59. stóra sýningin sem fer þar á fjalirnar, fyrir utan alla kabaretta og stuttverk sem hafa ratað þar á svið og má því segja

að Freyvangsleikhúsið sé afar stór partur af sögu Eyjafjarðarsveitar og verður vonandi starfrækt þar áfram sem lengst.

Leikverkið Smán á sér þá forsögu að vorið 2019 var haldin handritsamkeppni á vegum Freyvangsleikhússins þar sem höfundar fóru undir dulnefnum. Höfundurinn Sigríður Lára Sigurjónsdóttir bar sigur úr býtum og Sindri Swan leikstjóri fenginn til að leikstýra.

Fyrirhugaðri uppsetningu þurfti að fresta vegna ástandsins í samfélaginu en nú hafa þau Sigríður og Sindri unnið ótullga að útfærslu verksins og útkoman glæsileg.

Leikverkið Smán gerist á kaffihúsi og bar á Norðurlandi um aldamótin 2000 þar sem halda til nokkrar ólíkar manneskjur. Verkið gerist á einni helgi og þarna á mörkum einkarýmis og almannaferis fáum við að fylgjast með hvernig líf þessa fólks fléttast



Þarna má sjá leikendur í eftirfarandi hlutverkum. Barþjónn: Hjálmar Arinbjarnarson, Gaddi: Daði Freyr Þorgeirsson, Hanna: Inga María Ellertsdóttir, Íða: Karen Ósk Kristjánsdóttir, Albert: Eypór Daði Eypórsson.



Marbellu leikur Jóhanna Sigurbjörg Ingólfssdóttir.

saman á mismunandi vegu. Einnig rekast inn á barinn ýmsar persónur sem gæða staðinn lífi.

Samhliða því fylgjumst við með persónunni Marbellu þar sem hún gerir upp fortíðina í sínum eigin hugarheimi.

Allar eru persónurnar á einhvers konar flóttu undan lífinu eða bara sjálfum sér og sumum verður tíðrætt um að fara eitthvað annað ... eða vita jafnvel ekki hvort þau eru að koma eða fara, hvað þá hvert.

Alls eru á sviðinu 10 leikarar og að lágmarki 30 manns sem koma að uppsetningunni enda stór hópur hönnuða, smíða, tæknifólks og annarra sem til viðbótar við leikendur gera frábæra sýningu.

Alheimsfrumsýning á Smán var 22. október síðastliðinn en nánari upplýsingar varðandi sýningartíma má finna á freyvangur.is sem og á FB síðu Freyvangsleikhússins.

Miðapantanir eru á tix.is og í síma 857-5598. /SP

## Hvað er í gangi?!

✓ Leikfélag Hveragerðis er með gamanfarsann Nei, ráðherra enda kominn tími á að hlæja almennilega! ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR!!

Fimmtudag 4. nóvember kl. 19:30

Föstudag 5. nóvember kl 19:30 LOKASÝNING

Sýnt í Leikhúsinu Austurmörk 23

Miðasala í síma 8968522 eftir kl 14.00

✓ **Leikfélag Keflavíkur** býður upp á lifandi tónlist, söng og dans í sýningunni Fyrsti kossinn sem frumsýnd var 22. október síðastliðinn. Stefnt er að því að áframhaldandi sýningar verði að mestu leyti á fimmtu-, föstu- og sunnudögum að minnsta kosti út nóvember.

✓ Leikfélag Selfoss frumsýndi gamanleikritið **Beint í æð** þann 29. október sl. Aðrar sýningar áætlaðar flesta þriðjudaga kl. 18, fimmtudaga og föstudaga kl. 20 og sunnudaga kl. 18. Einhverjar sýningar geta forfallast en sýningarhald verður út nóvember með möguleika á áframhaldi eftir áramót.

✓ Leikfélag Fljótsdalshéraðs frumsýndi vandræðafarsann Tom, Dick & Harry þann 23. október sl. við mikla ánægju áhorfenda. Stefnt er á átta sýningar í kjölfarið enda hressandi í skammdeginu.

✓ Freyvangsleikhúsið hóf nýverið sýningar á verkinu Smán en nánari upplýsingar varðandi sýningartíma má finna á freyvangur.is sem og á FB síðu Freyvangsleikhússins. Miðapantanir eru á tix.is og í síma 857-5598.

✓ **Leikfélag Sauðárkróks** hefur sýningar á **Ronju Ræningjadóttur** þann 5. nóvember nk. en leikritið um þessa hjartahlýju og uppátekarsömu stelpu hentar bæði börnum sem fullorðnum.

Frumssýning föstudaginn 5. nóvember klukkan 18:00  
 2. sýning laugardaginn 6. nóvember klukkan 14:00  
 3. sýning sunnudaginn 7. nóvember klukkan 14:00  
 4. sýning föstudaginn 12. nóvember klukkan 18:00  
 5. sýning laugardaginn 13. nóvember klukkan 14:00  
 6. sýning sunnudaginn 14. nóvember klukkan 14:00  
 7. sýning þriðjudaginn 16. nóvember klukkan 18:00  
 8. sýning miðvikudaginn 17. nóvember klukkan 18:00  
 9. sýning föstudaginn 19. nóvember klukkan 18:00  
 10. sýning laugardaginn 20. nóvember klukkan 14:00  
 Lokasýning sunnudaginn 21. nóvember klukkan 14:00



Þarna má sjá þau Matthías og Lovísu með Ronju og Skalla Pétri, einni litríkustu persónu sögunnar.



Hjúin Valdís og Borki með ræningjunum Brussu, Buddu, Órvari, Stóra Birni og Grjóna sýna stórleik.

## Ronja Ræningjadóttir:

# Leikfélag Sauðárkróks

Leikfélag Sauðárkróks var upphaflega stofnað 13. apríl árið 1888, lagt niður tæpum tuttugu árum síðar og svo endurstofnað þónokkru síðar.

Eins og fram kemur í dagblaðinu Degi árið 1935, hefur leikfélagið sett upp verkið „Hveitibrauðsdagar“ eftir Björnst Björnson, í leikstjórn Magnúsar Jóhannssonar læknis og mikils áhugamanns leiklistar. Það hlaut „ágæta dóma“ og leikendur „búnir til leiks af alúð og nákvæmni“.

Formlega var svo leikfélag Sauðárkróks skráð til starfa árið 1941 og fagnar því 80 árum í ár. Haldið var upp á afmælið síðastliðið vor með heimsfrumsýningu leikritsins „Á frívaktinni“ eftir Pétur Guðjónsson og nú með seinni sýningu ársins heldur afmælisgleðin áfram.

Leikfélagið, sem er ríkt af hæfileikaríku fólki og eitt virkasta áhugamannafélag landsins, setur að jafnaði upp tvær sýningar árlega, en seinni sýningu ársins er verkið um hana Ronju Ræningjadóttur sem flestir landsmenn kannast við.

Alls 24 leikarar taka þátt í þeirri upp færslu og ganga í hvorki meira né minna en 33 hlutverk. Alls koma um 60 manns að sýningunni enda viðamikil bæði innan sviðs sem utan.

Ronja er skemmtilegt og fallett leikrit sem hentar öllum aldri, en gott er að undirbúa yngstu leikhúsgestina örflúð þar sem koma meðal annars nornir og gráðvergar við sögu og geta valdið því að fólki bregði!

Frumssýnt verður 5. nóvember, sýningartíma má sjá í dálki hér til hliðar en miðapantanir eru í síma 8499434. /SP



Leikfélagið er ríkt af hæfileikaríku fólki sem heldur uppi stuðinu á sviði. Þarna má sjá Ronju reka upp vorópið sitt!





Vinningsmyndin er eftir Matthildi Hilmarsdóttur, bónda á Þóróddsstöðum, og er af heimrekstri úr Hrutatungurétt í dæmigerðri Hrutafjarðarblíðu í fyrrahaust.

## Veðurblíða í Hrutafirði

– Efnt til ljósmyndasamkeppni til að sanna málið

Í sumar var efnt til verðlaunasamkeppni í Facebook-hópnum Hrutafirðingar um bestu myndirnar af veðurblíðunni og náttúru-fegurðinni í Hrutafirði. Ástæðan var að forsvarsmönnum hópsins fannst almennt gæta ákveðins misskilnings um Hrutafjörðinn sem nauðsynlegt væri að leiðrétta.



Í þriðja sæti er mynd af Finni Sigurðssyni að baða sig í Ormsá í dæmigerðum hrútfirskum sumarhita, tekin af dóttur hans, Dýrleifu.



Í fjórða sæti er önnur mynd eftir Öldu Sverrisdóttur, af höfuðstaðnum Borðeyri speglast í firðinum í falletgri kvöldbirtu.



Í fimmta sæti er mynd eftir Finn Sigurðsson af Tröllakirkju á Holtavörðuheidi.

„Við sem þar búum, eða höfum búið, vitum að þar er meira og minna alltaf logn, sól og rjóma-blíða. Nema þegar það er ekki,“ segir Eiríkur Sigurðsson. Hann sat í dómnefnd ásamt Golla (Kjartani Þorbjörnssyni) og Ágústu Sigurlaugu Guðjónsdóttur. Verðlaun í keppnina gáfu Tangahúsið og Riishúsið á Borðeyri, Guðlaug Jónsdóttir, Gróðurhúsið á Reykjum og Staðarskáli.

Vinningsmyndin er eftir Matthildi Hilmarsdóttur, bónda á Þóróddsstöðum, og er af heimrekstri úr Hrutatungurétt í dæmigerðri Hrutafjarðarblíðu í fyrrahaust. Í vinning hlaut hún gistingu fyrir tvo í eina nótt í íbúð í Tangahúsinu á Borðeyri ásamt vöflukaffi í Riishúsi.


Í öðru sæti varð mynd eftir Öldu Sverrisdóttur, af dæmigerðu sólarlagi við Hrutafjörð.

Í þriðja sæti er mynd af Finni Sigurðssyni að baða sig í Ormsá í dæmigerðum hrútfirskum sumarhita, tekin af dóttur hans, Dýrleifu.

Í fjórða sæti er önnur mynd eftir Öldu Sverrisdóttur, af höfuðstað-

um Borðeyri speglast í firðinum í falletgri kvöldbirtu.

Í fimmta sæti er mynd eftir Finn Sigurðsson. Hún er af Tröllakirkju á Holtavörðuheidi, hæsta fjalli Vestfjarðakjálkans. /HKr:



Í öðru sæti varð mynd eftir Öldu Sverrisdóttur, af dæmigerðu sólarlagi við Hrutafjörð.

Bændablaðið

Kemur næst út

**18.**  
nóvember

Smáauglýsingar

56-30-300

**PRONAR**

Fjölplógar

í stærðum frá 1.35m til 4.0m



Plógur á mynd:  
3.3m með 3p festingu og stjórnborði  
Verð **1.290.000** kr. án/vsk  
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ | Austurvegi 69, 800 Selfossi  
Sími 480 0000 | sala@aflvelar.is | aflvelar.is

**Kerrur**

frá Ifor Williams  
í öllum stærðum  
og útfærslum



Mikið úrval varahluta í Ifor Williams  
og allar aðrar gerðir af kerrum,  
ásamt úrvals viðgerðarþjónustu



Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík  
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

Bændablaðið  
á [bbl.is](http://bbl.is) og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

Lely Center Ísland



**KÚPLINGAR** í flestar  
gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.LCI.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Sauðfjárslátrun hafin heima á bæjum til markaðssetningar:

# Bændurnir í Birkihlíð fagna því að öll virðiskeðjan sé komin í eigin hendur

Sigurður Már Harðarson  
smh@bondi.is



Í maí síðastliðnum var gefin út reglugerð um lítil sláturhús á lögbýlum, sem heimilar bændum að slátra sauðfé og geitum heima á bæjum til markaðssetningar afurðanna, að uppfylltum skilyrðum reglugerðarinnar. Fjórar umsóknir hafa borist Matvælastofnun um rekstrarleyfi og komu þær allar í júlí. Tveir umsækjendur eru komnir með leyfi og eru byrjaðir að slátra, tveir aðrir eru enn í leyfisferli.

Bændur á bæjunum Birkihlíð í Skagafirði og Grímsstöðum í Reykholtssdal eru þegar byrjaðir að slátra og hefur gengið vel á báðum bæjum.

## Reglugerð í kjölfar tilraunaverkefnis frá síðasta ári

Reglugerðin var gefin út í kjölfar tilraunaverkefnis um heimaslátrun fyrir ári síðan sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið stóð fyrir síðastliðið haust í samstarfi við Landssamtök sauðfjárbænda. Markmiðið var að leita leiða til að auðvelda bændum sauðfjárslátrun heima til markaðssetningar og gefa þeim þannig tækifæri til frekari verðmætasköpunar úr eigin afurðum. Alls tóku 25 bæir þátt í verkefninu vítt og breitt um landið og var 112 lömbum slátrað.

Ragnheiður Lára Brynjólfssdóttir í Birkihlíð segir að þau séu alveg í skjýjunum með hvernig til hefur tekist. Þar er búið að slátra tvisvar sinnum, 23 lömbum alls, og áætlað að slátra einu sinni enn í það minnsta.

„Þetta verða sennilega um 40 lömb í haust vegna þess hve seint við fengum leyfið. Við ætlum ekki að slátra neinum ám í haust. Við höfum verið með frábæra og vana menn í þessu með okkur og alveg yndislegan dýralækni frá Matvælastofnun,“ segir hún.

Rekja má upphafið að því að reglugerðin var gefin úr síðasta vor til svokallaðs Örslátrunarverkefnis Matís frá haustdögum 2018. Þá var nokkrum lömbum slátrað heima í Birkihlíð – samkvæmt tillögum Matís að reglum um örslátrun – og afurðir úr slátruninni seldar í kjölfarið á bændamarkaði á Hofsósi.

Mælingar voru gerðar meðal annars á örverum og sýrustigi – og kjötafurðirnar bornar loks saman við afurðir sem komu úr hefðbundinni sauðfjárslátrun. Sveinn Margeirsson, þáverandi forstjóri Matís, stóð fyrir Örslátrunarverkefninu og var ákærður af Lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra fyrir brot á lögum um slátrun og sláturafurðum í október 2019, en sýknaður ári seinna.

## Öll virðiskeðjan komin í hendur bænda

„Það er bara frábært að bændur séu komnir með allt ferlið til sín. Þeir eru komnir með alla virðiskeðjuna heim til sín. Bændur eru matvælaframleiðendur og þeir eru að búa til mjög heilnæmar, góðar og flottar matvörur,“ segir Ragnheiður.

„Fyrir okkur persónulega þá getum við meira stjórnað okkar sláturtíma; byrjað að slátra mun fyrir en hingað til, jafnvel um miðjan ágúst og þess vegna slátrað fram í miðjan nóvember

–verið lengur með nýtt og ferskt kjöt á markaðnum.“

## Margir kostir við nýtt fyrirkomulag

„Með þessu breytta fyrirkomulagi getum við sparað heimtökukostnað sem hefur verið hjá okkur í kringum eina milljón, en jú, á móti kemur að við þurfum að borga launakostnað.

Hvað varðar dýravelferð þá er þetta bara allt annað. Nú fæðast lömbin heima á bænum og enda líf sitt líka þar í rólegheitum.

Hér hjá okkur eru fjárhúsin, réttin og svo banaklefinn þar fyrir utan. Þau eru bara í rólegheitum inni í fjárhúsinu og eru leidd út eitt af öðru í sínu venjulega umhverfi, búið að fara þarna út og inn mörgum sinnum. Ekkert stress og engin læti. Svo getum við alveg rætt um kolefnissporið, sem er varla nokkuð í þessu ferli.

Við getum líka rætt um allan innmatinn sem við fáum nú, hausinn og gærna. Ef fólk hefur tíma, getu og áhuga þá er svo endalaust margt hægt að gera með þetta. Hugsjó ykkur hvað getur komið út úr þessu, öll nýsköpunin, allt sem fólk á eftir að detta í hug að gera úr þessu. Það eina sem getur takmarkað bændur er hugmyndaflugið,“ segir Ragnheiður, en þau voru fyrir með fullbúna kjötvinnslu á bænum sem er eitt af skilyrðum reglugerðarinnar.

„Við fengum til dæmis um daginn styrk frá Matvælasjóði til að grúska eitthvað með innmatinn og þar eru heldur betur komnar fram hugmyndir um að prófa ýmislegt. Það eru bara spennandi tímar fram undan hjá þeim bændum sem hafa hugsað sér að fara út í að slátra heima til markaðssetningar.“

## Stórmarkaðir áhugasamir

Að sögn Ragnheiðar hefur stór verslunarkeðja haft samband við bændur og vill kaupa allt heimaslátrað lambakjöt sem er slátrað löglega heima á bæjum, sem fær að meyrna og verða að úrvalsvöru. „Bara þetta segir okkur að þetta er stórt tækifæri fyrir sauðfjárbændur,“ segir hún.

„Nú hafa bændur líka valkost, en þeir hafa verið algjörlega fastir í fyrri fyrirkomulagi. Þeir hafa verið neyddir til að fara með lömbin sín í sláturhús, en jú, getað tekið lömbin sín heim með tilheyrandi kostnaði. Við höfum undanfarin fjögur ár tekið öll okkar lömb heim og unnið í kjötvinnslunni og selt sjálf. En við höfum velt því fyrir okkur hvort við hefðum lagt í að kaupa okkar eigin lömb út úr afurðastöðinni, ef heimtökugjaldi myndi hækka aðeins til viðbótar við það sem nú.

Þetta á við alla sem eru með kjötvinnslur, þeir hafa þurft að slátra á löggiltu sláturhúsi og borga þetta heimtökugjald. Síðan kemur annar baggi en það er flutningurinn heim til baka, frá afurðastöðinni og aftur heim í kjötvinnsluna á bænum. En við erum mjög vel í sveit sett, með tvö sláturhús hérna í bakgarðinum, á Sauðárkróki og á Blönduósi, en það eru ekki nærri því allir svo heppnir. Fólk sem býr á Vestfjörðum og eins á Suðaustur- og Austurlandi er ekki svona heppið. Það er ansi mikið að keyra fleiri, fleiri hundruð kílómetra til að ná í kjötið sitt aftur og keyra það heim. Þá spyr maður um þetta kolefnisspor sem er svo fint að tala um á tyllidögum.“

## Erfitt en gefandi að vinna og selja eigin vörur

Ragnheiður segir að það sé skiljanlegt að bændur verði reiðir og



Pröstur Heiðar Erlingsson og Ragnheiður Lára Brynjólfssdóttir í Birkihlíð.

Mynd / HKr.



Fyrstu þrjú lambskrokkarnir sem slátrað var í Birkihlíð. Búið er að stimpla á fyrsta skrokkinn. Brynjólfur Birki Þrastarson er á bak við að færa fjórða skrokkinn á hjólarekkann. Á bleiku miðnum stendur númer á lambi og númer hvað það var í sláturröðinni.

Mynd / Birkihlíð

pirraðir þegar afurðaverð er gefið út í lok sumars, því það breytist varla neitt. „Landssamband sauðfjárbænda hefur stundum gefið út viðmiðunarverð, en hefur einhvern tímann verið hlustað á það?“ spyr hún.

„Okkar upplifun, þegar við erum á sauðfjárbændafundum og hlustum á bændur ræða það verð sem þeir fá fyrir sínar vörur, er í allt öðrum veruleika. En þetta er mjög mikil

vinna, við erum alls ekki að gera lítið úr því. Það er bara þannig. En þetta er líka mjög gaman. Það er mjög gaman að hitta viðskiptavinum sína og þeim finnst líka mjög gaman að hitta bændurna og vita hvaðan kjötið sem þeir eru að kaupa kemur. Við finnum mjög vel hvað það er orðin miklu meiri vakning í þessum efnunum síðan við byrjuðum árið 2017.

Við erum á þeirri skoðun að því fleiri sem fara í þetta og gefi þessari vöru tíma til að verða að þeirri gæðavöru sem hún er, með rétttri meðhöndlun, þeim mun eftirsóttari verður hún og þar með eykst neyslan á lambakjöti.

Og til að æra óstöðugan, er ekki bara næst að berjast fyrir nautgripaslátrun? – Já, maður spyr sig,“ segir Ragnheiður að lokum.

Grímsstaðir í Reykholtssdal:

# Reistu sér kjötvinnslu og sláturhús

– Ætla að slátra 100 gimbrum og 30 fullorðnu fé heima í þessari sláturtíð

Á síðasta ári reistu bændurnir á Grímsstöðum sér kjötvinnslu heima á bænum í Reykholtssdal í Borgarfirði og hafa á undanförunum mánuðum unnið að byggingu á litlu sláturhúsi, sem þau tóku svo formlega í gagnið fyrir skemmstu.

Þeir markaðssetja sauðfjárafurðir sínar undir vörumerkinu Grímsstaðaket, en í yfirstandandi sláturtíð er ætlunin að slátra 100 gimbrum og 30 fullorðnu fé. Þá eru þeir með leyfi til að slátra geitum til markaðssetningar og raunar eina sláturhúsið heima á bæ. „Háafell hefur verið í sambandi við okkur varðandi það að taka að okkur slátrun á þeirra geitum og við munum skoða þetta fyrir næsta haust, þegar við höfum meiri tíma,“ segir Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir, bóndi á Grímsstöðum.

## Fyrsta slátrun gekk vonum fram

„Þetta gekk allt mjög vel hjá okkur, alveg hreint vonum fram,“ segir Jóhanna þegar fyrstu slátrun var lokið. „Í framtíðinni ætlum við okkur að slátra meira heima en úr því að við gátum ekki byrjað fyrir þá verður það ekki meira í ár. En það kemur annað haust eftir þetta.

Ætlunin er að sjá um sösluna sjálf, en síðan við byrjuðum með kjötvinnsluna höfum við selt mest í gegnum Facebook og svo er líka farið að aukast að fólk sem hefur keypt af okkur er að segja vinum sínum frá okkur sem hefur þá verið að kaupa af okkur líka. Skemmtilegast er þegar fólk kaupir aftur og aftur. Við rekum einnig Hönnubúð í Reykholti og þar höfum við haft vörurnar okkar í sölu og hefur það gengið mjög vel.

Hvernig salan verður hjá okkur í framtíðinni er erfitt að segja til um, draumurinn er auðvitað að geta selt alla okkar framleiðslu sjálf og vonandi sem víðast. Aðili sem kaupir mikið er auðvita draumakúnninn okkar.“

## Tæplega þriggja ára ferli

Fyrsta skóflustungan að kjötvinnslunni var tekin 31. desember 2018 og segir Jóhanna að grunnur og undirstöður hafi verið tilbúin í júní 2019 og þá komu gámarnir sem húsið er byggt úr. „En það var ekki fyrir en haustið 2020 sem húsið var tilbúið og við komin með leyfi fyrir kjötvinnslunni.

Þegar við vorum að byggja kjötvinnsluna þá var umræðan um órsáturhús komin af stað svo við gældum við að í framtíðinni myndum við bæta því



Hér eru þrjú gámar komnir. Einn gámur skiptist í frysti og kæli, hinir tveir eru vinnslurýmið og inngangur.



Jóhanna og sonur hennar, Tómas Orri, taka fyrstu skóflustunguna.



Viðbyggingin.

Matvælastofnun leggur til dýralækni til að sinna henni fyrir bændur. „Gæðahandbókina skrifaði ég þegar við vorum að opna kjötvinnsluna, svo að sú vinna var að mestu leyti búin þegar við ákváðum að fara út í að gera slátur-

við, en við áttum ekki von á að það myndi gerast strax árið eftir. Í sumar ákváðum við að slá til og bæta við húsið 18 fermetrum svo að slátrunin myndi rúmast betur í húsinu.“

## Frjálssir og óháðir bændur

Að sögn Jóhönnu er staðan sem þau eru komin í ákjósanleg að því leyti að nú eru þau orðin eigin herrar og óháð afurðastöð að öllu leyti. „Við getum selt okkar vöru þar sem við viljum og svo getum við búist við að fá um 70 prósent meira greitt fyrir kílóid. Síðan er það kostnaðurinn sem sparast, til dæmis er sláturkostnaður í Borgarnesi við heimtöku 5.500 krónur á lamb og 6.000 krónur á fullorðið, ef ég man rétt. Það sparast einnig kostnaður við að koma fénu í sláturhúsið og flytja það aftur til okkar.

Í staðinn erum við með launakostnað til þeirra sem hjálpa okkur við slátrun hér og auðvitað rekstrarkostnaður við húsið.“

## Gæðahandbók og heilbrigðisskoðun

Til að fá sláturleyfi á húsið þarf að halda gæðahandbók fyrir starfseminu og áskilin er formleg heilbrigðisskoðun við slátrun, en



Fyrstu skrokkarnir sem slátrað er í nafni Grímsstaðakets.

hús. En það þurfti að skrifa nýjan kafla um sláturhúsið og allt sem þar fer fram.

Við þurfum að fylgja gæðahandbókinni í allri okkar vinnu, og þar er auðvitað skrifinnaska, eins og til dæmis að skrá hitastig á kælum og frystum, þríf, hvað er verið að vinna og hvert það fer. En með því að fylgja gæðahandbókinni þá getum

við líka verið viss um að við erum að fara eftir þeim reglum sem gilda í matvælaframleiðslu og það er það sem allir vilja.

Þegar við slátrum þá kemur til okkar dýralæknir sem fylgist með dýrunum og okkar vinnu. Enn sem komið er þá er það gjaldfrjálst fyrir okkur og vonum við bara að það haldi áfram,“ segir Jóhanna. /smh

## Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga

Óskar eftir að ráða lagermann með lyftararéttindi  
Um fullt starf er að ræða

### Hæfniskröfur:

- Lyftararéttindi
- Góðir skipulagshæfileikar
- Jákvæðni og þjónustulund
- Stundvísi og samvirkusemi
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta

Gott væri ef viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst.

Hvetjum alla áhugasama til að sækja um, óháð kyni.

Allar nánari upplýsingar veitir Edda Þórðardóttir skrifstofustjóri Kjötafurðastöðvar í síma 455 4588. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á edda.thordardottir@ks.is

**Kjötafurðastöð**

Eyrarvegi 20 - 550 Sauðárkrúkur - Sími: 455 4580



Glænýtt verk frá Hundu í óskilum


Frumsýning  
5. nóvember

N J Á L A

Á HUNDAVÁÐI

Tryggðu þér miða á borgarleikhus.is





## UTAN ÚR HEIMI

# Hampur notaður sem harðviður og sagður 20% sterkari en eik

Iðnaðarhampur sem mikið var notaður á öldum áður, m.a. í kaðla- og seglagerð, hefur fengið mjög vaxandi athygli á undanförunum árum. Það eru einkum umhverfisáskoranir sem byggja á að horfið verði frá notkun kemískra efna sem unnin eru úr jarðolíu, sem ýtt hafa undir umræðuna. Nú er það nýting á hampi í við sem sagður er 20% sterkari og 100 sinnum hraðvaxnari en gamla góða eikin.

Það er þó ekki bara iðnaðarhampur sem rætt er um í þessu sambandi. Víða í ríkjum Bandaríkjanna er orðið heimilt að rækta lyfjahampur, en hliðarafurð þeirrar framleiðslu eru stíklar jurtarinnar sem hafa mikinn vaxtarhraða. Jafnvel er farið að tala um að hampur kunni að verða arftaki bómullar í fatnað.

## Með einkaleyfi á HempWood

Nú þegar það er löglegt að rækta hampur í Bandaríkjunum, er verkfræðingurinn Greg Wilson, sem hefur eytt síðasta áratug í að þróa úr hampi „harðvið“, að byggja 6 milljóna dollara verksmiðju til að framleiða vöruna í massavís. Einkaleyfisvarða hugmyndin hans heitir „HempWood“, eða hampviður. Hann er gerður úr þjöppuðum hampkvoðutrefjum, sem haldið er saman með lími sem unnið er úr soja.

## Byggt á reynslu á framleiðslu úr bambus og úrgangsviði

Greg Wilson er eigandi HempWood. Hann var líka brautryðjandi í bambusgólfeinaiðnaðinum áður en hann beindi sjónum sínum að hampi. Fyrirtækið notar tækni sem er þekkt í kínverskum bambusiðnaði, auk tækni sem þróuð var hjá SmartOak Pty Ltd í Tasmaníu, öðru fyrirtæki í eigu Greg Wilsons, sem starfar undir regnhlífarfyrirtækinu Hardlam. Það framleiðir samlímdar



Greg Wilson, hugmyndasmiðurinn og eigandi HempWood.

pressaðar viðarvörur með því að nota úrgangstímur sem annars fer í viðarkurl. Þar er líka framleitt gólfparket og veggklæðning undir heitinu TasOAK. Wilson hefur komið víða við og starfað m.a. í Kína, Evrópu og Ástralíu.

## Hampviður 20 prósent harðara en eik og vex 100 sinnum hraðar

Þó að það gæti hljómað eins og einhver nýmótud útgáfa af spónaplötum, er það alls ekki raunin. Þessi hampviður lítur nefnilega út ekki ósvipað eik, en er í raun 20 prósent harðara en það fræga harðviðartré. Hampurinn vex líka 100 sinnum hraðar en eikin. Það tekur eikartré að minnsta kosti 6 áratugi að þroskast til að nýtast í timbur, en hampurinn nær fullum þroska á vel innan við 6 mánuðum.

Fyrirtækið HempWood segir að afurðir þess verði orðnar samkeppnishæfar við ameríska eik þegar á þessu ári. Sagt er að verið sé að vinna að sölu framleiðsluleyfa í Evrópu, Kanada og í Ástralíu. Fyrirtækið verður með höfuðstöðvar í Kentucky, þar sem nú þegar er verið að rækta meira en 40.000 hektara af hampi. HempWood verður m.a. hægt að nota til að búa til viðarbita, gólf-

efni, skurðbretti og hjólabretti, á mun lægra verði, að sögn stjórnenda fyrirtækisins, en hlutir sem unnir eru úr eik.

## Minnkar álag á eikarskóga

Nýting á hampi sem staðgengilsefni fyrir eik þykja góðar fréttir fyrir eikartré. Þau eru meðal þeirra trjáa sem eru í útrýmingarhættu á jörðinni



Borðviður sem unninn er úr samlímdum hamptréfjum. Myndir / HempWood

vegna mikillar eftirspurnar. Eik var á árum áður eftirsótt til skipasmíða og sóttu Bretar m.a. stíft í eikarskóga í Baskalandi á Norður-Spáni. Þá var mikill fjöldi eikarbáta smíðaður á Íslandi á síðustu öld þegar

hér var starfandi mjög stór hópur menntaðra tréskipasmíða. Þá hefur eik verið eftirsótt við smíði á gegnheilum húsgögnum. Margir hugsa sér nú til hreyfings í að nota hampur sem burðarefni í smíðavið. /HKr

## VANTAR ÞIG HEYRNARTÆKI?

Nýju **MORE** heyrnartækin eru þjálfuð til að þekkja hljóð. Innbyggt djúptauganet skilar einstaklega nákvæmri hljóðvinnslu og skýrum hljómgæðum.

Í nóvember bjóðum við upp á heyrnarmælingar og ráðgjöf á: **Akureyri, Egilsstöðum, Húsavík, Neskaupstað Reykjanesbæ, Sauðárkróki, Selfossi og Vestmannaeyjum**



Tímabókanir í síma **568 6880**

**Heyrnartækni** | 20 ára

Glæsibæ | Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | [Heyrnartækni.is](http://Heyrnartækni.is) | 568 6880

## Aðalfundur Æðarræktarfélag Íslands

Aðalfundur Æðarræktarfélag Íslands fyrir árin 2020 og 2021 verða haldnir laugardaginn 6. nóvember 2021 í Nauthól, Nauthólsvégi 106, 101 Reykjavík. Fundahald hefst kl. 10.00 og lýkur kl. 15.00, sbr. meðfylgjandi dagskrá. Fundirnir verða aðgengilegir á Teams fyrir félagsmenn.

Aðalfundirnir verða með óhefðbundnu sniði þar sem aðalfundur 2020 og 2021 fara fram samhliða og þá skal taka afstöðu til þess hvort Æðarræktarfélag Íslands sem slíkt verði lagt niður og sameinað Bændasamtökum Íslands sem búgreinadeild æðarræktar.



### Dagskrá

**Kl. 10:00-10:30**  
Fundarsetning.  
Aðalfundur 2020. Tilnefning fundarstjóra og fundarritara.  
Ársreikningur lagður fram til samþykktar. Fyrirspurnir og umræður. Öðrum liðum aðalfundar 2020 frestað til aðalfundar 2021.

**Kl. 10:30-12:30**  
Aðalfundur 2021 settur.  
Skýrslur stjórnar.  
Ársreikningur.

Sölu- og markaðsmál.  
Kristinn Björnsson  
verkefnastjóri kynnis  
samstarf Íslandsstofu og  
Æðarræktarfélag Íslands.

**Kl. 12:30 - 13.00**  
Léttur hádegisverður

**Kl. 13:00-15:00**  
Kynning, umræður og skrifleg atkvæðagreiðsla um sameiningu ÆÍ við BÍ

**Kl. 15:00** Fundarslit



## Vel búnaðar alhliða vélar á ótrúlegu verði



## KUBOTA M6002 - Ný dráttarvélalína, ný viðmið

Fyrsta sending seldist strax upp. Erum að taka við pöntunum til afgreiðslu eftir áramót.

- 3 stærðir 120/130/140 hö. 20 ha. aflauki (boost) í akstri.
- Öflug 115 l/min LS dæla.
- Fjaðrandi framhásing og fjaðrandi hús.
- Eitt stærsta húsið sem býðst á dráttarvélum í dag.
- Einstök lipurð. Flotmikil dekk, 480/65R24 að framan, 600/65R38 að aftan
- Val um 5 stærðir af KUBOTA ámoksturækjum frá MX.

Leiðið tilboða hjá sölumönnum okkar. Verðin koma á óvart.

**PÓR**

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500	AKUREYRI: Baldursnes 8 Sími 568-1555	Vefsíða og netverslun: www.thor.is
--	--	---------------------------------------

Héraðssýning lambhrúta á Snæfellsnesi 2021:

# Ásbjörn Pálsson og Helga Jóhannsdóttir, bændur í Syðri-Haukatungu II, áttu besta lambhrútinn

Héraðssýning lambhrúta á Snæfellsnesi var haldin laugardaginn 16. október og var henni skipt í tvo hluta milli varnargirðinga, sem sagt fyrri sýningin var á Gaul í Staðarsveit og á hana voru mættir 54 hrútar í heildina. Á þeirri sýningu var einnig haft gimbrahappdrætti sem hefur vakið mikla lukku og notað til að ná upp í kostnað við sýninguna.

Seinni sýningin fór svo fram sama dag um kvöldið og hún var í Syðri-Haukatungu II og þar voru 18 hrútar í heildina. Það voru svo fimm hrútar í uppröðun á hverri sýningu og kepptu þeir svo saman og dómarmar röðuðu þeim í verðlaunasæti.

Það voru veitt verðlaun fyrir þrjú flokka, þ.e. mislita kollótta og hyrnda hrúta, kollótta hrúta og svo hvíta hyrnda. Dómarmar voru Sigríður Ólafsdóttir og Stella G. Ellertsdóttir.

Svo voru veitt verðlaun fyrir þrjú flokka, þ.e. mislita kollótta og hyrnda hrúta, kollótta hrúta og svo hvíta hyrnda. Dómarmar voru Sigríður Ólafsdóttir og Stella G. Ellertsdóttir. Það voru svo veitt vegleg verðlaun fyrir vinningssetin og þar má nefna að Kalksalt ehf. á Flateyri gaf fötur með kalksalti í verðlaun. Þetta er íslensk framleiðsla í hágæðaflokki fyrir íslenska bændur.

## Syðri-Haukatungu II með besta lambhrútinn á sýningunni 2021

Ásbjörn Pálsson og Helga Jóhannsdóttir í Syðri-Haukatungu II áttu besta lambhrútinn á sýningunni 2021 og



Höfundur myndanna, Herdís Leifsdóttir, að smala í Búlandshöfða með tíkinni Donnu.

fengu fallega farandskjöldinn sem er veittur til eignar í eitt ár.

Halla Sif Svansdóttir frá Dalsmynni átti besta hrútinn í flokki mislita hrúta og svo í öðru sæti var hrútur frá Halli Pálssyni á Nausti en hann var ekki viðstaddur. Í þriðja sæti voru Guðlaug Sigurðardóttir og Jóhann Eyberg Ragnarsson á Hraunhálsi.

Í kollótta flokknum voru Helga Jóhannsdóttir í Syðri-Haukatungu II í fyrsta sæti og Guðlaug Sigurðardóttir á Hraunhálsi var í öðru sæti. Í því þriðja var Brynjar Hildibrandsson í Bjarnarhöfn.

## Jón Bjarni á Bergi með besta hvíta hyrnda hrútinn

Verðlaunahafar í flokki hvíta hyrnda hrúta voru Jón Bjarni Þorvarðarson á Bergi í fyrsta sæti, í öðru sæti var Helga í Syðri-Haukatungu II og í þriðja sæti var Gísli Þórðarson í Mýrdal. /HL/HK:



Ásbjörn Pálsson og Helga Jóhannsdóttir í Syðri-Haukatungu II áttu besta lambhrútinn á sýningunni 2021 og fengu fallega farandskjöldinn sem er veittur til eignar í eitt ár. Myndir / Herdís Leifsdóttir



Hér eru vinningshafar fyrir mislita hrútana. Halla Sif Svansdóttir frá Dalsmynni (til hægri á myndinni) átti besta hrútinn og í öðru sæti var hrútur frá Halli Pálssyni á Nausti en hann var ekki viðstaddur. Í þriðja sæti var Guðlaug Sigurðardóttir og Jóhann Eyberg Ragnarsson á Hraunhálsi.



Verðlaunahafar í kollótta flokknum. Talið frá vinstri: Brynjar Hildibrandsson í Bjarnarhöfn sem var í þriðja sæti. Guðlaug Sigurðardóttir á Hraunhálsi, sem var í öðru sæti og Helga Jóhannsdóttir í Syðri-Haukatungu II sem hreppti fyrsta sætið.



Verðlaunahafar í hvíta hyrnda flokknum, talið frá vinstri: Gísli Þórðarson í Mýrdal sem var í þriðja sæti. Helga Jóhannsdóttir í Syðri-Haukatungu II sem var í öðru sæti og Jón Bjarni Þorvarðarson á Bergi sem var í fyrsta sæti.



Þessar skvísur voru hressar og kátar með súpuna og kaffið. Mæðgurnar Jóhanna Ásgeirsdóttir og Halla Dís Agnarsdóttir á Lýsuhóli voru klæddar bleiku í tilefni dagsins og bleikum október og með þeim er Þórunn Hilma Svavarsdóttir Poulsen á Neðri-Hóli.



Á bænum Gaul í Staðarsveit var vel mætt af hvítum hyrndum hrútum.



Það var líka vel mætt í mislitu fé á Gaul. Þarna má sjá helstu bændurna með hrútana sína til keppni og í bláu lopapeysunni er Kristinn, bæjarstóri Snæfellsbæjar, mættur og konan með gráa hrútin er sýningarhaldarinn, Heiða Helgadóttir á Gaul.



Minjastofnun Íslands  
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr  
húsafriðunarsjóði  
fyrir árið 2022

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsóknna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislubyggingararfleifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is).

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2021. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álitu við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um verndarsvæði í byggð og um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Gagnasafn). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt endurgjaldslaus ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á [www.husverndarstofa.is](http://www.husverndarstofa.is)).



Minjastofnun  
Íslands

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík  
Sími: 570 1300  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
[húsafriðunarsjodur@minjastofnun.is](mailto:húsafriðunarsjodur@minjastofnun.is)

Lely Center Ísland Grammer sæti



Reykjavík Krókháls 5F – Sími 414 0000 – [www.LCI.is](http://www.LCI.is)  
Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

**Bændablaðið**  
**Kemur næst út**  
**18.nóvember**

**KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ**

TYROLIT DME33UW  
kjarnaborvél.  
450mm



TYROLIT DME20PU  
kjarnaborvél.  
180mm



TYROLIT



TYROLIT  
kjarnaborar



TYROLIT steinsagarblöð

TYROLIT WSE1621 veggsög.  
20kW - Sögunardýpt: 70cm



TYROLIT FSG513P gólfsög.  
Sögunardýpt: 19,5cm



Víkurbær 8 - 203 Kópavogi  
Sími 544 4656 - [www.mhg.is](http://www.mhg.is)

Nýr umboðsaðili TYROLIT á Íslandi

Eljusemi og einstök vinátta:

# Hápunktur dagsins að komast í reiðtúr

– Margrét Ágústa og Þórdís Anna samþætta frama og hestamennsku

Guðrún Hulda Pálsdóttir  
gudrunhulda@bondi.is



Það gæstar af vinkonunum Margréti Ágústu Sigurðardóttur og Þórdísi Önnu Oddsdóttur þegar þær renna í hlaðið á hesthúsinu sínu í Hafnarfirði. Oftast eru þær klæddar háhæluðum skóm og drögtum sem hæfa skattalögfræðingi og bankastarfsmanni, en þær skipta því hins vegar fljótt út fyrir vinnusamfestinga merktu Fóðurbloðdunni og fara að moka út. Góður reiðtúr er svo hápunktur dagsins.

Hestamennska er viðamikill lífsstíll í íslensku samfélagi en samkvæmt upplýsingum frá Landsambandi hestamannafélaga eru 12.000 iðkendur á öllum aldri skráðir í hestamannafélög. Meginþorri hestamanna hér á landi eru hvorki atvinnuknappar né hrossaræktendur, heldur falla þeir undir hinn óræða flokk hins almenna útreiðamanns, sem stundar hestamennsku fyrst og fremst til að vera í tengslum við náttúruna og sér til heilsubóta.

Hestamennska er nokkuð yfirgripsmikið áhugamál, í raun ákveðinn lífsstíll. Til að stunda hana þarftu að hafa aðgang að hestum, húsakosti og útbúnaði, þú þarft að kunna til verka og hafa tíma til þess að annast og sinna dýrunum. Það er því ekki beint gengið að því að stunda hestamennsku, hvað þá að njóta hans samhliða annasömu nútímalífi. Þó eru til fyrirmyndardæmi og er saga Margrétar og Þórdísar eitt slíkt. Þær halda sína hesta á húsi hjá hestamannafélaginu Sörla í Hafnarfirði og eru þar í hverfinu þekktar undir heitinu Fóðurbloðdusystemar, enda samfestingar merktir fyrirtækinu hálfgerður einkennisklæðnaður þeirra í hesthúsinu.

## Sérvitur og sjálfstæð

Þótt vinkonurnar tvær séu afar nánar þá eru þær engu að síður harla ólíkar. Skattalögfræðingurinn Margrét Ágústa er galvösk og létt á bárunni meðan vélaverkfræðingurinn Þórdís Anna er öguð og ábyrg harðkjarna-keppnismanneskja. Saman mynda þær dýnamískt dúó, bæta upp hvor aðra og í sameiningu er ekkert verkefni of stórt fyrir þær.

Hestamennskan hefur fylgt Margréti frá unga aldri og á árum áður stundaði hún hana með Sigurði föður sínum og Ófeigi frænda.

„Ég þekki ekkert annað en að vera í hestamennsku. Pabbi ól í mig strax mikla ábyrgð, því hann lét mig alltaf sjá alfarið um hrossin, hvort sem var að gefa, moka, ormahreinsa eða hvað annað. Ég man eftir mér 8 ára í Melaskóla á skrifstofu skólastjórans að fá að hringja í Guðbrand Óla og panta hestaflutninga. Síðan var mér bara skutlað upp í hesthús og ekki sótt fyrir en seint og um síðir, eftir að hafa mokað út, gefið, hreyft hrossin og klárað allt kexið á kaffistofunni. Skál reyndar viðurkenna að Ófeigur frændi var mér oftast til halds og trausts, en við þurfum kannski ekkert að vera að taka það fram. Ég ætlaði alltaf að verða bóndi, ég var með rokk inni í herberginu mínu, klæddist oftast gúmmítúttum og vildi helst búa í torfkofa og tala í bundnu máli. Jesús, hvað ég hef verið spes krakki, svona þegar ég heyri mig segja þetta, almáttugur.“

## Vélavannur nýliði

Á meðan hestamennskan er Margréti í blóð borin er tiltölulega stutt síðan



Þær víluðu ekki fyrir sér að hoppa á barbakt í vinnudrögtunum í hádegishléinu, vinkonurnar Þórdís Anna og Margrét Ágústa. Þórdís (tv.) situr Úða frá Útverkum og Margrét (t.h.) Hrapp frá Árbæjarhjáleigu II. Myndir/ghp og einkasafn



Hestamennskan hefur fylgt Margréti frá unga aldri. Hér er hún, ellefu ára gömul á hestinum Krapa frá Seglbúðum, er hún vann til ásetuverðlauna hjá gæðingamóti hestamannafélagsins Kóps árið 1994. Samkvæmt Margréti er óþarfi að taka það fram en keppendur um ásetuverðlaunin voru einungis tveir.


Þórdís hóf sína vegferð inn í lífsstílinn.

„Ég byrjaði fyrir hálfgerða tilviljun. Þegar afi minn, Einar Þorkelsson, lést árið 2013 skildi hann eftir sig jörðina Útverk á Skeiðum og 20 hesta stóð. Út frá því förum við Einar, bróðir minn, að kynna okkur betur hestamennskuna og fundum okkur gjörsamlega í öllu því sem henni fylgir. Í dag er ég áhugabóndi og knapi. Við sjáum um landið á Útverkum, girðum, brynum, bjóðum upp á hagabæit o.s.frv. Ég er líka með kerrupróf og rosalega góð á traktor,“ segir hún. „Þú ert líka afskaplega dugleg

að laga tækin, skipta um glussa og svona. Ég er aftur á móti meira bara handlangarinn í okkar sambandi,“ stungur Margrét inn í.

Þórdís á ekki langt að sækja vélaáhugann því faðir hennar er framkvæmdastjóri í fjölskyldufyrirtækinu Þór hf. sem meðal annars flytur inn dráttarvélar og önnur landbúnaðartæki. „Ég er stundum kölluð Kubota-drottningin,“ segir Þórdís og hlær.

„Ég skal alveg viðurkenna það að þú ert leiðtögin á traktornum. Þú kannst að keyra hann, bakka og setja á gaffla og svona. Ég upplifi mig samt rosalega töff þegar ég er



Þórdís hóf sína hestamennsku fyrir aðeins átta árum og er nú kolfallinn áhugabóndi og knapi. Hér má sjá Elías, son Þórdísar, sitjandi á Kapteini frá Miðhjáleigu, fyrsta hestinum sem Þórdís settist á, féll fyrir og keypti í framhaldi. Sjálf situr hún Spak frá Borg.

skoppandi í hliðarsætinu,“ segir Margrét.

## Valdeflandi að vera sjálfhjarga

Hestamennska vinkvennanna snýst sem sagt ekki eingöngu um almennar útreiðar. Jörðin kallar á ýmsar skyldur s.s. að halda girðingum við, reka stóðið milli stykkja, brynna og sinna hrossum sem þar eru á beit. Þá víla þær ekki fyrir sér hesta- né stórbaggaflytninga eftir að Þórdís Anna fékk kerrupróf.

„Við erum mjög sjálfstæðar í okkar hestamennsku. Það getur alveg verið töluvert vesen að keyra

austur fyrir fjall og sækja fimm bagga af heyi. Baggarnir eru 250 kíló og það þarf að velta þeim og koma þeim á kerru og í hús. Þetta er samt rosalega góð líkamsrækt,“ segir Þórdís.

„Það er alveg sjúklega þreytandi oft að vesenast með baggana, sérstaklega þegar maður þarf að fara að velta þeim inn og er bara einn. Þá fæ ég yfirleitt alltaf einhvern úr hverfinu til að hjálpa mér, en Þórdís er svo mikill trukkur að hún getur velt þeim inn sjálf,“ segir Margrét.

Þá hafa þær að leiðarljósi að geta séð alfarið um hrossin sín, hvort sem það heitir að skaufahreinsa





Vinkonurnar hafa að leiðarljósi að geta séð alfarið um allt sem tengist hestamennskunni þeirra, hvort sem það er að girða af beitarstykki, gangsetja, skaufahreinsa, moka eða flytja hross og hey landshluta á milli.



Hestaslys sem Þórdís lenti í varð til þess að vinkonurnar ríða nú aldrei út án bakbrynju. „Þær eru fisléttar og töff og gera aldrei ógagn. Ég er sannfærð um að eftir 5-10 ár verði allir með bakbrynjur,“ segir Margrét.

eða gangsetja. Í haust ákváðu þær svo að setjast á skólabeck hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

„Við skráðum okkur í Reiðmanninn sem er 2 ára nám hannað fyrir fólk samhliða vinnu. Bóklegir tímar fara fram á kvöldin á netinu. Einu sinni í mánuði eru staðlotur og verklegir tímar í Samskipahöll Sprettis en þess á milli þurfum við að vinna með hestana. Þarna er farið í grunntengingar, hvernig maður fær hest til að skilja sig og hvernig við getum frekar skilið hann og lesið í aðstæður. Ég vildi sækja þetta nám þar sem ég var ekki með neinn grunn í reiðmennsku þar sem ég byrjaði svo seint. Í stað þess að fá mér tíma hjá reiðkennara ákvað ég bara að taka þetta markvisst fyrir gegnum þetta nám,“ segir Þórdís og Margrét sló þá líka til.

„Maður getur alltaf bætt sig sem knapi, hversu lengi sem maður hefur verið í hestamennsku. Þó ég sé búin að vera á baki síðan ég var okfruma og get í raun kannski alveg haldið mér á baki á hvaða hrossi sem er, þá verður að viðurkennast að ásetan gæti verið glæsilegri. Hestamennska fyrir 20–30 árum er allt önnur en hún er í dag. Núna er mikil áhersla lögð á rétta ásetu. Þórdís byrjaði seint en situr rétt því hún lærir þetta allt nýtt. Ég sit hins vegar í kuðung og þarf allt í einu að fara að venja mig á eitt-hvað annað. Það er mikil áskorun að leiðrétta blessaða sveitaásetuna og fyrir mér eins og að réttent manneskja þurfi að læra að skrifa með vinstri,“ segir Margrét.

„Við þurfum að læra að gera ábendingar og koma þeim frá okkur á þann hátt sem hesturinn skilur og gæta að því að vera alltaf fylginn sér. Það þýðir ekkert að gera hlutina bara stundum, því þetta er spurning um að tala við hestinn svo hann hlusti og læri að bregðast við. Þetta eru skemmtilegar aðferðir sem byggja á umbun. Þannig að um leið og hesturinn svarar ábendingu er honum umbunað fyrir að gera rétt. Við getum svo yfirfært þessar aðferðir á alla hina hestana okkar,“ segir Þórdís.

#### Keppa í áhugamannadeild

Í vetur ætla þær að láta reyna á getu sína í reiðmennsku og taka þátt í áhugamannadeild Equesana í hestaíþróttum.

„Magga fékk símtal frá Birnu



Í vetur stunda vinkonurnar nám hjá Landbúnaðarháskólanum og ætla að láta til sín taka í áhugamannadeild Equesana í hestaíþróttum 2022. Þórdís (t.v.) situr á Toppi frá Litla-Moshvoli og Margrét (t.h.) á Hrappi frá Árbæjarhjáleigu II.

## Hvernig hross væru þið?

**Margrét:** Ég væri fjölhæfur alhlíðahestur, allur pakkinn. Þórdís væri eftirtektarverðari í reið. Hún væri að keppa í tölti. Ég væri ekki farsæl í keppni en væri sjálfsagt fyrsta hrossið sem farið væri með á fjall.

**Þórdís:** Ég er sannfærð um að ég væri með gott afturfótaskref og hágeng, töltprinsessa með 10 fyrir byggingu. Magga væri samt með betra geðslag. Þú vissir að hverju þú myndir ganga þegar þú færir á hana Möggu. Ég væri líklega dyntótt meri.

**Margrét:** Ég væri jálkurinn og kæmi glettilega á óvart á gangi – hesturinn sem allir vilja eiga en enginn tímir að eyða fé í. Allir myndu vilja Þórdísi, sem fengi bókað 10 fyrir bak og lend.

**Þórdís:** Magga fengi 10 fyrir bóginn. Við værum báðar án vafa fyrstu verðlauna hryssur, en ég væri samt með herra BLUP.

**Margrét:** Ég væri með herra BLUP! Við höfum oft deilt um þetta. Egill Skallagrímsson er forfaðir minn alveg í 28. lið, en bara þinn í 29. lið! Þú sagðir samt einhvern tímann að þú værir sýningarhrossið en ég vinnuhrossið. Það er kannski í raun lýsandi fyrir okkar vináttu.

Ólafsdóttur þar sem hún óskaði eftir því að við yrðum með henni og fleirum í liði í áhugamannadeildinni. Við ákváðum að slá til en gerum okkur fulla grein fyrir því að þetta er mikil vinna en um leið líka mikil áskorun. Þetta verður góð leið til að halda okkur á tánum í vetur, reyna að ná því besta út úr hestunum okkar,“ segir Þórdís og Margrét er samsinna.

„Þó Þórdís segi að við séum bara með til að hafa gaman, þá er hún ein mesta keppnismanneskja sem ég þekki og þrjúskari en allt. Sama hvað hún segir þá er hún bara alls ekki með í þessari deild til að hafa gaman, heldur til að vinna og ná árangri. Hún er líka bókað strax byrjuð að undirbúa æfingar og athuga með hestakosti þrátt fyrir að deildin byrji ekki fyrr en í febrúar.“

Þórdís viðurkennir að þetta sé nokkuð rétt hjá Margréti. Hún segist líka vera afar tapsár sem tvíeflir keppnisskapið hennar. „Ég mun krossa fingur upp á að hún vinni frekar en ég,“ segir Margrét og hlær.

Aðrir liðsmenn í liðinu, utan Margrétar og Þórdísar, eru Birna Ólafsdóttir, Bergdís Finnbogadóttir, Guðrún Sylvía Pétursdóttir og Viggó Sigurðsson.

#### Bakbrynjan jafn sjálfsögd og hjálmur

Þó hún hafi byrjað seint var Þórdís aldrei hrædd á hestbaki, enda þekkt fyrir framfærni.

„Óttaleysið kom svo algjörlega í bakið á mér. Ég fór alltof bratt af stað og endaði með að vera hent af baki af lítið tömdum hesti sem ég hélt ég gæti alveg verið á og ræði við. Það reyndist kolrangt og ég endaði úr axlarlið, í sjúkrahúsi, með morfín í æð og er núna með stálplötu í öxlinni. Ég hef því fengið að súpa seyðið af slíkri fífldirfsku og er bara heppin að ekki fór verr.“

Margrét segir í raun mikla mildi að ekki hafi farið verr. Slysíð hafði þau áhrif á vinkonurnar að í dag ríði þær alltaf út í bakbrynjum.

„Maður ver höfuðið með hjálmi og það er sjálfsagt. Það sama á við um bakbrynju, þær eru fisléttar og töff og gera aldrei ógagn. Ég er sannfærð um að eftir 5-10 ár verði allir með bakbrynjur, þær þurfa bara að verða sýnilegri,“ segir Margrét.

#### Forréttindi og lífsgæði

Í vetur eru vinkonurnar með fimm hross á húsi í þjálfun. Þegar maður er í fullri vinnu með hestamennskunni þá eru 2-3 hestar á húsi algjört hámark ef maður ætlar að iðka þetta af alúð. Það erfiðasta við hestamennskuna er nefnilega yfirþyrmandi samvisku-bitíð sem maður fær þegar maður veit af hestunum sínum óhreyfðum. Maður vill geta haft þá mikið úti og í reglulegri þjálfun,“ segir Þórdís en þær segja að samstarfið þeirra á milli geri það að verkum að þeim tekst vel til. „Þetta er mjög áreynslulaust samstarf enda er hápunktur dagsins fyrir okkur báðar að komast upp í hesthús,“ segir Margrét.

Þær segja hestamennsku vera gott mótvægi við hraða nútímalífsins. Hvergi sé að finna betri núvítund en að vera á hestbaki. „Maður hugsar þá bara eingöngu um stað og stund og slíkt veitir manni hvíld frá ákveðnu hugarangri og áhyggjum,“ segir Margrét.

„Þetta eru í raun svo mikil lífsgæði. Hestamennskan tickar í svo mörg box. Þú ert úti, með dýrum og sinnir heilsunni. Hestamennska tekur frá manni allt stress, hvort sem það er að moka skít eða vinna með hestana, þeir eru sálfræðingar, ótrúlegir karakterar og vinir manns,“ segir Þórdís.

„Við tölum oft um hvað við erum heppnar, að geta komið frá löngum fundardegi í vinnunni og farið svo bara í reiðtúr. Maður hvílir hugann við að vera í nærveru við dýrin. Þetta eru forréttindi og jafnar borgarlífíð út. Það er ómetanlegt að fá að njóta þess líka með bestu vinkonu sinni,“ segir Margrét.

FRÉTTASKÝRING

Þrátt fyrir alheimsfaraldur Covid-19 er sýklalyfjaónæmi enn talið ein mesta heilbrigðisögn heimsins:

# Starfshópur hefur mótað aðgerðaráætlun til að takmarka útbreiðslu ónæmis á Íslandi

– það verði gert með forvörnum, vöktun og íhlutandi aðgerðum

**Hörður Kristjánsson**  
hk@bondi.is



Þrátt fyrir mikla umfjöllun, á liðnum árum og viðtöl við sérfræðinga sem til þekkja þá virðist almennur skilningur á alvarleika vaxandi útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería enn vera ótrúlega takmarkaður. Hefur þetta m.a. komið fram í átökum hagsmunaaðila um tollamál og innflutning á ferskum landbúnaðarafurðum. Staðreyndin er hins vegar að án nothæfra sýklalyfja mun barátta við sýkingar í fólki verða mjög erfið með gríðarlegri aukningu dauðsfalla.

Ýmislegt hefur samt verið gert til að auka skilning á þessum málum, m.a. með myndun starfshóps sem setti saman aðgerðaráætlun með það að markmiði að draga úr heildarnotkun sýklalyfja, bæði hjá mönnum og dýrum.


Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur skilgreint sýklalyfjaónæmi sem eina af mestu heilbrigðisögnum heimsins. Aukið ónæmi fyrir sýklalyfjum veldur vandamálum við meðferð sýkinga og hefur þar af leiðandi slæmar afleiðingar fyrir heilsu manna. Aukning sýklalyfjaónæmis stafar að mestu af ofnotkun sýklalyfja hjá mannfólkinu og ekki síður í dýraeldi. Í Covid-19 faraldrinum virðist hafa dregið töluvert úr sýklalyfjagjöf.

Á árinu 2019 undirrituðu Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra yfirlýsingu um sameiginlegt átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. Í kjölfarið skipuðu ráðherrarnir stýrihóp um varnir gegn sýklalyfjaónæmum bakteríum sem vinnur að framgangi aðgerðaráætlunar sem markar stefnu stjórnvalda í málaflokknum. Auk þess settu ráðherrarnir á fót sýklalyfjaónæmis- og súnsjód sem fjármagnar verkefni í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi, fjármögnuðu nýjar stöður sérfræðinga í sýklalyfjaónæmi í þremur stofnunum auk fleiri verkefna. Ríkisstjórnin lýsti því yfir á árinu 2019 að hún ætli að vera í fararbroddi í aðgerðum til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmis.


### Starfshópur um aðgerðaráætlun

Í samræmi við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp árið 2019 sem var m.a. falið að móta aðgerðaráætlun ef greinast sýklalyfjaónæmar bakteríur í dýrum, sláturfurðum og matvælum. Starfshópurinn skilaði lokaskýrslu um málið 5. febrúar 2021 og kynnti helstu niðurstöður fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, heilbrigðisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Grunnmarkmið aðgerðaráætlunar er að varðveita möguleika á árangursríkri meðferð á bakteríusýkingum hjá fólki og dýrum, með forvörnum og skynsamlegri notkun sýklalyfja. Skýrsla starfshópsins hefur ekki fengið mikla umfjöllun og sjálfsgagt hefur Covid-19 og viðbragðsaðgerðir þar að lútandi haft þar einhver áhrif. Heimsfaraldurinn hafði einnig veruleg áhrif á vinnu skýrsluhöfunda og tafði þeirra vinnu.

Í skýrslu starfshópsins var lagður



Notkun sýklalyfja handa búfé í 31 Evrópulandi árið 2018, mælt í mg/PCU (ESVAC tölur)



Notkun sýklalyfja handa dýrum í 31 Evrópulandi árið 2018, mælt í tonnum (ESVAC tölur)

grunnur að aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda í baráttunni við sýklalyfjaónæmi. Tekið er fram að tillagan að aðgerðaráætlun sé þó ekki fullbúin og telur starfshópurinn að til þess þurfi samtal og samráð við hagsmunaaðila og aðkomu annarra sérfræðinga, s.s. umhverfisstjórnvöld, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og hagfræðinga við gerð kostnaðar- og ábótgreiningar og kostnaðarmats. Starfshópurinn var skipaður af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með skipunarbréfi dags. 17. september 2019 og var þannig skipaður:

- Vigdís Tryggvadóttir, sérgreinadýralæknir súna og lyfjaónæmis, Matvælastofnun, formaður,
- Karl G. Kristinnsson, yfirlæknir sjúkla- og veirufræðideildar Landspítala háskólasjúkrahúss og prófessor í sýklafræði, Háskóli Íslands.
- Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri sýklalyfjaónæmis, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.
- Kjartan Hreinnsson, dýralæknir, sérfræðingur, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

- Verkefni starfshópsins var að móta aðgerðir sem miða að því að lágmarka áhættu sem felst í sýklalyfjaónæmum bakteríum í matvælum.
- Reifa mismunandi valkosti við stefnu stjórnvalda um að koma í veg fyrir dreifingu matvæla sem í greinast sýklalyfjaónæmar bakteríur og að setja fram tímasetta áætlun um næstu skref.
- Útbúa aðgerðaráætlun varðandi förgun dýra, sláturfurða eða matvæla eða aðrar aðgerðir.
- Leggja mat á kostnað vegna aðgerða í tengslum við aðgerðaráætlunir.

### Ísland ætlar að vera í fararbroddi

Í skýrslu fjórmenninganna kemur fram að með þingsályktun nr.

40/149 um aðgerðaráætlun um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna hafi ríkisstjórninni verið falið að hringja í framkvæmd ýmsum aðgerðum sem miða að því að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisaðstöðu innlendrar matvælaframleiðslu. Á meðal aðgerða var að átak yrði gert til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. Í greinargerð með þingsályktuninni segir:

„Ísland ætlar að vera í fararbroddi í aðgerðum til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmis. Innan ramma alþjóðlegra skuldbindinga og á grundvelli lýðheilsusjónarmiða munu íslensk stjórnvöld stefna að því að koma í veg fyrir dreifingu matvæla sem í greinast sýklalyfjaónæmar bakteríur. Þessu skal náð m.a. með banni við dreifingu tiltekinnna sýklalyfjaónæmra baktería í matvælum að undangenginni greiningu á stöðunni, uppsetningu eftirlits og í samræmi við opinbera stefnu í aðgerðum gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería. Mikilvægt er að kallaðir séu til færustu sérfræðingar í því skyni að móta aðgerðir sem miði að því að lágmarka áhættu sem felst í sýklalyfjaónæmum bakteríum í matvælum.“

Skýrsluhöfundar benda á að sýklalyfjaónæmi fari vaxandi á Íslandi eins og í öðrum löndum. Samanburður á sýklalyfjaónæmi á Íslandi og í öðrum löndum geti þó verið erfiður vegna þess að aðferðafræði við rannsóknirnar getur verið mjög mismunandi og í sumum löndum eru nánast eingöngu tekin sýni frá þeim sem eru mikið veikir og/eða svara ekki meðferð með sýklalyfjum. Þeir sem svara ekki meðferð með sýklalyfjum eru líklegri til þess að vera sýktir af fjölonæmum bakteríum en aðrir og getur þetta skekkst samanburð.

Í samantekt skýrsluhöfunda segir m.a.:

„Hér er lagður grunnur að aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda í baráttunni við sýklalyfjaónæmi. Tillagan að aðgerðaráætlun er ekki fullbúin og telur starfshópurinn að til þess þurfi samtal og samráð við hagsmunaaðila og aðkomu annarra sérfræðinga, s.s. umhverfisstjórnvöld, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og hagfræðinga við gerð kostnaðar- og ábótgreiningar og kostnaðarmats. Einnig þarf að fullmóta markmiðin, hvort þau séu raunhæf og hver raunhæfur tíamarammi þeirra sé, m.t.t. hvort það sé almenn eining um að ná markmiðunum og hvort fjárveiting fæst.“

Þá segir að grunnmarkmið aðgerðaráætlunar sé að varðveita möguleika á árangursríkri meðferð á bakteríusýkingum hjá fólki og dýrum, með forvörnum og skynsamlegri notkun sýklalyfja. Fjögur almenn markmið eru dregin fram til að ná grunnmarkmiðinu. Undir hverju almennum markmiði eru sértek markmið og tillaga að útfærslu þeirra.

Í skýrslunni eru einnig tillögur að viðbrögðum við sýklalyfjaónæmum bakteríum í matvælum auk draga að aðgerðum í tengslum við baráttuna um sýklalyfjaónæmi sem starfshópurinn leggur til að unnar verði áfram í samráði við sérfræðinga og hagsmunaaðila.



Framsóknarráðherrarnir, núverandi og fyrrverandi, Sigurður Ingi Jóhannsson og Guðni Ágústsson, eru hrifnir og ánægðir með nýja Skyrlandið.

Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

## Íslenska skyrinu fagnað í Skyrlandi á Selfossi

Það var stór hópur boðsgesta, sem mætti á formlega opnun Skyrlands í nýja miðbænum á Selfossi fimmtudaginn 21. október. Um er að ræða nýja upplifunarsýningu um skyr og matarmenningu Íslands. Sýningin hefur verið í undirbúningi í þrjú ár en aðalhönnuður hennar er Snorri Freyr Hilmarsson, leikmynda- og sýningahönnuður.

Skyrland er í eigu Skyrheima, félags sem Mjólkursamsalan og Sigtún Þróunartfélag stofnuðu utan um verkefnið. Saga Selfoss er



Starfsmenn MS á Selfossi, þau Jóna Steingrímsdóttir og Björn Magnússon (t.v.) og kúabændurnir í Bryðjuholti í Hrunamannahreppi, þau Samúel Eyjólfsson og Þórunn Andrésdóttir, mættu við opnunina, alsæl með nýju sýninguna.

nátengd skyrgerð og mjólkuriðnaði á Íslandi. Fljótlega eftir stofnun Mjólkurbús Flóamanna og byggingu gamla mjólkurbúsins 1929 hófst fyrir alvöru iðnaðarframleiðsla ýmissa mjólkurafurða hér á landi og þar á meðal skyrins. Staðsetning mjólkurbúsins skammt frá Ölfusárbrú dró til sín fjölda starfsmanna, sem voru meðal frumbyggja hins nýja bæjar sem stækkaði hratt í kjölfarið. /MHH



Ari Edwald hjá MS og Magnús H. Sigurðsson, fyrrverandi bóndi í Birtingaholti í Hrunamannahreppi, eru mjög ánægðir og stoltir af nýja Skyrlandinu í nýja miðbænum á Selfossi.



Elisabet Ósk Guðlaugsdóttir, rekstrarstjóri Skyrlands, með foreldrum sínum, þeim Guðlaugi Gunnari Björnssyni og Rut Fjölinsdóttur, sem eru að sjálfsgöðu mjög stolt af dóttur sinni.



Þórunn Guðmundsdóttir, Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárbings ytra, Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Árborg og Leó Árnason frá Sigtún Þróunartfélagi léttu sig ekki vanta við opnun Skyrlandsins.

## Fáðu hestavörurnar beint upp í hesthús!

\* FRÍ HEIMSENDING á pöntunum yfir 30.000 kr. í vefverslun [www.fodur.is](http://www.fodur.is)



\* Gildir í póstnúmer 101-371 og 800-881

FB  
FÓÐURBLANDAN

[www.fodur.is](http://www.fodur.is)  
[fodur@fodur.is](mailto:fodur@fodur.is)

FB Reykjavík  
Kornagarðar 12  
570 9800

FB Selfoss  
Austurvegur 64 a  
570 9840

FB Hvalsóvöllur  
Duftþaksbraut 1  
570 9850

SENDUM UM  
ALLT LAND

K7000 Ring 27cm  
Sögunardýpt 27cm



DM400 kjarnaborvél  
Hámark: 350mm



Husqvarna®

FS400 LV  
Sögunardýpt 16,5cm



LF75 LAT  
Jarðvegsþjappa  
Þjöppuþyngd 97 kg  
Plata 50x57cm



Steinsagarblöð  
og kjarnaborar



Husqvarna K770  
Sögunardýpt 12,5cm



MHG  
VERSLUN

Allt fyrir  
atvinnumanninn

Steinsagir – Kjarnaborvélar – Gólf sagir

MHG Verslun ehf / Víkurharfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / [mhg.is](http://mhg.is)





## UTAN ÚR HEIMI



Klifið í kræklóttu uppsprettu matar:

# Lífsins tré

Í suðvesturhluta Marokkó, á Soussléttunni, má sjá kræklótt þyrnitré víða. Þetta eru Argantrén frægan sem þykja svo nýtsamleg á margan hátt en þau ganga einnig undir nafninu Lífsins tré.

Trén sem geta orðið allt að tvö hundruð ára þekja um 8.000 km<sup>2</sup> þurrlandi sléttunnar, rúm 20 milljónir trjáa, sem eru allt að 10 metra há. Svæðið hefur síðan árið 1999 verið friðlýst, en vegna ágangs þeirra sem ásækjast olíu trjáanna, svo og geita sem hafa iðkað það að klifra upp í trén vegna gómsættra berja þeirra, hefur vöxtur trjáanna gjarnan staðið í stað.

Blóm trjáanna eru gulgræn, stundum hvít á litinn og vaxa frá maí og fram í júní. Þá hafa ávextir myndast, en þeim hefur verið líkt við krumpuð gulleit epli og ilmurinn svipaður. Ávaxtakjötið sjálft er þykkt og stínt með þykku hýði en bragðið frekar biturt. Steinninn minnir helst á þurrkaða ólífu.

Hvað varðar geiturnar þá eru þær liður í þessu öllu saman. Vegna þurrðar náttúrulegra fæðuúpsprettina í umhverfinu sækja geiturnar í safaríka ávexti trjáanna. Þær setja ekki fyrir sig að klifra svolítið og færa sig því bara ofar í tréð þegar aldin neðstu greinanna eru uppurin.

Þær geta hins vegar ekki melt steininn og því fer hann þá leið sem öllum er náttúrulegt. Eftir ferð í gegnum meltingarfæri geitarinnar hefur skurmin mýkst og auðveldar frekara vinnsluferli kjarnans. Hann er ristadur, malaður, maukaður eða kaldpressaður til að framleiða hina vinsælu Arganólíu. Auk þess að vera þekkt sem hárolfa hefur hún jákvæð áhrif bæði á frummyndun í líkamanum og á hjarta- og æðasjúkdóma.

Geiturnar sem hafa vakið þónokkra athygli um heiminn vegna klifurhæfileika sinna eru þó einu dýrin sem ganga svo langt.

Í þessum hluta heimsins eru Argantré mikil uppspretta fódurs og auk geitanna þykir sauðfé, nautgripum og úlföldum lafinn bragðgóð jafnt sem ávextirnir. Ekki hefur þó enn sést til þeirra klífa greinarnar jafn ötullega og geiturnar gera, en hver veit hver þróunin verður?

Vegna vistfræðilegs gildis Soussléttu Marokkó og staðbundins efnahagslegs mikilvægis var svæðið friðlýst árið 1998 af samtökum UNESCO enda Argantré ein náttúruauðlinda heimsins sem ber að gæta vel. /SP

Afpíddir ormar:

# Elstu dýr veraldar?

Á vísinda- og tæknivefsíðunni [springer.com](http://springer.com) birtist nýverið skýrsla vegna rannsókna rússneskra vísindamanna en kraftaverki líkast vöknudu tugþúsund ára gamlir hringormar aftur til lífsins.

Teymi vísindamanna á samvinnu við vísindamenn frá jarðvísindadeild Princeton-háskólans stóðu fyrir rannsókn á forsögulegum ornum en af þeim 300 sem nýttir voru til rannsókna kom í ljós að tveir þeirra sýndu lífvænlega virkni. Ormarnir sem fundust á sífreravæði Jakútíu, í Rússlandi nálægt Síberíu, sýna enn betur fram á getu lífvera til að komast af, ef svo mætti kalla. Við tilraunir til endurlífgunar leist vísindamönnum best á að hafa ormana við 20 °C gráða hitastig og var raunin sú að það gekk eftir.



Ormarnir hinir hressustu eftir þyrnirósarsvefn sinn.

Mynd / springer.com



Nuria & Irma, tvö höfuð gerð úr ryðfríu stáli og staðsett í höggmyndagarði Yorkshire í Englandi.

Listamaðurinn Jaume Plensa:

# Hughrif hins farsæla listamanns

Í New York-borg má nú sjá 24 metra háa stytta af konuhöfði er rís upp úr Hudson ánni – beint á móti Greenwich Village í Manhattan.

Fingur konunnar snertir neðri vörina, en vegna samspils þess við rennsli árinna ómar sérstakt hljóð af og til sem fær mannfjöldann til að stoppa og hlusta. Konuhöfuðið, gert úr snjóhvítum marmara, er verk katalónska listamannsins og myndhöggvarans Jaume Plensa sem nefndi það „Water's Soul“, eða Sál vatnsins. Skilaboð verksins eru að hafa hljótt og hlusta inn á við í takt við vatnsniðinn.

Jaume Plensa, sem er vel þekktur fyrir list sína og verk af þessari

stærðargráðu, hefur verið nefndur einn farsælasti samtímalistamaður okkar tíma. Þó svið hans sem listamanns sé nokkuð vítt, má finna samhljóm í brjóstmyndum hans – en flestar hafa þær lokuð augun, stundum með hendur fyrir andlitið. Gefa í skyn útilokun á umhverfinu í kringum sig og frekari tengsl við hið innra sjálf.

Meðal listsköpunar hans af þessum toga má nefna verkin Echo, brjóstmynd af gyðju grísku goðafræðinnar, staðsett í höggmyndagarðinum Olympic Sculpture Park í Seattle síðan árið 2014. „Draumur“ er annað, 20 metra hátt höfuð stúlku í draumlíku ástandi, gert úr hvítum marmara og staðsett í St.Helens í Englandi og svo Nuria

& Irma, tvö höfuð gerð úr ryðfríu stáli og staðsett í höggmyndagarði Yorkshire í Englandi. Höfuðin sem snúa andspenjis hvort öðru vísa til innri samræðna og tengingar þeirra á milli.

Jaume Plensa hefur þó gert aragrúa verka eins og má finna á vefsíðunni [www.jaumeplensa.com](http://www.jaumeplensa.com). Haft er eftir honum að „Höggmynd ætti ekki aðeins að vera hugsuð í föstu formi heldur eitthvað sem snertir fólk á dýpra tilfinningalegra sviði. Þannig, þó viðkomandi sé með annan fótinn í ys og þys almenns samfélags, ætti upplifunin að vera sú að hinn fóturinn stæði í veröld sem leitast ekki við hughrif hins sýnilega veruleika.“ /SP

Húsnæðismál framtíðarinnar:

# Kúlulagaður húsakostur

Ef lítið er á hvernig fólk sá fyrir sér húsakost framtíðarinnar fyrir nokkrum áratugum voru kúlulaga hús ofarlega á borði.

Nú hefur fyrrum verkfræðingur Rolls Royce og Bentley, Jag Virdie (f. 1968) tekið upp þræðinn og kynnið hönnun sína – kúlulaga híbýli undir nafninu „The Conker“. Þau er hægt að reisa á sólarhring og má fá í mismanandi stærðum en slíkt heimili í fullri stærð er um fjórir metrar að rúmmáli.

Þessi skemmtilega hugmynd býður upp á framúrsteffulegan búsetumöguleika en kúluna má í raun staðsetja eftir hentugleika. Þó er haft eftir hönnuðinum að hætta geti verið á því að þeir sem ganga fram á The Conker, ætli að þar hafist við framandi verur úr geimnum.

Með hönnuninni vill Jag Virdie koma til móts við þá sem eiga erfitt með að ná fótfestu á fasteignamarkaðnum – nú eða þá sem kjósa að dvelja í aðlaðandi smáhýsi. Jafnframt því að vera á tiltölulega viðráðanlegu verði er hönnunin þannig úr garði gerð að viðhald er auðvelt. Ekki er þörf á þakrennum vegna lögunar hússins og auðvelt er að þekja það sólarcellum.

Mynstur og litir eru í miklu úrvali þegar kemur að útlitinu, en skel, eða ysta lag þessa kúlulaga hýsis, er úr áli og endurunni plasti. Veggirnir hafa 20 cm einangrun sem viðheldur jöfnu hitastigi, hvort sem er um sumar eða vetur. Aðgengið, eða dyrnar, þykja helst minna á flugvélaingang en þegar inn er komið blasir við hlýlegt viðargólf,



salemi, eldhúskrókur og annað sem tilheyrir venjulegu húsnæði.

The Conker er hljóðeinangraður, með hjólastólaaþgengi, brynjaður eldvarnarefni, orkusparandi – í honum eru rafmagnsinnstungur með usb tengi, gólfhiti, loftræstikerfi með loftsúu, sterklegur lás og öryggiskerfi. Svo eitthvað sé nefnt.

Verðlagning The Conker (um sex milljónir króna) þykir sumum hærri en búist hafði verið við, en hönnuðurinn bendir á að enginn sé auka-kostnaðurinn – engan grunn þarf, steyptan eða annars laga og með

sólarcellum er rafmagnskostnaður enginn. Uppsetning er auðveld og meðal annars möguleiki á að nýta sem tímabundna bása á tónlistarháttíðir eða aðra viðburði.

Að auki, fyrir þá sem hafa hug á stærra húsnæði, má fjárfesta í nokkrum kúlum, festa þær saman og bæta þannig við herbergjum. Einnig er til það sem kallast „Baby Conker“ og er að rúmmáli tveir metrar.

Áhugasamir geta fundið frekari upplýsingar á vefsíðunni [www.conkerliving.com](http://www.conkerliving.com). /SP

## LÍF &amp; STARF



Efstu hrútar sýningarinnar hver í sínum flokki. Fv. Grár frá Mýrum 2 og Bjarni Ole Ingason. Kollóttur frá Mýrum og Stefán Páll Böðvarsson. Hvítur hyrntur frá Urriðaa og Dagbjört Siljá Einþórsdóttir. Myndir / Gunnar Rögnvaldsson

## Hrútasýning í Hrútafirði

Þrátt fyrir áföll í sauðfjárskaft og slaka afkomu sauðfjárskafta undanfarnar ár virðist áhugi á sauðfjárskafti í engu hafa dalað. Haustið er uppskerutími þeirra sem unna sauðkindinni þegar árangur kynbótastarfsins birtist skriflega á vigtarnótum sláturleyfishafa og dómablöðum ráðunautanna, en ekki síður við skoðun og áhorf á lagðrúð og læramikil líflömb, segir í pistli Sigríðar Ólafsdóttur, ráðunautar og bónda í Víðidalstungu, og Gunnars Rögnvaldssonar, forstöðumanns safna í Húnaþingi vestra.

Fram kemur að í Húnaþingi vestra sé sauðfjárskaft undirstöðu- atvinnuvegur enda kjöraðstæður í sveitarfélaginu til sauðfjárskaftar og ætliðaskipti hafa tekist vel með áberandi mörgum ungum bændum í héraðinu.

Vel heppnuð lambasýning var haldin að bænum Bálkastöðum í Hrútafirði þar sem ráðunautarnir Sigríður Ólafsdóttir og Stella Guðrún Ellertsdóttir röðuðu upp til verðlaunaafhendingar áður stíguðum lömbum.

Mættir voru bændur úr Miðfjarðarhólfi sem nær frá Fitjárdal að austan til botns Hrútafjarðar í vestri. Margt góðra lamba var til álitu og átöku og áttu dómara í töluverðum vandræðum með að skera úr um hvaða lamb væri best.

Keppt var í eftirfarandi flokkum: hyrntir hvítir hrútar, kollóttir hvítir hrútar, mislitir hrútar, skrautgimbrar. Úrslit urðu eftirfarandi:

### Hyrntir hvítir:

1. Urriðaa – Dagbjört Diljá Einþórsdóttir
2. Mýrar 2 – Stefán Páll Böðvarsson

3. Bergsstaðir – Ari Guðmundur Guðmundsson

### Kollóttir hvítir:

1. Mýrar 2 – Stefán Páll Böðvarsson
2. Sandar – Hanife Agnes Mueller-Schoenau
3. Bálkastaðir 1 – Guðný Kristín Guðnadóttir

### Mislitir:

1. Mýrar 2 – Stefán Páll Böðvarsson
2. Urriðaa – Dagbjört Diljá Einþórsdóttir
3. Bergsstaðir – Elín Anna Skúladóttir

### Skrautgimbur:

1. Melar 2 – Jóna Elín Gunnarsdóttir
2. Melar 2 – Guðveig Fanney Jónasdóttir
3. Bálkastaðir 1 – Arnfinnur Guðni Ottesen og Bryndís Jóna Ottesen

Besti hrútur sýningarinnar var valinn sigurvegari mislita flokksins og er hann frá Mýrum 2. Virkilega gerðarlegur grár hrútur, holdfylltur frá nösum til dindils, fallegur á velli og almennt góður. Ekki spilti liturinn svo fyrir, enda grár litur með fallegri sauðalitum sem finnast.

Fjárskaftarfélagin í Hrútafirði og Miðfirði veittu verðlaun fyrir fyrstu þrjú sæti í hverjum flokki og einnig Pakkhúsið á Hvammstanga sem gaf saltsteina til bragðbættis.

„Hrútasýningar á við þessa eru góð skemmtun, þar sem þær mega eiga sér stað, og algerlega um að gera að nýta tækifæri sem bjóðast til að koma saman, skoða fallegt fé og hafa gaman,“ segja Sigríður og Gunnar í pistli sínum. /MPÞ



Margir lögðu leið sína í Bálkastaði og nutu veitinga eftir að úrslit lágu fyrir.

## Lely Center Ísland

### SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



## Ráðgjafi á rekstrar- og umhverfissvið

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir starfsmanni í rekstrarráðgjöf.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Starfar með ráðgjafarteymi RML sem sinnir rekstrarráðgjöf í landbúnaði.
- Vinna við rekstrar- og fjármögnunaráætlanir fyrir bændur.
- Vinna við rekstrargreiningar í búrekstri.
- Þróun og sala á ráðgjöf á landsvísu í samstarfi við aðra starfsmenn RML.
- Önnur verkefni s.s. vinna við gerð og þróun líkana í excel, þátttaka í nýsköpunarverkefnum og samskipti við fjármálastofnanir.

### Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking á landbúnaði er kostur
- Góð kunnátta á excel er nauðsyn.
- Þekking á dk-Búbót bókhaldskerfinu eða sambærilegu kerfi er kostur.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð skilyrði.
- Reynsla og þekking á verkefnastjórnun æskileg.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 12 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins [www.rml.is](http://www.rml.is) þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember. Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri [klk@rml.is](mailto:klk@rml.is) og Borgar Páll Bragason fagstjóri [bpb@rml.is](mailto:bpb@rml.is).



## thermomix

Thermomix - Þýsk gæðaframleiðsla - Fullkomin matvinnslu- og eldavél á öllum heimili

Allt unnið og eldað frá grunni á einfaldan og aðgengilegan hátt

Frítt matreiðslunámskeið fylgir öllum vélum

Tvennutilboð: Thermomix og SICO lofttæmingarvél

*Sjón er sögu ríkari!*

Eldhústofrar ehf. | Síðumúli 29,108 Reykjavík | 519-5529, 696-7186 | [info@eldhustofrar.is](mailto:info@eldhustofrar.is) | [eldhustofrar.is](http://eldhustofrar.is)

## Á FAGLEGUM NÓTUM

Leiðin að nýjum lausnum – greinaröð um riðuveiki:

# Verndandi arfgerðir bjarga öllu

Eins og fram kom í fyrri grein, er riða einn af þeim örfáu smit-sjúkdómum þar sem arfgerðin ræður næmi fyrir smiti í mjög miklum mæli. Það er ómetanlegur kostur – sem er lykilatriði í þeim mikla árangri sem hefur náðst í löndum sem hafa nýtt sér þessa þekkingu. ESB gaf út skýrslu 2014 til að meta árangur aðgerðanna sem hafði verið ráðist í frá 2002 til 2012.

Þar kemur skýrt fram að markviss ræktun er eina leiðin út úr vandamálinu og að niðurskurður einn og sér leiðir ekki til árangurs til lengri tíma séð (sjá [www.tinyurl.com/esb-arangur](http://www.tinyurl.com/esb-arangur)).

Ég nefni þessa tilvísun strax í byrjun greinarinnar til að taka undir að hér er ekki um að ræða persónulegar skoðanir mínar, heldur þekking sem er vísindalega viðurkennd á alþjóðlegu sviði. Af sömu ástæðum langar mig að láta nú þegar koma fram nöfn sérfræðinganna sem eru með okkur í þessari rannsókn (sjá hér á opnunni í viðeigandi upplýsingakassa) þótt það sé ekki fyrir en í þriðja hluta greinaradarinnar sem fjallað er nánar um hana.

### Næmi fyrir riðu er arfgeng

En byrjum frá grunni. Ef talað er um „arfgerð“ í samhengi við riðu þá er venjulega átt við prionpróteinið (eða „prpn“ eins og Sæmundur Sveinsson orðaði það í síðasta tölublaði).

Prionpróteinið samanstendur úr mismunandi amínósýrum sem liggja í ákveðnum sætum (á ensku „codons“, et. „codon“). Hvert og eitt sæti á sitt númer. Bændur sem voru að glíma við riðu í sinni hjörð tóku snemma eftir því að hún kom alltaf upp í ákveðnum fjölskyldum/ættlinum en ekki í öðrum. Þess vegna grunaði þá fljótlega að þessi sjúkdómur sé arfgengur – löngu áður en nokkrar vísindalegar rannsóknir áttu sér stað.

### „Klassíska“ sætin þrjú: 136, 154, 171

Á tíunda áratug síðustu aldar kom í ljós að sætin númer 136, 154 og 171 í prionpróteininu skipta máli varðandi næmi fyrir riðusmiti í kindum. Venjulega, þ. e. í villifé, eru eftirfarandi amínósýrur í þessum sætum:

- alanín = A í sætinu 136
- glutínín = R í sætinu 154
- glútamín = Q í sætinu 171

Skammstafanirnar eru „ARQ“. Ef stökkbreytingar eiga sér stað, getur þessi samsetning breyst. Í íslensku fé hafa fundist tvær svoleiðis stökkbreytingar, kallaðir „breytileikar“:

- valín = V í sætinu 136 í staðinn fyrir A – en hitt er eins: „VRQ“
- histídín = H í sætinu 154 í staðinn fyrir R – en hitt er eins: „AHQ“

Í næstum öllum öðrum sauðfjárkynjum, einnig í náskyldum eins



Poka, sem heitir núna Trú, og Spurning, núna Tryggð, frá Sveinsstöðum – fyrstu tvær kindurnar með T137.

Mynd / Ólafur Magnússon



Ærin Gústa, arfhrein N138, og Drottning Radixdóttir, með AHQ og N138 eins og pabbinn. Mynd / Karólína Elísabetardóttir

og norsk *spælsau*, finnst auk þess eftirfarandi breytileiki:

- argínín = R í sætinu 171 í staðinn fyrir Q – en hitt er eins: „ARR“

### Engir „heilbrigðir smitberar“!

Þessi arfgerð varð snemma fræg þar sem hún reyndist algjörlega ónæm fyrir riðusmiti. Þetta þýðir að riðusmitefni, alveg sama hvað það er mikið, nær ekki að smita ARR-kindur þar sem prionpróteinið þeirra „talar“ bara ekki sama „tungumálið“ og smitandi prionpróteinið. Þessar ónæmu kindur geta þess vegna heldur ekki smitað aðrar kindur, „heilbrigðir smitberar“ eru ekki til. Þessi áhrif koma fullkomlega fram í arfhreinum kindum („ARR/ARR“, þar sem ARR kemur frá báðum foreldrum).

En þau virka í minna mæli ef einstaklingurinn er arfblendinn ARR, þ. e. ef það er næm arfgerð á móti, t. d. ARR/ARQ eða meira að segja ARR/VRQ. Samt draga arfblendnir ARR-einstaklingar mikið úr smitdreifingu þrátt fyrir að þeir kannski veikist sjálfir. Ástæðan er sú að í minna næmum kindum taka miklu færri líffæri þátt í sjúkdómsferlinu; til dæmis er oft ekki hægt að finna smitefni í eitlunum þessara kindra (eða öðrum líkamshlutum), einungis í heilanum. Þess vegna er t. d. skíturinn þeirra ekki smitandi – á meðan skítur úr næmum kindum (t. d. VRQ/VRQ eða ARQ/ARQ) virkar smitandi.

### Arfgerð fósturs stjórnar magni smitefnis

Annað dæmi: Hildir riðuveikra kindra eru ein helsta smitleiðin. En það merkilega er að erfðafni móðurinnar stýrir ekki hvort hildirnar taka þátt í sjúkdómsferlinu heldur erfðafni fóstursins! Arfgerð fóstursins stýrir þar með magni smitefnis í hildunum. Þannig að strax þegar fóstrið er með ARR-arfgerð smita hildirnar minna (ARR+x) eða ekki neitt (ARR/ARR) frá sér. Þess vegna er hægt að ná mjög fljótt árangri með arfgerðina ARR, það er innan fárra ára hægt að stoppa sjúkdóminn alveg af þótt talsverður hluti kind-

anna í hjörðinni sé enn ekki með ARR/ARR.

### Dæmi Kýpur – ræktun fækkaði riðu innan fárra ára

Mjög gott dæmi er Kýpur sem er tíu sinnum minni en Ísland en er með sambærilegan fjölda kindra og geita og riða hefur komið upp í fleiri en þúsund hjörðum. Þar hefur aldrei tíðkast að öll hjörðin sé skorin niður (nema að allar kindur/geitur hjarðarinnar hafi veikst) en notuð markviss ARR-ræktun í staðinn. Það er meira að segja til ræktunarstöð ríkisins sem er að rækta arfhreinar ARR-kindur (og sambærilegar geitur) til dreifingar um landið. Bæir þar sem riða kemur upp eru í forgangi um að fá arfhreina ARR-hrúta. Skýrslan, sem má finna í gegnum tengilinn hér að neðan, er frá 2012 vog tölurnar hafa haldið áfram að fara stöðugt niður síðan. Flest tilfelli hafa verið skráð fleiri en 60, árið 2003. Síðustu árin hefur þróunin verið þannig: árið 2015 voru 13 tilfelli, 2016 voru sjö, 2017 voru tvö, 2018 voru fjögur og 2019 var einungis eitt. [www.tinyurl.com/kypur-rida](http://www.tinyurl.com/kypur-rida)

### Ef það kemur upp riða í hjörð í ESB ...

Allar ESB-reglugerðir miða þess vegna við þessa verndandi arfgerð

ARR. Ef það kemur upp riða, þá eru þrjár möguleikar í boði sem eru í grófum dráttum eins og hér segir:

- Allar kindur hjarðarinnar eru skornar niður (venjulega eru ekki farin sú leið).
- Einungis þær kindur eru skornar niður sem eru ekki með ARR (ær og sauðir mega vera arfblendin, hrútar þurfa að vera arfhreindir). Undir ákveðnum kringumstæðum – til dæmis ef það finnst ekki nógu margar kindur með ARR í hjörðinni – er hægt að fresta þessum niðurskurði í allt að þrjú ár; á meðan verður markviss ræktað upp ARR innan hjarðarinnar og það er líka leyfilegt að taka inn ARR-kindur að utan til þess. Á meðan eru sölutakmarkanir og á sauðburði mega kindurnar ekki hafa samskipti við kindur annarra hjarða (einungis á sauðburði!).
- EKKI farga/slátra neinum einstaklingum, ef:

- erfitt er að finna viðunandi einstaklinga sem geta komið í stað þeirra eða
- hlutfall ARR er lágt í hjörðinni eða í kyninu sem heild eða
- hætta er á skyldleikarækt annars eða
- yfirvöldin telja þann valkost nauðsynlegan í ljósi aðstæðna en með tilliti til sóttvarnar

Næstu skref við möguleika 3:

- Arfgerðagreina a.m.k. 50 einstaklinga (ef geitur og kindur í hjörðinni, 50 af hvorri tegund) innan 3ja mánaða síðan fyrsta kindin greindist
- Ef fleiri jákvæðir einstaklingar uppgötvast, skoða aftur hvort möguleiki 2 eða 1 hentar betur

Þessar reglur hafa verið í gildi frá 2001 með nokkrum breytingum í gegnum tíðina – venjulega í formi afléttinga – en samt hafa riðutilfellið fækkað mjög. Hér fyrir ofan

## Lely Center Ísland



### STÝRISENDAR í flestar gerðir dráttarvéla

Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – [www.LCI.is](http://www.LCI.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600



## Á FAGLEGUM NÓTUM



Svanur frá Litla-Hofi í Öræfum, ein þriggja lifandi einstaklinga til þessa með C151.

Mynd / Gunnar Sigurjónsson

### Ítarefni fyrir áhugasama

Langflestar niðurstöður mikilvægra rannsókna eru ókeypis aðgengilegar á netinu ef maður tekur sér tíma til að vinna sig inn í ensku fagorðin sem eru notuð þar. (Ég mæli alls ekki með því að láta textann þýða yfir í einhverri þýðingavél!) Nokkur dæmi um „lykilskýrslur“ sem skipta máli fyrir okkur á Íslandi eru að finna hér (var að stytta tenglana þannig að það ætti að vera einfalt að stimpla þá inn í vafarann):

- **2014** - ESB-skýrsla um árangurinn 10 ára „riðuaðgerða“: [www.tinyurl.com/esh-arangur](http://www.tinyurl.com/esh-arangur)
- **2001-2021** - ESB-reglugerð um riðuveiki: [www.tinyurl.com/esh-reglur-rida](http://www.tinyurl.com/esh-reglur-rida)
- **2007, 2009** - tvær ítalskar rannsóknir í kringum T137 (þriðja skýrslan – um PMCA-prófin – er því miður ekki opinberlega aðgengileg á netinu): [www.tinyurl.com/t137-1](http://www.tinyurl.com/t137-1) [www.tinyurl.com/t137-2](http://www.tinyurl.com/t137-2)
- **1999** - íslensk grein um arfgerðir sem fundust á Íslandi m. a. eftir Stefáníu Þorgeirsdóttur: [www.tinyurl.com/stefania-arfgerdir](http://www.tinyurl.com/stefania-arfgerdir)
- **2004** - íslensk grein um þróun riðuveiki á Íslandi eftir Guðmund Georgsson: [www.tinyurl.com/gudmundur-rida](http://www.tinyurl.com/gudmundur-rida)

Mikilvægt er að taka tillit til árstala; eldri skýrslur geta eðlilega enn ekki tekið tillit til nýrrar þekkingar.

### Breytileikar á Íslandi

Til þessa hafa fundist eftirfarandi breytileikar/„arfgerðir“ hér á landi – upprunalega ástandið er sem sagt alltaf A136R154Q171 eða „villifjárarfgerðin“:

- **V136** (venjulega A) > VRQ, „áhættuarfgerð“
- **T137** (venjulega M), alvöru verndandi
- **N138** (venjulega S), verndandi í hreindýrum – enn óljóst í sauðfé
- **C151** (venjulega R), mögulega verndandi í arfhreinu ástandi
- **H154** (venjulega R) > AHQ, „minna næm arfgerð“
- **R231R+L237L** („þögull“ breytileiki, alltaf saman), óljóst hvort það skiptir máli

koma eingöngu helstu atriðin fram, ég mæli með því að reglugerðin sé lesin í heild sinni, aðallega „viðauki 7“. Hér finnst hún á mismunandi tungumálum: [www.tinyurl.com/esh-reglur-rida](http://www.tinyurl.com/esh-reglur-rida).

#### ARR hefur ekki fundist á Íslandi – en T137!

Til þessa hefur sem sagt ARR ekki fundist hér á landi. En sem betur fer býr prionpróteinið yfir miklu fleiri sætum en 136, 154 og 171. Ef allt próteinið er skoðað („radgreint“) þá kemur í ljós að fleiri sæti skipta máli. Það fundust meira að segja að minnsta kosti tvær arfgerðir sem virka eins verndandi og

### Nokkrar amínósýrur ...

... sem skipta máli í prionpróteini:

- metionín M
- systeín C
- asparagín N
- asparssýra D
- glútamín Q
- histidín H
- lýsín K
- alanín A
- valín V
- þreónín T
- lefsín L
- serín S
- argínín R

ARR – og að minnsta kosti önnur þeirra er líka til á Íslandi, nefnilega T137!

En rannsóknir í kringum þessa arfgerð áttu sér ekki stað á Íslandi heldur á Ítalíu. Romolo Nonno, sem er með í rannsóknarhópnum okkar, var einn af þeim vísindamönnum sem uppgötvaðu sérstæðu þessarar arfgerðar. Það kom þannig til að smittilaunir með kindur voru framkvæmdar til að athuga nánar virkni „klassískra“ arfgerða á borð við VRQ, ARQ, AHQ og ARR gagnvart sauðfjárriðu og kúariðu. Teymið bjóst við að allar ARQ/ARQ-kindur myndu smitast, það var bara spurning hvað það tæki langan tíma. En í ljós kom að sumar ARQ/ARQ-kindur smituðust bara ekki en voru fullheilbrigðar eftir að

### Rannsóknarteymið

**Christine Fast**  
Friedrich Loeffler-Institut, Þýskalandi  
**Eyþór Einarsson**  
RML  
**Fiona Houston**  
University of Edinburgh, Skotlandi  
**Gesine Lühken**  
Justus-Liebig-háskólinn, Þýskalandi  
**John Spiropoulos**  
APHA institute, Englandi  
**Jörn Gethmann**  
Friedrich-Loeffler-Institut, Þýskalandi  
**Karólína Elísabetardóttir**  
Hvammshlíð  
**Laura Pirisinu**  
ISS istituto, Ítalía  
**Romolo Nonno**  
ISS istituto, Ítalía  
**Stefanía Þorgeirsdóttir**  
Keldum  
**Vilhjálmur Svansson**  
Keldum  
**Vincent Beringue**  
INRAE institute, Frakklandi



### Fjölskyldan á Sveinsstöðum

Ólafur Magnússon og Inga Sóley Jónsdóttir ásamt börnunum Sunnu Margréti, Sölu Kristínu og Magnúsi.

Þau ákváðu að breyta nöfnunum þeirra Þoku og Spurningu í ljósi arfgerðarinnar og nota í framhaldinu fyrir allar kindur með þessa arfgerð nöfn sem byrja á T. Þoka heitir núna Trú og Spurning heitir Tryggð.

fjögurra ára rannsóknartímabilinu lauk. Þær lifðu meira að segja þó nokkur ár í viðbót, urðu eldri en 10 ára og jafnvel eftir dauða þeirra fundust engin einkenni í heilanum. Þessar kindur voru annaðhvort með arfgerðina T137 eða K176 eða báðar – „ofan á“ ARQ/ARQ-arfgerðina.

#### T137 óvænt eins verndandi og ARR

Þetta kom á óvart og þótt það hefði í rauninni ekki verið „nausýnlegt“ (því ARR fannst í þessu sauðfjárkyni líka) voru þessar arfgerðir skoðaðar nánar í tveimur umfangsmiklum rannsóknum: bæði í „case-control-study“ (rannsókn í raunverulegum riðuhjörðum) með yfir 7.000 kindur og í svokölluðu PMCA-prófi þar sem líkt er eftir smitferlinu í tilraunaglas.

Niðurstöðurnar voru alltaf eins og staðfestu að T137 og K176 eru eins verndandi og ARR. Margt bendir meira að segja til þess að verndandi áhrif arfgerðarinnar T137 virki í arfblendnu formi eins vel og í arfhreinum ARR-kindum. Síðast en ekki síst: Frá 2004 hafa allar riðujákvæðar kindur á Ítalíu verið raðgreindar, samtals fleiri en 2.800, og til dagsins í dag hefur aldrei fundist kind með T137 sem var jákvæð – þótt þessi arfgerð sé algeng á meðal ítalskra kinda með hlutföllin á milli 10 og 30 prósent.

Það er mjög líklegt að T137 virki alveg eins á Íslandi; en til að vera hundrað prósent viss verður hún skoðuð einu sinni enn í rannsókninni okkar undir íslenskum kringumstæðum.

Markmið okkar er að fá sem fyrst opinbera staðfestingu af hálfu ESB að þessi arfgerð megi koma í stað ARR. Tilgangurinn er að geta innleitt hana í íslensku reglugerðirnar án þess að þurfa að óttast neikvæð áhrif á útflutning kjöts.

#### Af hverju heitir arfgerðin „T137“?

„Grunnurinn“ er venjulega villifjárarfgerðin ARQ – A í sætinu 136, R í sætinu 154 og Q í sætinu 171. Í sætinu 137 er venjulega M (metionín), þá er kindin „venjulega næm“, en ef það er T (þreónín) þarna í staðinn, þá er kindin ónæm fyrir riðusmiti. Í stuttum máli: M137 er þetta venjulega, T137 er hins vegar verndandi. Í rannsóknarskýrslum er arfgerðin oft skrifuð „AT<sub>137</sub>RQ“ eða – enn nákvæmara – „A<sup>136</sup>T<sub>137</sub>R<sub>154</sub>Q<sub>171</sub>“.

#### En hvað með AHQ?

Í nokkur ár var talið að H í sætinu 154 = AHQ sé verndandi. Því miður kom þá í ljós að svo væri ekki – en þessi arfgerð er greinilega minna næm en ARQ eða VRQ. Í dag er hún kölluð „lítið næm“. Hún hefur til þessa verið það besta sem völ var hér á landi á meðan það virtist engin alvöru verndandi arfgerð í boði. Til að meta betur virkni hennar miðað við ARQ hins vegar og ARR eða T137 annars vegar verður hún líka skoðuð nánar í rannsókninni okkar.

**Karólína Elísabetardóttir,**  
Hvammshlíð.

**Wendel**

# HILLTIP VETRARBÚNAÐUR

Finnsk gæði sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík  
551 5464 / [wendel.is](http://wendel.is)





Vel heppnaðir bænda fundir kringum landið:

# Bændur berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum íslensks landbúnaðar

Fjölbreytt sjónarmið bænda landsins voru rædd á tíu fundum sem Bændasamtökin efndu til í lok október. Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, telur slagkraft sameinaðra samtaka mikilvægum í hagsmunabaráttu landbúnaðarins.

Stjórn og starfsmenn Bændasamtakanna fóru bænda fundaherferð hringinn í kringum landið dagana 18.–22. október sl. Alls voru haldnir 10 fundir víðs vegar um landið, en fundur á Patreksfirði var afboðaður vegna veðurs. Starfsmenn BÍ kynntu breytingarferli samtakanna og fóru yfir starfsskiilyrði landbúnaðarins og stærstu verkefni sín fram undan.

Þegar mest var voru þrettán starfs- og stjórnarmenn BÍ með á fundunum sem voru misfjölmennir. „Bændum þótti jákvætt hversu mikil mæting væri frá samtökunum, ég held að fólki hafi liðið vel með að heyra margar raddir bæði úr stjórn og starfsmannahópnum. Það var mikið skrafað og rætt í kaffipásam, fyrir og eftir fundi,“ segir Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ.

Hann segir viðbrögð bænda með sameiningu búgreinafélaganna undir einn hatt Bændasamtakanna hafa verið í öllu falli jákvæð.

„Ég heyrði hvergi á öllum hringnum að við værum á villigötum. Þvert á móti fengum við hvatningu sem styrkir mann í þeirri trú að við séum á réttri vegferð. Fólki upplifir að við séum nú í sama félaginu og erum að berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum íslensks landbúnaðar.“

## Sjálfbærni viðmið, kolefnisbrú og kartöflumygla

Af umtalsmálum fundanna segir Gunnar mikið hafa verið rætt um sjálfbærni viðmið Landgræðslunnar, en drög að reglugerð um sjálfbæra nýtingu er nú til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda. „Mjög margir voru beittir í sínum málflutningi gagnvart framgangi Landgræðslunnar á þessum grunni. Í drögunum er t.d. fjallað um beitaraðlag, mat á landi og dreifingu búfjáraburðar. Í mínum huga eiga þetta að vera leiðbeiningar en ekki boð og bönn. Annað sem mér þykir athyglisvert við drögin er ábyrgðin sem sett er á sveitarfélög án þess að búið sé að ræða við sveitarstjórnarstigið um þetta. Það eru því ýmis mál þarna sem orka tvímælis.“

Nokkur umræða skapaðist um þau tækifæri sem felast í kolefnisbrúnni fyrir bændur. „Þetta var sérstaklega mikið rætt á Héraði og menn spurðu um eldri skóga og bindingu þeirra. Við fengum þar heimlíkið fóður til að hugsa um í framhaldinu.“

Þá gerðu áhyggjufullir bændur í Hornafirði kartöflumygla að umtals efni. „Þú getur farið í bygginga-vöruslun og keypt útsæði, sett í garðinn þinn og óafvitandi verið að dreifa myglu. En það er ekkert eftirlit með þessu útsæði og ábyrgð þeirra sem dreifa útsæðinu virðist óljós. Þetta vakti mig til umhugsunar um varnir milli svæða, því héröð eins og Suðausturland er enn án myglu.“

## Sitja í 46 nefndum á vegum hins opinbera

Stærstu verkefni Bændasamtakanna fram undan lúta að búvörusamningum og loftslagsmálum.

„Við þurfum að ná alvöru sam-



Gunnar kynnr hagsmunabaráttu Bændasamtakanna á Hvolsvelli.

Myndir/ehg



Höskuldur kynnr nýja búvörumerkið á fjölsóttum fundi á Selfossi.

## Nýtt búvörumerki: Eitt mikilvægasta neytendamál samtímans

Á bænda fundum var kynntur rammi nýs íslensks búvörumerkis sem nýstofnað markaðssvið BÍ hefur unnið að síðustu mánuði.

Merkinu er ætlað að auka sýnileika íslenskra búvara og auðvelda neytendum að greina uppruna þess sem þeir kaupa.

„Við lítum á þetta sem eitt mikilvægasta neytendamál samtímans,“ segir Höskuldur Sæmundsson á markaðssviði BÍ. „Allar rannsóknir sýna að neytendur vilja velja íslenskar vörur en telja sig jafnvel hafa ranglega keypt erlenda vöru vegna skorts á skýrum merkingum, jafnvel merktar rótgrónum íslenskum vörumerkjum,“ bætir hann við.

Íslenskt búvörumerki á sér skandinavískar fyrirmyndir. „Fordæmin eru sannreynnd og ráðgjöf frænda okkar á Norðurlöndum er verðmæt. Okkur býðst að tengja merkið beint í fordæmin varðandi reglur og umgjörð og getum sótt í dýrmæta reynslu þeirra sem hafa þegar farið sömu leið,“ segir Hafliði Halldórsson sem einnig starfar á markaðssviði.

Búvörumerkið er í vinnslu en ein af sérstöðum þess verður að notkun verður undir eftirliti vottunarstofu. „Þannig geta neytendur algjörlega treyst merkinu,“ segir Hafliði.

Aformað er að búvörumerki líti dagsins ljós fyrir árslok.

fellu utan um þessa fjóra samninga sem liggja til grundvallar búvörusamningum. Þá þurfa loftslagsmálin að ganga þvert yfir allar búgreinar. Við þurfum að draga afurðastöðvarnar nær okkur í því samtali því mér finnst óeðlilegt annað en að

reyna að kolefnisjafna íslenskan landbúnað frá haga í maga, ekki eingöngu á frumframleiðslustiginu, heldur líka á úrvinnslustiginu og síðan út í verslanir,“ segir hann.

Hagsmunabaráttu Bændasamtakanna er víðtæk en skv.



Hafliði Halldórsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir og Margrét Gísladóttir voru hugguleg í Skagafirði.



Hluti af sendinefnd Bændasamtakanna. Frá vinstri: Vigdís Háslér framkvæmdastjóri, Halldóra Kristín Hauksdóttir, sem situr í stjórn BÍ, Erla Hjördís Gunnarsdóttir samskiptastjóri, Guðrún Birna Brynjarsdóttir sérfræðingur ásamt Herdís Magna Gunnarsdóttur, formanni LK.



Kátt á hjalla í félagsheimilinu Breiðamýri í Þingeyjarsveit.

gróflegri samantekt segir Gunnar að samtökin manni 46 nefndir á vegum ríkisins. „Í þessar stöður reynum við að fá fólk sem hefur þekkingu og áhuga. En nefndarstörf á vegum hins opinbera eru ógreidd og þá sitja samtökin uppi með þann kaleik að greiða launin fyrir slíkar setur.

Það er því gríðarlega mikilvægt að menn séu félagsmenn í Bændasamtökunum til að geta staðið straum af þessum fjölmörgu verkefnum. Okkur er gert að gæta hagsmuna alls landbúnaðar og það gerum við m.a. með því að vera með raddir inni í nefndum.

Ef við ætlum að reka þetta sem alvöru hagsmunasamtök þá verðum við að geta haft efni á að reka það. Til þess þurfum við félagsmenn.“

**Aðkallandi að bæta hagtölur**

Þessu tengdu segir Gunnar að samtal sé hafið við aðila afurðastöðvanna um að koma að sameiginlegum málefnum afurðastöðva og frumframleiðenda.

„Það er jákvæður andi í þeim. Við erum með marga sameiginlega hagsmuni, s.s. tollvernd og hagtölur sem eru í algjöru skötulíki. Hagtölur nýtast ekki síður afurðastöðvum en frumframleiðendum. Hvað er verið að kaupa og flytja inn? Hvað er verið að selja? Sem dæmi þá höfum við nú talsverðar



Gunnar segir margt hafa verið skrafað og rætt í fundarpásun. Gestir sötra kaffi í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

áhyggjur af áburðarverðþróun á heimsmarkaði. En við vitum ekki hvað bændur eru að kaupa mikinn áburð né hversu hátt hlutfall þetta er af rekstrarkostnaði. Við verðum að geta upplýst ráðamenn þjóðarinnar um rauntölur og áhrif þessara

verðlagshækkana á framleiðsluna.“ Gunnar segist hafa fengið mikla hvatningu frá gestum bændafunda til að koma oftari. Við því ætla samtökin að verða. „Við þurfum að gera þetta aftur og það fljótlega.“ /ghp

**EYJALIND** **GRAMMER**

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

**FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN**

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

**Áhugaverðar jarðir**

**JARDIR.IS**

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

**Til sölu**

**Tæki og bifreiðar til sölu hjá Umhverfismiðstöð**

Umhverfismiðstöð Akureyrarbæjar óskar eftir tilboðum í eftirtalin tæki:

- Gangstéttasópur Scmith 2010
- Renault Trafic 2005
- Renault Kangoo 2000
- Mitsubishi pallbíll 1991
- Kubota slátturaktor 2013
- Kubota slátturaktor 2017
- Renault Kangoo 2002
- Bílalýfta
- HAMM Valtari 2007
- Marshall Sturtuvagn 2005
- Fjákkerra
- Subaru Impreza 1997
- Benz Ferlibíll 1997
- Benz ferlibíll 1998
- Hjólástólalýfta 2012

Tækin verða til sýnis á Rangárvöllum fyrir framan SVA fimmtudaginn 11. nóvember og mánudaginn 15. nóvember milli klukkan 10:30 og 12:00. Starfsfólk Umhverfismiðstöðvar verður á staðnum og svara spurningum sem kunna að koma upp.

Þá verða tilboðsblöð á staðnum en einnig má senda inn tilboð í netfangið [umsarekstur@akureyri.is](mailto:umsarekstur@akureyri.is).

Tilboðum skal skila inn til Umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar Geislagötu 9, 4. hæð fyrir klukkan 13.00 miðvikudaginn 17. nóvember 2021. Tilboð verða opnuð á sama tíma og stað að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Akureyrarbær** Umhverfis- og mannvirkjasvið

Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is akureyri@akureyri.is

**Bílskúrs- og iðnaðarhurðir**

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

**VH HURÐIR**

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, [vagnar@vagnar.is](mailto:vagnar@vagnar.is), [vagnar.is](http://vagnar.is)

**Hrossabændur um allt land óska eftir hryssum**

Mega vera allt að fimmtán vetra

**Greiðum 40.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna og sækjum frítt.**

Hafið samband við okkur og við tengjum þig við næsta bónda og aðstoðum við að ganga frá kaupunum.

Upplýsingar gefnar um netfangið [hryssa@isteka.com](mailto:hryssa@isteka.com) eða í síma 581-4138 (9-15 virka daga)

**Geymið auglýsinguna!**

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í WorldFeng.

**Lely Center Ísland**

**Baggaspjót**

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - [www.lci.is](http://www.lci.is)  
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

Sexi frá Ósabakka:

# Einstakur sexhyrndur lambhrútur

– og er líka með sjaldgæf litamynstur og telst svartgolsubotnóttur

Það er náttúrulegast að sauðfé hafi ekkert, tvö eða fjögur horn. Stundum heyrast fréttir af þrem eða fimm hornum og einstöku sinnu skýtur upp sögu af einu horni. En sex horn er trúlegast eindæmi.

Páll Imsland er mikill áhugamaður um liti og aðra breytileika í íslensku búfé. Hann segist hvorki hafa séð né heyrt um sexhyrnda hrút fyrr en í Reykjaréttum á Skeiðum nú í haust. Þar var sexhyrndur lambhrútur svartgolsubotnóttur, sem hefur hlotið nafnið Sexi og er frá Ósabakka og ræktaður af Jökli Helgasyni. Um þetta segir Páll:



Samhverf hornaröð. Ferhyrndur hrútur, svartgolsóttur.



Tvíhyrnd ær, grábugótt flekkótt.



Sexi í Reykjaréttum blautur á reyfið.

Myndir / Páll Imsland



Sexi á húsi þurr og vær.



Sexi er frá bænum Ósabakka og er ræktaður af Jökli Helgasyni.


uðust. Þríhyrnt getur líka komið fyrir vegna þess að tvö horn eru samvaxin og þá lítur fljótt á litið út eins og um eitt horn sé að ræða og



Sexi, hausinn séður framan frá.



Sexi, hausinn séður aftan frá.



Klashyrning. Hvít ær klashyrnd hægri megin, stakhyrnd vinstra megin.

framkallast þannig stök tala. Þá er í raun um að ræða ferhyrnda kind sem er klashyrnd öðrum megin en stakhyrnd hinum megin,“ segir Páll.

## Sexhyrndur Sexi

„Sexi er hins vegar sexhyrndur og því ekki að brjóta regluna um speglun helminganna, þess hægri og vinstri, enda hornin þrjú á hvorri hlið. Hornin eru að nokkru leyti samvaxin, þ.e.a.s. hann er að hluta til klashyrndur. Það eru takmörk fyrir því hversu höfuðplássid leyfir mörg horn og þegar þrengist um þau er náttúrulegt að þau myndi klasa. Sexi er af ferhyrnda kyni en á í nærættum kollótta, tvíhyrnda og ferhyrnda forfeður í flókinni fléttu, eins og sjá má af meðfylgjandi ættartölu.“

## Líka með sjaldgæft litmynstur

Sexi ber auk þess sjaldgæft litmynstur. Hann er svartur að grunnlit, en ber bæði golsótt og botnótt mynstur, er svartgolsubotnóttur. Hann er ekki lamb af einhverri ónytjuserð, því hann er stigaður upp á 84 stig. Hann hefur verið settur á og mun líklega fá að spreyta sig við fjölgun fjárins á Ósabakka með nokkrum ám um jólin. Gaman verður að sjá hvað kemur út úr því, ekki síst hvað varðar hornagerð og fjölda horna,“ segir Páll.

## Ættartala Sexa

Sexi Ósabakka 2021, svartgolsubotnóttur, sexhyrndur með 84 stig.

- F: Oddur Ósabakka 2020, svartgolsóttur, ferhyrndur
- FF: Hálfur Ósabakka 2019, hvítur, ferukollóttur
- FFF: Kollur Árbæ 2015, hvítur, kollóttur
- FFM: Hæra Ósabakka 2009, svartgolsóttur, ferhyrndur með brúsk
- FM: Punta Ósabakka 2015, svartbotnótt, ferukollótt
- FMF: Töffi Ósabakka 2014, svartgolsóttur, ferhyrndur
- FMM: Smart Ósabakka 2010, svartfleckótt, kollótt
- M: Undra Ósabakka 2019, svartgolsubotnótt, tvíhyrndur
- MF: NN fæddur 2016, svartbotnóttur, tvíhyrndur
- MFF: Drifandi Hesti 2011, svartur, tvíhyrndur
- MFM: NN fædd 2012, svartbotnótt, tvíhyrndur
- MM: Klumsa Ósabakka 2014, morgolsótt, ferhyrndur
- MMF: Höttur Ósabakka 2010, moranhöfðóttur, tvíhyrndur
- MMM: Geit Ósabakka 2011, svartgolsótt, ferhyrndur

## Lely Center Ísland DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

## LÍF &amp; STARF



Ásmundur Friðriksson alþingismaður ávarpar sviðaveislugesti með tilþrifum. Síðan las hann upp úr nýrri bók sinni, Strand í gini gígsins, sem koma mun út á næsta ári. Myndir / Björn Ingi Bjarnason

Hrútavinafélagið Örvar á Suðurlandi og Vinir alþýðunnar:

# Vegleg sviðaveisla

Hrútavinafélagið Örvar á Suðurlandi og Vinir alþýðunnar héldu veglega sviðaveislu í Félagsheimilinu Stað á Eyrarbakka fyrir skömmu.

Frumkvöðull sviðaveislunnar er Ásmundur Friðriksson, alþingismaður í Suðurkjördæmi. Sviðin komu frá Magnúsi Geirssyni á Fornusöndum og Kristjáni Magnússyni frá Minna-Hofi.

Heiðursgestur var Siggeir Ingólfsson í Stykkishólmi, fv. staðarhaldari í Félagsheimilinu Stað árin 2013 til 2019, og hélt hann margar þjóðlegar veislur á þeim tíma.

Núverandi staðarhaldarar á Stað, Ingólfur Hjálmarsson og Elín Birna Bjarnfinnsdóttir, með aðstoð Ólafs Ragnarssonar, sáu um veisluna nú. Þau ætla að halda veisluflöggum á lofti sem aldrei fyrr nú þegar birta fer í mannlífi eftir Covid-19.

Margir gestir voru í sviðaveislunni sem heppnaðist frábærliga. Mjög veglegt „bókalottó“ var í sviðaveislunni. Bjarni Harðarson, Bókakaffið á Selfossi og Bóka-



Vinningshafar í bókalottói Sæmundar voru. F.v.: Sigurður Egilsson, Eyrarbakka, Guðmundur Sæmundsson, Eyrarbakka, Hannes Sigurðsson, Hrauni, Ölfusi, Þórhildur Ólafsdóttir, Hrauni, Ölfusi og Ásmundur Friðriksson, Reykjanesbæ. Síðan Vigdís Hjartardóttir, Selfossi, sem dró upp nöfn hinna heppnu.



Siggeir Ingólfsson, Stykkishólmi.



Kjartan Björnsson, Selfossi.



Sviðaveislunefndin. F.v.: Ingólfur Hjálmarsson, Eyrarbakka, Ólafur Ragnarsson, Selfossi og Elín Birna Bjarnfinnsdóttir, Eyrarbakka.

útgáfan Sæmundur gáfu vandaðar bækur í lottóið í tilefni af 15 ára afmæli Bókakaffisins. Vigdís Hjartardóttir dró að árvissri venju út nöfn hinna heppnu.

Hrútavinafélagið Örvar var stofnað haustið 1999 á hrútasýningu hjá Bjarkari Snorrasyni að Tóftum í Stokkseyrarhreppi hinum forna. Hrútavinafélagið er mannlífs- og menningarlegt samafi brottfluttra Vestfirðinga komna á Suðurland og heimamanna þar í héraðum til sjávar og sveita. Félagið hefur staðið að margþættu þjóðlegu menningarstarfi á Suðurlandi og víðar um land sem menn dást að með virðingarbrosi á vör. /BIB



Bogi Pétur Thorarensen, Selfossi, Ari Björn Thorarensen, Selfossi, Trausti Sigurðsson, Eyrarbakka, Halldór Páll Kjartansson, Eyrarbakka og Jón Karl Ragnarsson, Eyrarbakka, næla sér í veislumatinn.



JÓLAGJÖF  
HESTAMANNINS

ISLENSK.IS

EYJALIND Varahlutir i VOLVO Vinnutæki

Vertu vinur okkar á Facebook  
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Sérniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson  
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.  
Sími: 560-5502  
Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson  
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.  
Sími: 560-5501  
Netfang: pall@allt.is

Opnað fyrir skil á haustskýrslum

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur opnað fyrir skráningar á haustskýrslum fyrir árið 2021 í Bústofni. Í samræmi við 10. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013, er öllum umráðamönnum búfjár skylt að skila árlega rafrænni haustskýrslu í Bústofni, eigi síðar en 20. nóvember.

Í haustskýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund, allt búfé í hagagöngu og á hvaða jörð eða landspildu það er. Einnig skal koma fram gróffóðruppskera af hefðbundnum nytjatúnum og leigutúnum og fyrningar, auk upplýsinga um aðra fôðuröflun og landstærðir.

Minnt er á að skilyrði fyrir stuðningsgreiðslum í landbúnaði eru fullnægjandi skil á haustskýrslu. Skráning í Bústofn er með rafrænu skilríki eða Íslykli.

Skila þarf haustskýrslu í Bústofni eigi síðar en 20. nóvember 2021

Stjórnarráð Íslands  
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið



## MINNING

# Sólrún Ólafsdóttir frá Þverá á Síðu

– Tók virkan þátt í starfi ýmissa félagasamtaka og sat í stjórn Bændasamtaka Íslands í sex ár

Sólrún Ólafsdóttir fæddist á Þverá á Síðu 28. febrúar 1948. Hún varð bráðkvödd 8. október 2021.

Foreldrar hennar voru Fanney Guðsteinsdóttir, f. 1913, d. 1972, húsfreyja, og Ólafur Vigfússon, f. 1917, d. 1996, bóndi. Systkini Sólrúnar eru Vigfús, f. 1946, Jóhann, f. 1950, d. 2014, og hálf systkini Guðsteinn, f. 1931, d. 2002, Hörður, f. 1933, Práinn, f. 1936, d. 1955, og Katla, f. 1941.

Sólrún giftist árið 1966 Lárusi Valdimarssyni frá Kirkjubæjarklaustri, f. 29.6 1940, d. 22.2. 2016. Börn þeirra eru: 1) Guðrún, f. 1966, viðskiptafræðingur og bóndi í Keldudal, gift Þórnari Leifssyni, f. 1966. Þeirra börn eru: a) Þórdís, sambýlismaður Eyþór Bragi Bragason. Dóttir þeirra Erna Diljá. b) Sunna. c) Þorri. 2) Fanney Ólöf, f. 1970, ráðunautur og bóndi á Kirkjubæjarklaustri 2, gift Sverri Gíslasyni, f. 1969. Þeirra börn eru: a) Svanhildur, f. d. 1999. b) Sólrún Lára. c) Sigurður Gíslí. d) Ásgeir Örn. 3) Kristín, f. 1971, bóndi og tanningamaður á Syðri-Fljótum, gift Guðbrandi Magnússyni, f. 1962. Þeirra börn eru: a) Svanhildur, b) Lárus.

Sólrún ólst upp á Þverá. Hún var þrjá vetur í barnaskólanum Múlakoti, einn vetur við nám á Klaustri, einn vetur í Hagaskóla í Reykjavík og lauk gagnfræðaprófi frá Skógaskóla vorið 1964. Sólrún var alla tíð vinnusöm og þegar hún hafði getu til tók hún fullan þátt í bústörfum á Þverá. Að skólagöngu lokinni fór Sólrún einn vetur á vertíð í Eyjum. Síðan kom hún heim í búskapinn á Þverá og um haustið vann hún í sláturhúsinu á Klaustri. Rétt að verða 18 ára er hún fengin í

kennslu við barnaskólann á Klaustri og árið eftir við Múlakotsskóla.

Sólrún kynntist mannsefni sínu, Lárusi Valdimarssyni, á þessum árum. Hann var þá búinn að stofna nýbýlið Kirkjubæjarklaustur 2 og saman héldu þau áfram uppbyggingu þar, byggðu íbúðarhús og yfir búpening og vélar. Fyrstu árin var blandaður búskapur, sauðfé og kýr, en 1974 hættu þau með kýrnar og fjölguðu fénu. Sinntu þau ræktunarstarfinu af alúð alla sína búskapartíð og áttu góðan fjárstofn. Þau hættu búskap í árslok 2002 og reistu þá nýtt íbúðarhús á Klaustri. Meðfram búskapnum vann Sólrún utan búsk, m.a. vaktavinnu á smíðstöðinni og við pósthúsið. Eftir að hún hætti búskap vann hún við ýmis störf á Klaustri en aðalstarf hennar var við bókhald og framtalsgerð og þá vinnu stundaði hún fram á síðasta dag. Ætíð var Sólrún boðin og búin að aðstoða við búskapinn hjá dætrum sínum og tengdasonum.

Sólrún tók virkan þátt í starfi ýmissa félagasamtaka, var meðal annars í fyrstu stjórn Leikfélags Síðumanna, var formaður Kvenfélags Kirkjubæjarhrepps í 6 ár, var formaður Hestamannafélagsins Kóps í 2 ár og var formaður Landgræðslufélags Skaftárhrepps í 9 ár. Hún sat í sveitarstjórn Kirkjubæjarhrepps í 12 ár.

Sólrún var með fyrstu konum félagsmaður í Búnaðarfélagi Kirkjubæjarhrepps og með fyrstu konum sem sat Búnaðarþing. Hún tók fyrst sæti á Búnaðarþingi árið 1994 og var þingfulltrúi í 9 ár. Um tíma var hún eina konan á Búnaðarþingi. Sólrún sat í stjórn Bændasamtaka Íslands í 6 ár. Á meðan Sólrún var á Búnaðarþingi



Sólrún Ólafsdóttir.

vann hún að mörgum góðum mál-efnum. Má þar nefna réttindum bændakvenna, úttekt á geðheilsu bænda, upplýsingatækni í dreifbýli, vinnueftirliti í landbúnaði og að koma á nýju bókhaldskerfi aðlagð að landbúnaði, sem í dag er DkBúbót.

Sólrún var einn af stofnendum styrktarsamtaka Heilsugæslustöðvarinnar á Klaustri og gjaldkeri þeirra frá upphafi. Sólrún var mjög stolt af starfi styrktarsamtakanna enda tókst að gefa heilsugæslunni á Klaustri hin ýmsu töl og tæki. Meðal annars var keyptur búnaður sem nýtist í fjarheilbrigðisþjónustu og var hann sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi.

Sólrún gaf mikið af sér. Allir voru velkomnir til hennar og öllum var boðið upp á veisluborð hvort sem börn eða fullorðnir komu í heimsókn. Í hjarta sínu var Sólrún alltaf bóndi og leið best umkringd fjölskyldu sinni og vinum.

Guðrún, Fanney Ólöf og Kristín Lárusdóttir

## BÆKUR &amp; MENNING

## Bannað að eyðileggja

Bannað að eyðileggja eftir Gunnar Helgason, er spennandi saga um Alexander og Sóleyju, bekkjarsystur hans, litríku fjölskyldurnar þeirra, mömmuna sem er farin og kennarann sem ætti ekki að fá að vinna með börnum.

Alexander Daníel Hermann Dawidsson er með ADHD en það er allt í lagi – nema þegar lífið tekur upp á því að fara á hvolf.

Gunnar Helgason er einn af vinsælustu barnabókahöfundum landsins og hefur hlotið alls konar verðlaun fyrir bækur sínar. Alexander Daníel Hermann Dawidsson er ekki til í alvörunni en kannski þekkir þú



einhvern eins og hann.


Gunnar lagði í mikla rannsóknarvinnu við gerð bókarrinnar og spjallaði meðal annars við fólk með ADHD og foreldra barna með ADHD. Meira að segja fór Árdís Rut H. Einarsdóttir yfir handritið en hún er framkvæmdastjóri ADHD samtakanna.

Silja Aðalsteinsdóttir þekkir sannarlega allar ar ritsmíða um leið og hún er afar virtur gagnrýnandi. Hún er ekkert að skafa utan af því í sínum dómi um þetta verk Gunnars Helgasonar er hún segir: „STÓRKOSTLEG BÓK!“

## Handbók gullgrafarans

Handbók gullgrafarans er síðasta bókin í þrileik Snæbjörns Arngrímssonar um vinina í Álfabæ.

Fyrri bækurnar hlutu mikið lof lesenda, Rannsóknin á leyndardómum Eyðihússins fékk Íslensku barnabókaverðlaunin og Dularfulla stytta og drengurinn sem



hvarf Barnabókaverðlaun Reykjavíkur.

Á háaloftinu á Sjónarhóli finnur Guðjón G. Georgsson gamla stílabók með áletruninni HANDBÓK GULLGRAFARANS.

Í bókinni er kort sem á að vísa á gamlan fjársjóð. Fjársjóðsleit Millu og Guðjóns G. Georgssonar leiðir þau inn á furðulegar brautir, hættulegar og óskiljanlegar.

limtrevirnet.is

## FALLEGAR HURÐIR SEM ÞÚ GETUR TREYST

Traustar bílskúrs- og iðnaðarhurðir frá Lindab og Krispol

■ Áratugareynsla við íslenskar aðstæður

■ Uppsetning í boði á hurðum og viðbótarbúnaði

■ Stuttur afgreiðslutími og fjölbreytt úrval

■ Margir litir og fylgihlutir í boði

skoðuðu úrvalið [limtrevirnet.is](http://limtrevirnet.is)

Limtrevirnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Sölueldi: 412 5350 | Netfang: [sala@limtrevirnet.is](mailto:sala@limtrevirnet.is)  
Söluskrifstofur: Lynghálslí 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes





# Væntanlegar verðhækkningar á áburði – hvað er til ráða?

Flest bendir til þess að verð á áburði muni hækka umtalsvert milli ára á næstu mánuðum og þá einkum verð á köfnunarefni. Það eru einnig blíkur á lofti varðandi hvort áburðarsalar muni geta annað eftirspurn eftir áburði hér á landi. Bændur og einnig stjórnmöld þurfa því að vera vakandi fyrir þróun mála á næstu misserum.

Áburður er stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í rekstri sauðfjárbúa og sá næststærsti í rekstri kúabúa á eftir kjarnfóðri en hækkan á heimsmarkaðsverði á áburði mun óhjákvæmilega einnig hafa áhrif til hækunar á kjarnfóðri. Bændur standa því núna frammi fyrir áskorunum og ákvarðanatöku sem mun hafa mikil áhrif á búreksturinn og afkomuna.

## Ákvarðanir teknar á sem bestum grunni

Nú sem fyrr er mikilvægt að

ákvarðanir um áburðargjöf séu teknar á sem bestum grunni. Upplýsingar úr jarðvegs- og heyfagnagreiningum geta m.a. gefið vísbendingar um hvort kölkun geti skilað sér í betri áburðarnýtingu, lifun sáðgresis og þá einkum smára sem bindur köfnunarefni. Einnig gefa niðurstöður heyfagnagreininga upplýsingar um hvort áburðargjöf síðasta vors hafi skilað tilætluðu efnainnihaldi í hefyrdá vetrarinn. Í því skyni er mikilvægt að sýnið sé ekki blanda af heyi úr ólíkum tünnum eða tünnum sem hafa fengið ólíka áburðargjöf. Vert er að benda á safn-heysýni, sem tekin eru af fleiri en einu túni, gefa ekki eins góðar upplýsingar um efnainnihald heyja af einstökum tünnum og nýfast því síður við áburðaráætlanir þó að þau gefi niðurstöður um fóðrið sem slíkt. Gott utanumhald og skráningar á áburðargjöf, uppskerumagni og heygæðum getur hjálpað við að taka upplýstar ákvarðanir. Efnagreiningar á heyi,

jarðvegi og búfjáráburði gefa hins vegar alltaf bestu upplýsingarnar um aðgengi næringarefna. Upplýsingar um efnainnihald búfjáráburðar búsinis má nota til að velja tegundir tilbúins áburðar og magn áburðarefna, í skipulagi áburðardreifingar. Áburðaráætlun sem er vel undirbyggð hefur trúlega aldrei verið eins mikilvæg.

## Tækni og tímasetningar áburðardreifingar

Dreifingartími bæði búfjáráburðar og tilbúins áburðar skiptir miklu máli þegar kemur að nýtingu áburðarefnanna. Þá skiptir einnig miklu máli hvaða tækni er nýtt við dreifinguna. Í stuttu máli má segja að nýtingin á búfjáráburðinum sé best þegar hann er borinn á að vori þegar gróður er tilbúinn að taka við næringarefnum og að hann sé borinn á með gætni og við góðar aðstæður þannig að köfnunarefnið tapist ekki út í

andrámsloftið. Áburðardreifing þarf að vera jöfn og á það einkum við um dreifingu tilbúins áburðar. Notkun gps búnaðar sem er tengdur við tölvustýrðan áburðardreifara getur haft mikið að segja en þá er samt mikilvægt að hafa í huga að viðhald og stillingar dreifarans séu í lagi. Þeir sem eru stórtækir í áburðardreifingu ættu að sannreyna dreifinguna reglulega með bakkaþrófi.

## Er allt hey í harðindum?

Góð meðferð á verðmætum er og verður alltaf brýn. Það er mikilvægt að gera sér vel grein fyrir í hverju verðmæti felast og hvernig verðmat hefur og getur breyst yfir tíma. Huga þarf sérstaklega að nýtingu og umgengni á fóðri og aðföngum. Til dæmis í tengslum við varðveislu hefyfninga þar sem tryggja þarf meindýravarnir og skjól. Mikilvægt er að hafa í huga að þegar fóðrað er til afurða

þarf gróffóður og beit að uppfylla ákveðnar kröfur um gæði. Ganga þarf vel frá áburði sem geyma á milli ára. Hann skal geymdur innan dyra ef því verður við komið og standa á þurrum fleti, helst vörubretti.

## Ekki spara til skaða

Ekki er hægt að alhæfa með hvaða hætti bændur eiga núna að bregðast við heldur þarf hver og einn að skoða sínar aðstæður. Það eru alltaf einhver tækifæri til staðar en að draga mikið úr áburðarkaupum án þess að það sé ígrundað og brugðist við um leið með einhverjum hætti í bústjórninni, kann ekki góðri lukku að stýra. RML hvetur því bændur til að skoða alla möguleika til að bregðast við miklum hækkanum tilbúins áburðar og út frá heildaráhrifum á búreksturinn.

## Ráðunautar RML á rekstrar- og umhverfisviði

## LESENDARÝNI

# Engin þörf á að hækka vexti

Nú sem oftast sýna vaxtaákvarðanir bankanna hvernig heimilin eru gjörsamlega varnalaus og berskjölduð gagnvart lánastofnum.

Eftir að hafa verið í sögulegu lágmarki í ársbyrjun hafa meginvextir Seðlabanka Íslands verið hækkaðir þrisvar, um 0,25 prósentustig í hvert skipti. Flestir lánveitendur hafa fylgt þeim hækkanum dyggilega eftir með sambærilegum hækkanum á vöxtum húsnæðislána og þannig lagt auknar fjárhagslegar byrðar á stærstan hluta íslenskra heimila.

## Þessar vaxtahækkningar eru ekkert lögmál og engin þörf á þeim

Það sem af er ári hafa bankarnir skilað vænum hagnaði eða á hálfu ári meira en árhagnaði þeirra hvert undanfarinna þriggja ára þrátt fyrir þrengingar vegna heimsfaraldurs. Á næstu dögum birta þeir afkomutölur þriðja ársfjórðungs sem hefur verið boðað að verði enn betri.

Með svo góða afkomu sem raun ber vitni geta bankarnir ekki með nokkru móti haldið því fram að nein þörf sé á því að hækka vexti húsnæðislána. Nægur er hagnaðurinn fyrir og engin þörf á



Ásthildur Lóa Þórsdóttir.

að sækja hærri vaxtatekjur úr vösum neytenda.

## Bankarnir skulda heimilunum vaxtalækkun

Hagsmunasamtök heimilanna sendu í vikunni frá sér áskorun til stjórnenda og eigenda bankanna að láta neytendur njóta góðs af

velgengninni og sýna samfélagslega ábyrgð í verki með því að halda aftur af frekari vaxtahækkanum á húsnæðislánum.

Samtökin minntu jafnframt á þá staðreynd að bankarnir skulda heimilum landsins enn þá töluverðar vaxtalækkunir. Á tímabili munandi 230% á því sem vextir bankanna voru og því sem þeir hefðu átt að vera ef vaxtalækkunir Seðlabankans skilðu sér jafn vel til neytenda og hækkanir.

Heimilin eiga þessar vaxtalækkunir inni hjá lánastofnunum og þeim ber að gera upp skuld sína við þau og endurgreiða oftekið fé. Það minnsta sem þeir getu gert væri að hækka ekki vexti og draga nýlegar hækkanir þeirra til baka.

## Ríkisstjórnin beiti eigendavaldi sínu

Heimilin eru ekki veiðilendur bankanna til að auka nú þegar stjarnfræðilegan hagnað þeirra. Vissulega hefur verðbólga aukist en bankarnir eru augljóslega ekki á flæðiskeri staddir og þurfa ekkert á því að halda að hækka álögur á heimili landsins sem mörg hver berjast nú þegar í bökkum.

Gæta þarf að og verja réttarstöðu neytenda gagnvart þessu ofurvaldi. Tveir af þremur bönkum eru í meirihlutaeigu ríkisins.

Nú þarf ríkisstjórnin að beita eigendavaldi sínu og grípa inn í þessa ofstöðu af varnalausum heimilum landsins sem er algjörlega

ónauðsynleg, ekki síst með hliðsjón af gríðarlegum hagnaði bankanna. Heimilin eru ekki fóður fyrir bankana!

Ásthildur Lóa Þórsdóttir  
3. þingmaður Suðurkjördæmis fyrir Flokk fólksins og formaður Hagsmunasamtaka heimilanna



MITSUBISHI ELECTRIC  
Changes for the Better

- Loft í loft
- Loft í vatn
- Vatn í vatn

Varmadælar - Vörukaup ehf

516-2600  
vorkaup@vorkaup.is

vorkaup

## EINNOTA HANSKAR


### Mikið úrval - Nítril Latex Vínýl



OPID ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17

REKSTRARLAND verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | rekstrarland.is





Á um það bil einnar aldar sögu gróðurhúsa á Íslandi hefur verið reynt að framleiða ótrúlegt úrval matjurta og blóma.

## Er hægt að rækta hvað sem er í gróðurhúsum?

Stutta svarið við þessari spurningu er já, það er hægt. Gróðurhús eru með ýmsu móti. Þau eru hönnuð með ræktun tiltekinna tegunda í huga og eru því mjög ólík. Hér erum við von að rækta grænmeti og blóm sem fara á innanlandsmarkað og flestir þekkja vel.

Vegna veðurfarsástandna þurfa íslensk gróðurhús að vera sérstaklega vel styrkt og hitakerfin þurfa að anna þörfum plantanna í mestu vetrarkuldum. Á suðrænni slóðum eru gróðurhús á margan hátt ólík þeim sem við þekkjum, sums staðar lítið annað en skýli fyrir regni og mikilli birtu. Kælingar er víða þörf til að skapa kjöraðstæður þar sem heitt er í veðri. Ýmis efni eru notuð í byggingu gróðurhúsa, stál og gler eða plast þekkjum við best en víða um heim er notað einfalt efni, timbur, bambus, einfaldar grindur og jafnvel skyggingarnet í stað glers og plasts.

### Fjölbreytni einkennið upphaf ylkræktar

Á um það bil einnar aldar sögu gróðurhúsa á Íslandi hefur verið reynt að framleiða ótrúlegt úrval matjurta og blóma. Fyrstu garðyrkjubændurnir þurftu að huga að markaðinum og sinna þörfum neytenda ásamt því að reyna sig við ræktun hinna ýmsu tegunda og það hefur í rauninni ekkert breyst. Í fyrstu voru mest ræktaðar þær tegundir sem voru þá þegar á markaði innfluttar, bæði ferskar og niðursoðnar, jafnvel þurrkaðar. Gúrkur voru mikið ræktaðar í fyrstu og einnig tómatar, sem þá hétu reyndar tómötur. Fyrstu tómöturarnar til eiginlegrar markaðssetningar voru ræktaðar árið 1925 á Reykjum í Mosfellssveit en áður höfðu þær lítið verið reyndar. Melónur, vínber, bananar, fjöldi salattegunda, ýmiss konar ávextir eins og epli, perur, plómur, belgbaunir og jafnvel appelsínur voru reyndar og fjöldi áður óþekkttra blóma. Í rauninni var ekki verulegt vandamál að fá þessar tegundir til að þrífast í gróðurhúsum. Hins vegar þurfti að hafa mikið fyrir þeim, uppskeran reyndist stundum rýr og oft reyndist óraunhæft að stunda ræktun tegunda í atvinnuskyni.

### Framsækni er forsenda framfara

Framleiðendur í dag eru í nákvæmlega sömu stöðu og frumherjarnir, þeir leitast við að sinna íslenskum markaði. Nýjar tegundir eru reyndar og kynntar fyrir neytendum, bæði í blómum og grænmeti. Það

sama má að sjálfsögðu segja um garð- og skógarplöntur. Framleiðendur geta verið stoltir af frumkvæði einstaklinga innan garðyrkjustéttarinnar. Það er ekki sjálfsagður hlutur að hefja ræktun á nýrri tegund sem ekki er þekkt á markaði en engu að síður eru ræktendur tilbúnir til að leggja í talsverðan fórnarkostnað til þess, í þeirri von að innlend ræktun taki að sem mestu leyti við innfluttu grænmeti og blómum á innlendum markaði.

### Er útflutningur gróðurhúsa- afurða raunhæfur?

Oftar en einu sinni hafa komið fram hugmyndir um stofnun stórra ylkræktarvera hér á landi sem gætu framleitt vöru til útflutnings. Þótt ekki hafi orðið úr því enn þá er engin ástæða til að útiloka að slíkar hugmyndir verði að veruleika. Forskot okkar liggur auk sjálfs jarðvarmans í hreinni ímynd landsins, hreina vatninu og hreina loftinu, en ekki síður í því að neytendur í Evrópu hafa margir breytt neyslumynstri sínu og hafna í auknum mæli mengandi ræktun og krefjast sífellt umhverfisvænni aðferða við ræktun. Evrópskir ylkræktarændur nota aðallega kolefnaeldsneyti við kyndingu gróðurhúsa í grænmetis- og blómarræktun. Raunin er til dæmis sú að kolefnisspor evrópskra afskorinna rósa er margfalt meira en þeirra sem ræktaðar eru í Afríku eða Mið- og Suður-Ameríku, þrátt fyrir langar flutningsleiðir og grænmeti sem ræktað er í gróðurhúsum sömuleiðis.

Raforka sem notuð er í íslenskrilkrækt til lýsingar í skammdeginu er vistvæn að því leyti að ekki er um teljandi losun gróðurhúsalofttegunda að ræða við framleiðsluna. Losun gróðurhúsalofttegunda í íslenskrilkrækt er þannig að öllu samanlögðu minni en þekktist annars staðar á norðurhveli jarðar en betur má ef duga skal. Helstu hindranir fyrir stóraukinni framleiðslu er raforkuverð til ræktunarinnar. Ef hægt væri að stilla því í hóf fyrir ylkræktina gætu dýrnar opnast fyrir framleiðslu sem getur annað erlendri eftirspurn.

Íslenskir garðyrkjubændur flýta nú þegar út grænmeti til Grænlands, Færeyja og Danmerkur og hefur sá útflutningur verið að aukast hægt og rólega. Í allri umræðu um stór ylkræktarver mætti einnig huga að því hvort sú nálgun að fara hæggar í sakirnar og vinna að útflutningsmálum hægt og rólega sé ef til vill vænlegri til árangurs.

Ingólfur Guðnason



Kýr eru heilagar í Indlandi og Narendra Modi, forsætisráðherra landsins, hefur verið sérstakur talsmaður þess að tryggja stöðu þeirra.

## Griðasvæði kúa á Indlandi



Snorri Sigurðsson  
snsig@arlafoods.com

Það kannast líklega flestir við að litíð er á kýr sem heilagar á Indlandi, þ.e. á meðal strangtrúaðra hindúa. Líklega vita færri að þar í landi eru ótal verndarsvæði fyrir kýr, þ.e. svæði eða bú þar sem kúm er komið fyrir og þar geta þær verið allt til dauðadags í friði og ró.

Þessi bú kallast Goshala, eða Gaushala í enskum framburði, en nafnið kemur úr hinu forna indverska tungumáli sanskrít og er samsett úr orðunum Go, sem merkir kýr, og Shala, sem merkir skýli eða skjól.

### Heilagar kýr

Samkvæmt trú hindúa, sem um 80% Indverja aðhyllast, þá eru kýr og raunar allir nautgripir heilagir og má hvorki éta kjöt þeirra, sýna þeim óvirðingu eða yfirhöfuð skipta sér mikið af þeim.

Kýrnar sjálfar, þ.e. kvendýrið, hefur án nokkurs vafa hærri stöðu en aðrir nautgripir og mögulega má rekja það til fórnarathafna hér áður fyrr. Þá var kúm fórnað fyrir guðina til neyslu og því staða þeirra svona sérstök enda fólki ekki ætlað að leggja sér til munns það sem guðunum var ætlað. Talið er að þessi fórnarhefð hafi svo undið upp á sig og færst frá því að fórna gripum yfir í að færa guðunum matarformir s.s. úr mjólk. Ýmsar aðrar skýringar finnast á því af hverju hindúar líta á kýr sem heilagar og skal ekki farið nánar út í það hér. Þó er ljóst að eftir að Narendra Modi, núverandi



Á Indlandi eru til sérstaklega útbúnir sjúkrabílar sem eingöngu eru fyrir búfé.

forsætisráðherra landsins, komst til valda ásamt flokki sínum hefur staða hinna heilögu nautgripa vaxið mjög enda er hann ótull talsmaður þess að dýr megi ekki deyða.

### Bann við slátrun

Indverska ríkisstjórnin setti m.a. á lögbann við slátrun nautgripa árið 2017 en þangað til gátu bændur selt gripi sína á markaði og til slátrunar enda leggja margir Indverjar sér nautakjöt til munns þrátt fyrir allt. 20% þjóðarinnar eru ekki hindúar og það er allverulegur fjöldi, eða um 250-300 milljónir! Nautakjötsátið hefur þó lengi farið fyrir brjóstið á strangtrúuðum hindúum og því voru lögin sett. Fyrst á eftir leystu bændurnir málið með því að selja gripi sína lifandi til nágrannalandanna, þar sem slátrun fór fram en ríkisstjórnin hefur nú að mestu stöðvað þá leið líka. Þessi staða hefur því svo leitt til þess að

fjöldi kúa, sem bændur hafa tekið úr mjólkurframleiðslu, hefur hreinlega bara verið sleppt lausum.

### Sérstakir sjúkrabílar fyrir kýr

Vegna þessarar heilögu stöðu kúna á Indlandi eru þær víða á ferli og oft þvælast þær um á götum landsins. Þetta hefur leitt til ótal slysa, þar sem bílar keyra á gripina og ef þeir lifa það af eru notaðir sérstakir gripaflutningabílar sem hefur verið í raun breytt í sjúkrabíla fyrir nautgripa! Þessir bílar eru sérútbúnir og geta tekið um borð slasaða gripi og ekið þeim á búin. Þar er þeim komið fyrir á sjúkradeildum þar sem dýralæknar hlúa að þeim þar til hægt er að færa þá yfir í hjarðirnar.

### Aukin mjólkurframleiðsla eykur vandann

Frá þeim tíma sem bannið tók gildi hefur mjólkurframleiðsla landsins



Margir trúa því að neysla á kúahlendi sé hin mesta heilsuþót.



Á þessum sérhæfðu nautgripabúum eru frá nokkur hundruð upp í þúsundir nautgripa.

aukist verulega og þetta fer í raun ekki sérlega vel saman. Þetta er sú staðreynd sem blasir við á Indlandi og þar sem ekki sér fyrir endann á hinni auknu þörf fyrir mjólk og mjólkurvörur á Indlandi þá kallar það á breyttar áherslur og lausnir og ein þeirra er að koma upp einskonar gríðasvæði fyrir nautgripa, hálfgerðu elliheimili fyrir kýr!

#### Upphaf gríðasvæðanna

Líklegt er talið að upphaf þessara búna megi einfaldlega rekja til þess að of margar kýr voru á vergangi, vandalausr kýr, og voru jafnvel vannærðar og illa á sig komnar. Trúin leyfði þó ekki að slátra þeim og því var þeim fundinn samastaður þar sem séð var um þær og tryggt að þær myndu fá að éta. Svona staðir eða svæði voru við mörg þorp og sáu þorpsbúar þá um að fódra kýrnar og sjá til þess að þær hefðu það gott enda á ábyrgð þeirra sem trúna, að kýrnar líði ekki fyrir trúna.

#### Fjölbreytt framleiðsla

Goshala-búin nýta kýrnar sem berast búunum eftir því sem hægt er. Flestar þeirra eru ekki lengur í mjólkurframleiðslu en sumar þó mjólkandi og þó svo að mjólkurframleiðsla hverrar kýr sé e.t.v. lítil þá safnast þegar saman kemur. Búin selja því svo-lítið af ferskri mjólk, hleyptri mjólk (curd) og smjörþykknri (ghee). Þá selja þau einnig skítinn frá kúnum sem áburð, en einnig sem flugna-fælu en þá hefur skíturinn verið

blandaður ákveðnum plöntuleifum og þurrkaður. Þegar hann brennur, gefur hann frá sér lykt sem flugur fælast og hjálpar það við að halda þeim frá og sér í lagi moskítóflugum, en sem kunnugt er geta þær borið með sér malaríu.

#### Eima og drekka hlandið

Þó svo að kúahland henti í raun ágætlega sem áburður á tún og akra þá er það einnig nýtanlegt í margt annað. Vel þekkt er notkun þess til hárfvotta, en líklega er notkun þess sem fæðubótarefni minna þekkt. Eitt glas af kúahlandi á morgnana er talið, af heimamönnum á Indlandi, geta læknað krabbamein, lungnaveiki, sykursýki og m.a. geta varið fólk gegn smiti af Covid-19 auk fleiri pesta og því eftirsótt á morgunverðarborð ákveðinna þjóðfélagsþópa. Söfnun þess fer fram á morgnana en þá gengur starfsfólk búanna um hjörðina með fötu í hendi og grípur tækifærið og safnar hlandi þegar morgunbunan kemur! Hlandið er svo hitað upp, eimað og sett á drykkjarflöskur.

#### Um allt land

Í dag má finna bú sem þessi um allt Indland og er fjöldi þeirra vel á fjórða þúsund, þar af um þriðjungur rekinn af hinu opinbera. Flest búin eru með nokkur hundruð gripa en einnig eru til bú með mörg þúsund gripa og ekki bara kýr heldur einnig bæði kálfa og naut. Auk þeirra tekna sem þau afla sjálf þá njóta þau bæði styrkja

og gjafa enda líta margir hindúar á það sem siðferðislega skyldu sína að leggja þeim til stuðning með einum eða öðrum hætti. Þá styrkir hið opinbera einnig rekstur þessara búna og nemur árleg fjárveiting til þeirra um 6 milljörðum íslenskra króna! Þess utan eru mörg búanna einnig með eins konar þjónustu fyrir bæði heima- og ferðamenn þar sem hægt er að heimsækja búin og fræðast um rekstur þeirra og jafnvel iðka trúna, stunda jóga o.fl.

#### Enn mikið vandamál

Þrátt fyrir útbreiðslu þessara gríðasvæða fyrir nautgripa á Indlandi er mikið um vandamál sem tengjast því að ekki megi slátra þessum nautgripum. Þannig sleppa sumir bændur einfaldlega nautgripunum sínum lausum, þ.e. þeim sem þeir vilja ekki nota lengur, og skapar það eðlilega margþætt vandamál, enda er talið að um 5 milljónir nautgripa séu nú í raun eigendalausir á Indlandi! Þessir gripir þvælast um bæi, þorp og borgir, éta rusl og allan þann gróður sem þeir komast í og eins og áður segir skapa þeir verulega hættu í umferðinni. Til þess að sporna við þessu hafa sum héruð ákveðið að setja kröfu um örmerki í alla nautgripa. Þá verði hægt að skanna þá gripa sem finnast og sekta eigendur þeirra fyrir vanrækslu. Hvað gert verður við þessa 5 milljón gripa sem nú eru lausir er alls óvíst enda þyrfti margfalt fleiri gríðasvæði til að taka við öllum þessum nautgripum.

**SMÍÐUM OG GERUM VIÐ  
ALLAR GERÐIR  
TJAKKA**

**VHE**

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður  
Hraun 5 Reyðarfirði  
Sími 843 8804 • Fax 575 9701  
www.vhe.is • sala@vhe.is

### Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið [bjorgvin@eignatorg.is](mailto:bjorgvin@eignatorg.is)

**Eignatorg**

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

**ÓDÝR**  
gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispúvörn  
**19.900 kr.**  
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu  
**39.900 kr.**  
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

**Hamrahlíð 17**  
Hús Blindrafélagsins  
Sími • 552-2002

**OPTIC**  
REYKJAVÍK  
SJÓNTÆKJAVERSLUN

**PUMA SAFETY**

**Allt fyrir öryggið  
dynjandi.is**

Hjá Dynjanda finnur þú vinnu- og öryggisskó, regn- og endurskinsfatnað og margt fleira fyrir þitt öryggi. Skoðuðu vefverslunina okkar og finndu það sem þig vantar.

**DYNJANDI**  
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h II Sími: 588 5080 II [dynjandi.is](http://dynjandi.is)

**Boviferm Plus**

Bætiefni fyrir lömb og kálfa.  
Kemur stöðugleika á jafnvægi vatns og salta.

- Hjálpar við meltingu mjólkur
- Færir kálfinum sölt, mucin, umfangsaukandi efni, vítamín, steinefni og næringarefni sem hjálpa kálfum að vinna á skitu
- Bætir upp vökvatp
- Jafnar sýrustig
- Inniheldur 2 milljarða af CFU mjólkursýrubakteríum, allt í einum poka.

Pantaðu á vefverslun okkar  
**www.kb.is**

**KB**  
BÚREKSTRARDEILD  
BORGARNES

**Bændablaðið**  
Smáauglýsingar 56-30-300

## HROSS & HESTAMENNSKA

Kynbótasýningar hrossa:

# Sýningarárið 2021

– Breyttar áherslur í dómsskala og áhrif þeirra

Alls voru haldnar 16 sýningar um landið á árinu þar sem 1.038 dómur voru felldir og þar af 889 fullnaðardómur. Þetta eru nokkru færri dómur en felldir voru í fyrra, en samanborið við sveiflur í fjölda dóma er þetta á pari við það sem hefur verið á árum milli landsmóta um nokkurt skeið. Tíðni áverka er enn á niðurleið og hlutu nú 11% sýndra hrossa minni háttar áverka á fótum og þar af aðeins 3% alvarlegri áverka. Sama hlutfall hrossa hlutu áverka á munni eins og í fyrra, eða 3,5%, og þau voru öll minni háttar. Þetta er afar ánægjuleg þróun og endurspeglar æ hestvænni sýningar.

Kórónuveirufaraldurinn setti mark sitt á árið með óvissu í skipulagningu sýninga og mótahaldi, eins og gefur að skilja. Smit kom upp á einni kynbótasýningu þannig að hættu þurfti dómum í miðjum klíðum og gera videigandi ráðstafanir, en þeim hrossum sem ekki náðist að sýna á áætlaðri sýningu var boðið upp á uppbótasýningu aðra vikuna á eftir eða endurgreiðslu sýningargjalda.

Fjórðungsmót var haldið á Vesturlandi dagana 7.–11. júlí þar sem hross í eigu aðila á Vesturlandi, Vestfjörðum, Húnavatnssýslum eða Skagafirði áttu þátttökurétt. Þátttökurétturinn miðaðist við að um 75% hrossa í hverjum flokki væru valin eftir aðaleinkunn og um 25% hrossa eftir aðaleinkunn án skeiðs. Þetta var gert til að auðvelda bestu klárhrossum með tölti að komast inn á mótið, líkt og gert var á síðasta landsmóti. Alls mættu 52 hross á kynbótasýningu Fjórðungsmóts. Þá var í fyrsta skipti boðið upp á Landssýningu á Fjórðungsmóti þar sem 10 efstu hross í sínum aldurs- og kynjaflokki miðað við aðaleinkunn var boðið að koma fram. Landssýningin var haldin á laugardegnum 10. júlí og tókst vel til. Þetta var skemmtilegur viðburður með góðri mætingu efstu kynbótahrossa landsins eftir vör-sýningar sem sýndu listir sínar. Þar sem þetta var ekki landsmótsár var afkvæmahestum ekki boðið að sinna til sýningar með afkvæmum. Félag hrossabænda stóð að viðburðinum ásamt Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Fjórðungsmóti Vesturlands. Viðburðinum var streymt í heild sinni en Alendis sá um þá framkvæmd. Þetta eykur og auðveldar aðgengi áhugafólks hvarvetna og er afar jákvætt og gott framtak.

### Almennt um kynbótasýningar

Nokkrar breytingar urðu á dómsskerfinu í fyrra þar sem dómsskalinn var uppfærður að hluta, aðaleinkunn var reiknuð á grunni nýrra vægistuðla og kynntar nýjar aðaleinkunnir sem aukaupplýsingar, en það eru hæfileikar án skeiðs og aðaleinkunn án skeiðs. Líkt og hefur áður komið fram í ræðu og riti er viðbúið að það taki tvö til



Prá frá Prestsbæ og Þórarinn Eymundsson á Fjórðungsmóti Vesturlands 2021.

Mynd/ Gisli Guðjónsson, Eiofaxi

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Allir dómur - Íslandi	1528	1212	1278	996	1192	1050	1187	1028	1198	1038
Hæsti dómur - Íslandi	1328	1035	1097	828	1043	898	1024	841	1015	889
Allir dómur - öll lönd	2369	2082	1974	1693	1845	1841	1914	1725	1840	1597
Hæsti dómur - öll lönd	1967	1720	1607	1353	1543	1530	1586	1344	1472	1309
Ísland: tíðni 5.0 fyrir skeið	27,2%	27,6%	26,4%	25,0%	23,1%	26,5%	25,7%	31,0%	32,7%	32,9%
Öll lönd: tíðni 5.0 fyrir skeið	29,3%	27,4%	28,3%	25,5%	24,5%	26,8%	28,1%	28,1%	35,3%	35,8%
Ísland: tíðni 5.5 og 6.0 fyrir skeið	8,8%	8,2%	5,3%	5,9%	5,0%	6,4%	5,4%	6,5%	4,7%	3,4%
Öll lönd: tíðni 5.5 og 6.0 fyrir skeið	9,4%	9,5%	8,1%	7,9%	7,4%	8,0%	7,7%	8,7%	6,0%	5,3%
Ísland: meðalaldur sýndra hrossa	6	6,1	6,1	6,1	6,1	6,2	6,2	6,3	6,3	6,2
Öll lönd: meðalaldur sýndra hrossa	7,4	7	7,3	7,5	7,2	7,4	7,5	7,5	7,5	8,3

Tafla 1. Fjöldi fullnaðardóma og hæsti dómur innan árs, tíðni einkunna fyrir skeið (5.0 og 5.5 og 6.0), og meðalaldur sýndra hrossa á Íslandi og í öllum löndum árin 2012 til 2021.

þjú ár að nýr dómsskali fari að virka að fullu, t.d. með þeirri samræmingu dómahópsins sem þarf til. Í fyrra-vefur var viðamikil símenntun kynbótadómara í gangi sem hefur sýnt sig skila samræmdari dómstörfum í ár. Hægt er að nálgast slíkt mat með því að bera saman meðaltöl aðaleinkunna og aldursleiðréttar aðaleinkunnir við vænt gildi sem endurspeglar í kynbótamati sýndra gripa. Fylgnin er mjög sterk og hefur farið vaxandi nú síðustu ár. Ótalin umhverfisáhrif geta eðlilega haft áhrif á niðurstöður en á Íslandi eru sýningar alla jafna mjög staðlaðar og faglega staðið að þeim sem auðveldar slíkan samanburð mikið.

Þegar metin eru áhrif undan-genginna breytinga þarf að skoða áhrif mismunandi þátta á meðaltöl-

in, en einnig að skoða það í víðara samhengi svo sem hvernig kynbótadómur hafa verið að þróast á síðustu árum. Meðaltöl dæmdra eiginleika á Íslandi hafa heldur verið að hækka síðan 2013 (mynd 1) en notkun á dómsskalanum hefur haldist nokkuð óbreytt á milli ára sem lýsir sér í nánast óbreyttu staðalfrávikum og endurspeglar álfka teygni í dómstörfum milli ára (tafla 2).

Nær sama hækkun er í meðaltali aðaleinkunna og aldursleiðréttar aðaleinkunna sem endurspeglar að jafngömul hross eru að mæta til dóms að meðaltali, eins og sjá má á töflu 1. Ættbogi þessara sýndu hrossa er sá hinn sami innan þessa tímabils sem og mæting þeirra til dóms og endurkomur, svo ekki er að leita skýringa þar á hækkun meðaltala. Því virðist hér vera um einhverjar áherslubreytingar og/eða breytt umhverfisáhrif að ræða, svo sem sýningar- og vallaraðstæður, undirbúningur og þjálfun hrossa, framsetning þeirra og dómastörf.

Fjöldi dóma að baki þessum meðaltölum er nokkuð svipaður eins og tafla 1 sýnir. Þar sést skýrt hversu stórt hlutfall sýndra hrossa í öllum löndum er á Íslandi. Þegar skoðað er hvað stendur að baki sýndum hrossum er hæsta hlutfall dæmdra foreldra sýndra hrossa á Íslandi, einnig meðaleinkunn þeirra sem og hlutfall foreldra með



Mynd 1. Meðaltal aðaleinkunna, hæsta kynbótadóms og aldursleiðréttis hæsta dóms sýndra hrossa innan árs á Íslandi.

fyrstu verðlaun. Eðlilega er því meðaltal kynbótamats sýndra hrossa hæst á Íslandi. Hvað heildarúttekt á gæðum ræktunargripa varðar má því segja að Ísland standi vel í samanburði við önnur lönd.

Það hefur dregið aðeins úr fjölda sýndra hrossa en þar ber hins vegar að hafa í huga að fjöldi grunnskráðra folalda hefur einnig minnkað mikið og árið 2016 voru 6000 folöld skráð samanborið við tæplega 8.500 folöld árið 2011.

### Niðurstöður dóma síðustu ára og áhrif breytinga í dómsskerfinu

Eins og áður segir hafa meðaltöl eiginleika verið heldur að hækka á síðastliðnum árum. Í töflu 2 eru borin

saman meðaltöl eiginleikanna og aðaleinkunnir þeirra árin 2019-2021. Fyrst er að benda á að meðaltöl 2019 og 2021 eru mjög áþekkt en nokkuð hærra árið 2020.

Einfaldur samanburður segir þó ekki alla söguna þegar meðaltöl eru borin saman milli ára. Árið 2021 mættu t.a.m. aðeins yngri hross samanborið við síðustu tvö ár á undan sem gæti að einhverju leyti skýrt lægri meðaltöl en takmarkað þó enda munurinn lítil. Með breyttum dómsskala voru settar upp mismunandi kröfur til hrossa eftir aldri þar sem til dæmis er ekki krafist sama sprettfæris á skeiði og stökki af 4 vetra hrossum samanborið við eldri hross. Enn fremur eru minni kröfur á hægu tölti og tengsl einkunna þess og

## Lely Center Ísland



Reykjavík: Krókháls 5f – Sími 414 0000 – www.LCI.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

## RÚÐUR Í DRÁTTARVÉLAR

FRÁBÆR VERÐ

John Deere  
Zetor  
Case IH  
McCormick  
Steyr  
Claas

Ford  
Fiat  
New Holland  
Deutz-Fahr  
Massey Ferguson



## VÉLABÁSINN

# Nýtt nafn í „bílaflórunni“ er **Aiways** sem lofar góðu

Hjörtur L. Jónsson  
liklegur@internet.is



Bílaumboðið Vatt ehf., Skeifunni 17 (við hliðina á Suzuki), flytur inn rafmagnsbíla og „vespur“. Í lok síðasta árs prófaði ég frá þeim rafmagnssendibílinn Maxus og í byrjun árs sjö manna rafmagns fjölskyldubíl. Um næstu helgi er meiningin hjá Vatt og Suzuki að frumsýna nýjasta rafmagnsbílinn á Íslandi sem ber nafnið Aiways U5 og fæst í tveim útfærslum (Plus og Premium).

Mér bauðst að prófa þennan nýja bíl um síðustu helgi og var hann af gerðinni Aiways U5 Premium.

*Rúmgóður með vandaða innréttingu og stórt farangursrými*

Aiways U5 lítur svipað út og margir algengir fjórhjóladrifnir jepplingar, en er bara framhjóladrifinn. Hann er sjálfskiptur með 204 hestafla mótör sem skilar bílnum þægilega vel áfram. Snerpan er fín (uppgæfin hröðun úr kyrrstöðu í 100 km hraða er 7,5-7,8 sek.), verðið er frá 5.190.000 upp í 5.690.000.

Innréttingin er mjög vonduð. Í Premium útgáfunni eru leðursæti, en tausæti í Plus bílnum.

Stillingar á framsætunum eru með rafmagn, svolítið flókið fannst mér.

Allt pláss inni í bílnum er töluvert yfir meðallagi og þá sérstaklega í aftursætunum þar sem óvenju mikið pláss er.

Farangursrýmið er óvenju mikið, en undir plötunni aftast eru tvö neðri geymsluhólf og svo er lítið 15 kg rými undir húddinu.

Tölvur eru mér flókin fyrirbæri, en á skjánum er hægt að kalla fram svo mikið af alls kyns upplýsingum að mér féllust hendur. Ég gafst hreinlega upp, en örugglega spennandi fyrir þá sem ég kalla tölvugúrú.

*Kuldinn stal miklu af drægni rafhlöðunnar*

Þegar ég fékk bílinn var hann næstum fullhlaðinn á rafhlöðunni, eða 97%, og sagði mælaborðið að ég gæti ekið 387 km.

Hitinn um síðustu helgi var á bilinu -2 og upp í 7 gráður og því var ekið með sætishitarann á og hitann meira og minna stilltan yfir 25 gráður. Útvarpið var á og full ljós allan hringinn (og í töluverðan



Var ekki með appið í símanum til að hita bílinn fyrir akstur og þurfti að notast við Visakortid.



Aiways U5 Premium.

## Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.770 kg
Hæð	1.700 mm
Breidd	1.865 mm
Lengd	4.680 mm
Rafhloðustærð	63 kWh

Myndir / HLJ



Hliðarspeglar góðir og kveikja ljós ef einhver er á blindhorninu.



Með skýrari bakkmyndavélum í bíl sem ég hef prófað og valmöguleikar sex mismunandi á myndum.



Þakglugginn kom sér vel í norðurljósasýningunni síðasta laugardagskvöld.



Letrið í mælaborðinu er smátt fyrir þá sem eru farnir að missa sjón.



Farangursrýmið frammi er fyrir 15 kg, hentar best fyrir rafmagnskaplana.



Kemst í topp 10 í hávaða inni í bíl á 90.

Þess ber að geta að á rafmagnsbílum, eða öðrum bílum, er ég aldrei að reyna neitt að keyra sparakstur eða að spara rafmagn til að komast sem lengst á hleðslunni. Þessi bíll var því keyrður með sama hætti. Ég var líka vel meðvitaður um að bæði sætishitarar og miðstöð eru að stela mestu rafmagn frá drægninni.

*Prufuaksturinn, var við margs konar aðstæður*

Eins og alltaf var byrjað á hljóðmælingu. Þar var útkoma flott, og reyndist Aiways U5 einn af lágværustu rafmagnsbílum sem ég hef mælt, eða 66,9 db (gleymdi meira að segja að slökkva á útvarpinu).

Síðan var innanbæjarakstur, lipur og þægilegur í akstri og þegar bakkað var í stæði er hægt að kalla fram sex mismunandi myndir á bakkmyndavélinni + að fá prividdarmynd.

Næst var farið út fyrir bæinn (í norðurljósiferð), ljúfur í akstri og nánast hljóðlaus. Þegar stoppað var til að horfa á norðurljósinn þurfti ekki einu sinni að fara út úr bílnum, bara að halla sætunum aftur og horfa upp um þakgluggann.

Á sunnudagsmorgunn var bíllinn vel hellaður. Þá hefði nú komið sér

grýttan, holóttan með misbröttum brekkum.

Bíllinn tók holurnar vel, en fullmikið steinahljóð heyrðist undir bílnum. Hált var í sumum brekkum, en bíllinn dreifir aflinu vel á milli hjóla og skilaði sér vel áfram.

Þegar ég þurfti að bremsa í hálkunni var gripið í sumardekkjunum í algjöru lámarki og abs bremsukerfið fór strax á. Síðan blikkuðu öll stefnuljós öðrum til viðvörunar.

*Lokaorð, plúsar og mínusar*

Mínusarnir eru ekki margir. Þó má benda á þann ágalla að það er ekkert varadekk né viðgerðarsett til að bjarga sér. Ekki heldur tjakkur eða felgulykill. Rafhlaðan er fulltítil fyrir kalt íslenskt veðurfar.

Plúsarnir þeim mun fleiri. Bíllinn er ódýr miðað við sambærilega bíla. Hann er hljóðlátur, einstaklega rúmgóður og fjöðrun góð (nema í einni tegund hraðahindrana).

Ef menn hafa áhuga á að skoða og kynna sér Aiways U5 betur, þá verður bíllinn frumsýndur laugardaginn 6. nóvember og svo verða upplýsingar um bílinn settar á vefsíðu Vatt um frumsýningarhelgina á vefslóðinni www.vatt.is.

vel að hafa verið búinn að virkja appið í símann sem gerir manni kleift að hita bílinn upp áður en ekið var af stað, en í stað þess þurfti ég að skafa. Fann enga sköfu og fórnaði Visakortinu í verkið og slapp við að brjóta það.  
Nú var haldið á malarveg, lausan,

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Raunhæfar eða óraunhæfar kröfur til loftslagsmála?

**Hjörtur L. Jónsson**  
líklegur@internet.is



Umræðan um úrbætur í losun „eiturefna“ út í loftslagið og náttúruna er alltaf háværari og háværari með hverju ári sem líður. Í síðustu viku funduðu G20-rikin og enduðu á sameiginlegri yfirlýsingu um stuðning sinn við Parísarsamkomulagið frá 2015 um að halda hækkun meðalhitastigs jarðar undir 2 gráðum og að reyna að takmarka hana við 1,5 gráður.

Til að ná 1,5 gráðu markmiðinu þurfa öll ríki að draga úr útblæstri kolefnis um næstum helming fyrir árið 2030. Sumum finnst þessi markmið illvinnandi og næstum ógerleg og hafa ekki trú á að þetta takist (þ.á m. er Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands).

**Loftlagraðstefna Sameinu þjóðanna COP21**

Um 50 manna sendinefnd frá Íslandi sat ráðstefnu SP í Glasgow nú um mánaðamótin. Það vakti furðu mína hversu margir hefðu verið þarna fyrir Íslands hönd, en samkvæmt mínum heimildum er CO<sub>2</sub> losun Íslendinga alls 0,00014% af losun í heiminum öllum. Miðað við að 50 manns séu á þessari ráðstefnu til að verja eða afsaka okkar 0.00014% losun og ef önnur lönd eru með sambærilegan fjölda fulltrúa miðað við % í losun, ætti þessi fundur að vera ansi fjölmennur. Sennilega ekki óábyrgt að segja eða áætla tölu á milli 400- til 700.000 manns (ef einhver nennir að reikna út frá jöfnu sem sett væri upp svona: 0,00014% = 50 manns þá væri fjöldi Bandaríkjamanna sem menga 20,2% á fundinum XXX margir). Svona margir fljúgandi út



Heimurinn er sagður vera á hraðri leið í niðurfallið í loftslagsmálum.

á fund í svona mikið margmenni í vaxandi Covid-19 bylgju.

Talandi um Covid þá er vaxandi smitfjöldi orðinn áhyggjuefni eina ferðina enn. Fróðlegt væri að fá að vita hvort einhver af þessum 50 Íslendingum hafi náð að krækja í Covid-smit á fjölmanna fundinum í Skotlandi og borið með sér yfir hafið.

**Vissulega geta Íslendingar verið stoltir af árangri**

Fáar þjóðir í heiminum eru að kaupa eins marga vistvæna bíla og Íslendingar. Þann 1. október voru tæplega 15.000 nýir bílar seldir það sem af er ári á Íslandi og af þeim um 2/3 vistvænir (1/5 100% rafmagnsbílar).

Íslendingar eru hvattir áfram í að versla vistvæna bíla af því

að bensí og dísilbílar menga svo mikið. Þrátt fyrir alla þessa mengun frá bílunum okkar er ekki nema 6% af þessari 0,00014% losun CO<sub>2</sub> á Íslandi frá bílunum okkar (sem gerir 0,000084% á alheimslistanum).

Það sem vantar að mínu mati er meiri áhersla á að skila til baka út í andrúmsloftið betri loftgæðum með gróðursetningum samanber verkefnið „Bændur græða landið“, eða að planta trjám í staðinn fyrir það sem bensín- og dísilbílar menga.

**Mörg verkefni í skógrækt fjársvelt og fá litla athygli**

Rafmagnsbílar er ekki raunhæf lausn við að skipta út öllum bílafлотanum. Það eru heldur ekki í boði rafmagnstæki eða annar

vistvænn kostur sem hentar öllum. Það dugur ekki að skammast yfir notkun á dísil- og bensínmotorum án þess að benda á raunhæfar lausnir í staðinn. Umræðan er orðin of öfgafull og neikvæð í landi sem legu sinnar vegna getur ekki enn komist hjá því að vera með stóran hluta vinnuvæla og flutningsmáta sem knúin er af jarðeldsneytismóturum.

Til að mæta þessu væri hæglega hægt að vinna á móti menguninni

með því að planta trjám og græða upp land til að kolefnisjafna notkunina á þessum móturum.

Tel mig vita að bæði frjáls áhugamannasamtök, einstaklingar og opinberar stofnanir sem stunda skógrækt, fái ekki þann stuðning, athygli og fjármögnun sem þeir ættu skilið í baráttunni við loftslagsvandann. Samt eru þessir hópar að vinna gegn loftslagsvanda með sinni gróðursetningu.

**Til sölu**  
**Notaðar rotþrær til sölu**

Umhverfis- og mannvirkjasvið óskar eftir tilboðum í 5 stk notaðar rotþrær. Fjórar þeirra eru 20.000 lítra og ein er 3.400 lítra.

Nánari upplýsingar um rotþrærnar eru gefnar í gegnum netfangið jbg@akureyri.is

Tilboðum skal skilað rafrænt á netfangið umsarekstur@akureyri.is fyrir kl. 13.00, miðvikudaginn 24. nóvember 2021.

**Akureyrarbær**  
Umhverfis- og mannvirkjasvið

Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is akureyri@akureyri.is

**Lely Center Ísland**

**Baggaspjót**

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.lci.is  
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

## KROSSGÁTA Bændablaðsins

163	GRÓANDI	LÖGMÁL	ÁRS-GAMALL	KVIK	FÁLMA	KK NAFN	UPPNÁM	MISBJÓDA	RÓMVERSK TALA
VALD-SVÆÐI									
VONDUR						RÖÐULL			
HÆTTA				STÓRT					VES/LAR
DEYFA				VÍN					
ÁFLOGUM						NÝJA			
						SMÁBITI			
↓	PRUFA	FJÖLDI			ÝKJUR				
		ÖLÆTI			TRÉ				
SAFNA SAMAN			FLAN	DÚKUR			HNUSA	TUNGU-MÁL	
				DÖGG					
BEKENNA			RISPAN				SPIL		
			VELDIS				SVÖRD		
SNÆDDI		SVART-LIST				BRAK			
		NEYTA				GLUMDI			
OF LÍTIÐ			KLAKA		GUFU-HREINSA	AUDUR			HARLA
			ÓNÁÐA			STOPP			
	STÆKKADÍ						MJAKA		
	DANA			LÆRA			ÁN		
MJÓLKUR-AFURÐ				SMÁU				FRÁ	
				TALA				BEITA	
FORMAST					EYJA Í EVRÓPU			SAMTÖK	
					TVEIR EINS				
ÁREYNSLA			RÍKI Í ARABÍU			TEMUR			
MÁTTLAUS					VINNA AÐ				

**Lausn á krossgátu í síðasta blaði**

162	TRÉ	HALLMELA	SMÁ BLUNÐUR	FRÁ	SULL	LASLEIKI	BOX	AFSPURN	FLAN
BASÍKUR	A	L	K	A	L	Í	S	K	U
TÁGARILÁT	K	A	R	F	A	DREPA NÍÐUR SAGGI	L	A	M
SAMTÖK	A	S	Í	KLERKS SPAUG	P	R	E	S	T
STAÐL	S	T	A	G	GEGNA ÁGÆTIS	A	N	S	A
JARNA	S	T	A	G					ÓFTAR
↓	KIPRA	SIGTI FÆDDI	S	Í	A	ALDUR HARKUR	R	E	K
LABBA	S	P	Ó	K	A	AD LOKUM SPIL	S	Í	Þ
MÆLI-EINING	K	Í	L	Ó	MAN GORTAR	K	O	N	A
ÖP	Æ	R	T	E	MUR GÖLTUR	TITILL INNHALD	L	E	K
HÁTTUR	L	A	G	A	AFKVEMI ANDYARP	KROPP SPILLA	N	A	R
	B	KAFMÉÐI SÓT	A	S	M	TANGI SAMKVEMI	N	E	S
LALLA	R	Ö	L	T	A	MJAKA	H	N	I
MJÓLKUR-AFURÐ	O	S	T	U	R	HRAÐAST POT	Ó	T	T
BIRTA	S	K	I	N	HERRA	O	F	A	R
VAKA	A	U	K	A	S	KRYDD	K	A	N

**Bændablaðið**  
kemur næst út 18. nóv.  
Smáauglýsingar 56-30-300

## LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Jóhann Páll Þorkelsson og Guðrún María Björnsdóttir, ábúendur á Snartarstöðum, fluttu þangað árið 2013 og tóku við 1. janúar 2016 af föðursystkinum Guðrúnar.

**Býli:** Snartarstaðir.

**Staðsett í sveit:** Lundarreykjadal í Borgarfirði.

**Ábúendur:** Jóhann Páll Þorkelsson og Guðrún María Björnsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Börnin eru þrjú; Heiðdís Guðrún, Arnfríður Birna og Björn Sigbór. Gæludýrin eru vandræðalega margir hundar, og kettirnir Fransína og Rósa Søffía prinsessa.

**Stærð jarðar?** 508 hektarar.

**Gerð bús?** Blandað bú, kýr, kindur, geitur og kartöflur.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 35-40 kýr og um 40 ungneyti. Tæplega 200 fjár á föðrum, ásamt um 20



geitum, 8 öndum og of mörgum hrossum. Svo erum við líka með kartöflur, setjum niður í um 1,5 ha.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Hefðbundinn vinnudagur, tjá. Þeir eru nú merkilega misjafnir. Byrjum þó oftast á að koma dætrunum í skólabilinn, svo fer Jóhann og mjólkur og ef vel liggur á yngsta afkvæminu fara hann og Guðrún líka í morgunfjós. Svo er það stúss við



fé, kartöflur eða vélar eftir árstíma. Svo eru kvöldmjaltir um sexleytið og reynt að klára vinnudaginn upp úr átta. Það tekst reyndar sjaldan.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Leiðinlegustu bústörfin eru klárlega að reka túnrollur, eða þegar vélar bíla.

Skemmtilegast að sjálfsögðu sauðburður og að taka á móti gráum kálfulum sem eru ekki með pung.



## Snartarstaðir

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Eftir fimm ár verðum við vonandi búin að vinna upp ansi langan verkefnalistann sem bíður okkar, og búin að koma búinu í betra stand. Annars í svipuðu horfi.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Það eru alls staðar tækifæri. Það er bara spurning um að koma góðum hugmyndum í gang. Okkur finnst því miður ansi miklar ranghugmyndir uppi um búskap í dag, og sennilega liggur töluverður markaður fyrir alls konar afurðir niðri, bara af því neytandinn veit ekki hvað liggur í raun að baki vörundi í búðinni.

**Hvað er alltaf til í ísskápnunum?** Hér

er alltaf til smjör, skyr, laukur og hakk.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Sennilega kartöflugratín, það er gott með næstum öllu og eitt af fáu sem enginn kvartar yfir.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Fer eftir því hver er spurður. Jóhanni finnst eftirminnilegast þegar hann kom að Gunnu liggjandi í slægjunni, algjörlega bandvitlausri, því elskuleg rúllusamstæðan var biluð (eina ferðina enn það sumarið) og 20 hektarar flatir. Gunnu finnst eftirminnilegast þegar aukaútsæðið hans Jóhanns kom með flutningabíli; þetta „smáræði“ reyndist vera tveir stórsekkir af kartöflum!

### MATARKRÓKURINN

# Purusteik og samloka með grísakjöti

**Bjarni Gunnar Kristinsson**  
matreiðslumeistari  
bjarnigk@gmail.com



Þegar fer að líða að jólum er gott að byrja að æfa sig í því að gera stökka svínapur. Það er svo gott sem snakk og kjötið í samlokur og í asíska einfalda rétti. Ekki skemmir fyrir að enn er til nóg af íslenskum gulrótum og káli og því tilvalið að gera kál-hrásalat.

#### Purusteik

- › 800 g svínakjöt með fitu
- › Gróft salt
- › 1-5 lárviðarlauf
- › 6-7 dl vatn
- › 2 matskeiðar hveiti
- › 1-2 msk. æblegastrik (eplaedik og brúnuð karamella eins og er notað á sykurbrúnaðar kartöflur)
- › pipar

Athugið að búid er að skera í fituna með ½ sentimetra millibili. Nuddið nægu af grófu salti og setjið lárviðarlauf milli laga, nuddið svínakjötið með rökum höndum sem gerir það að verkum að salt festist við. Einnig til að „elda“ fituna frá upphafi matreiðslutímans, svo að hún geti orðið stökk og góð.

Setjið svínið á grind þannig að fitan snúi niður og bakka með 6-7 dl af vatni undir. Eldið í forhitunum ofni á 180 gráðum í 65-70 mínútur.

Þegar matreiðslutíminn er hálfnaður skal hella vökvanum úr bakkanum, þannig að þið hafið eitthvað að gera sósu úr. En gott er að bíða með sósu-gerðina þar til við enda matreiðslunnar.



Snúid við þannig að fitan snúi upp. Hækkið í 250 gráður í smá tíma og lækkið svo niður í 230 gráður þar til puran er stökk. Blandið smá fitu við í soðið, sigtið og þá er svínasoð klárt fyrir sósugerð. Gott er að vinna saman með töfrasprota.

Sjóðið sósu í 6-7 mínútur, smakkið síðan til með apríkósusultu, salti og pipar. Sigtid sósu gegnum fínt sigti, gott er að nota hitamæli, áður en kjötið er fjarlægð úr ofninum – um 65 °C, föllbleikt og safaríkt (ef kjarnhiti fer yfir það hitastig gæti kjötið orðið þurr). Látið hvíla í að minnsta kosti 15 mínútur áður en það er skorið niður á fat.

Berið fram með soðnum kartöflum, rauðkáli og sósu.

**Gastric:** Ef þið viljið að sósan ykkar verði betri er smá leynibrauð, sem er að blanda saman ögn karamellu og ediki. Það gefur sósunni meiri sætleika, sýrustig og biturð.

#### Nam pla prik – tailensk dýfa, sósa

Þessi taflenska chilisósu-uppskrift er meira dýfa en nokkuð annað. Það þarf lítið að hafa fyrir henni en slær samstundis í gegn. Hún er með gott



jafnvægi milli hita, sætleika, beiskju og salts – og er tilvalin með alls kyns taflenskum réttum. Passar líka til að dýfa köldu kjöti í, ef afgangar eru.

- › 3 hvítlausrif, söxuð
- › 4 kjarnhreinsaður chili, sneiddur
- › 5 msk. af fiskisósu
- › 6 msk. af lime-safa
- › 2 msk. af sykri

Blandið innihaldsefnum saman í skál. Smakkið til og kryddið eftir þörfum.

#### Samloka með grísakjöti og hrásalati

Baguette-samloka sem hefur verið smurð með smjóri, það er gott að nýta afganga frá steik eða fiski gærdagsins.

Og þá er hægt að gera fljótlega og góða máltíð á mettíma.

- › 250 g svínakjöt
- › 1 msk. kapers

- › 1 pottur graslaukur
- › Extra virgin ólífuolía
- › Salt & svartur pipar
- › Hrásalat

Best að nota afganga. Saxið graslaukinn og capersið fínt saman í skál, bætið olíu við, salti og pipar – og setjið ofan á brauðið. Fyrst kjötið, svo kapers, loks olíu og skreytið með góðum skammti af hrásalati yfir réttinn.

#### Uppskrift að rauðkáli og gulrótarsalati ...

... með ótrúlegu eplaediks vinaigrette. Fullkomlið sem meðlæti eða jafnvel með forrétti.

- › 1 lítil rauðkálshaus, rifinn
- › 4 stórar gulrætur, rifnar
- › 4 vorlaukar, þunnt sneiddir

#### Eplaediks salat-vinaigrette

- › 1 matskeið Dijon-sinnep
- › 1 hvítlausrif, saxað
- › 1/3 bolli extra virgin ólífuolía
- › 1/4 bolli eplaedik
- › 2 matskeiðar ferskur sitrónusafi
- › 1 matskeið hunang, eftir þörfum fyrir sætu
- › 1/4 tsk. vanilludropar (valfrjálst)
- › 1/4 tsk. chiliduft, eða eftir smekk



- › salt og pipar, eftir smekk
- › söxuð fersk steinselja, til skrauts

Setjið rífið hvítkál, gulrætur og vorlauk í stóra salatskál. Setjið til hliðar.

Í blöndunarskál, þeytið saman Dijon-sinnepið, hvítlauk, olíu, eplaedik, sitrónusafa, hunang, vanilla, chiliduft, salt og pipar. Þeytið þar til þessu hefur verið vel blandað saman.

Hellið dressingunni yfir rauðkál-blönduna og hrærið saman. Smakkið til krydd og stillið í samræmi við það.

Setjið í kæli í 15 mínútur og skreytið með saxaðri steinselju.

Berið fram.



### HANNYRÐAHORNÍÐ

# Lind barnapeysa

Stærðir: 2-4-6 ára

Efni: 200-250-300 gr Þingborgarlopi í aðallit, eða sambærilegt band frá Uppspuna

30 gr Slettuskjótt lopi í munsturlit, eða sambærilegt band frá Uppspuna

Sokkprjónar nr 4 og 5

Hringprjónar nr 4 og 5, 40 cm langir

Hringprjón nr 5, 60 cm langur

Hnappar eða tölur

Prjónafesta: 14 l og 21 umf í sléttu prjóni = 10 x 10 cm

Prjónað er úr plötulopum tvöföldum. Bolur og ermar eru prjónuð í hring.

**Bolur:** Fitjið upp með munsturlit 89-101-109 l á 40 sm hringprjón nr 4, skipta yfir í aðallit og prjóna stroff, 1 sl 1 br, 6 umferðir fram og til baka. Fitjaðar eru upp 2 aukalykkjur, sem ekki teljast með lykkjufjölda, þær eru prj brugðnar upp að hálsnálí og verða klipptar upp við opnun, tengja saman í hring, skipta yfir á prjón nr 5 og prjóna slétt 1 umferð, prjóna því næst munstur 1. Prjóna slétt uns bolur mælist ca 24-28-32 sm. (Mælið viðkomandi og metið bolsídd.)

**Ermar:** Fitjið upp með munsturlit 28-30-32 l á sokkprjóna nr 4, skipta yfir í aðallit og prjóna stroff, 1 sl 1 br, 6 umferðir, skipt yfir í sokkprjóna nr 5, prjóna slétt 1 umferð og síðan munstur 1, prjóna 2 umferðir, aukið út um 2 l, (1 l eftir fyrstu lykkju og 1 l fyrir síðustu l í umf). Endurtakið aukningu 4-5-6 sinnum upp ermi, í sjöttu hverri umferð, þá eiga að vera 38-42-46 l á prjónunum. Gott er að nota prjónamerki til að merkja þar sem aukið er út. Prjónið uns ermi mælist 24-28-32 sm. Mælið handlegg og finnið út rétta ermalengd.

**Axlastykki:** Sameinið nú bol og ermar á 60 sm hringprjóninn. Byrjið á að setja 3 síðustu l og 3 fyrstu l umferðar af ermum á prjónanælu, svo að ermar séu tilbúnar í sameiningu. Prj 19-22-24 l af bol að framan, hægra framstykki, setjið næstu 6 l af bol á prjónanælu, prjónið fyrri ermina við 32-36-42 l, prjónið næstu 39-45-49 l af bol, bakstykki, og setjið næstu 6 l á prjónanælu, prjónið seinni ermina við og að síðustu 19-22-24 l af bol, vinstra framstykki. Þá eru 141-161-181 l á prjóninum. Prjónið munstur 2. Notið styttri hringprjóna eftir því sem lykkjum fækkar og að lokum sokkprjóna. Þegar munstri lýkur eru 59-67-69 l eftir á prjóninum, takið úr 4 l í síðustu umferð fyrir hálslíningu í stærð 4 og 6, dreifist jafnt yfir umferð og eru þá 59-63-65 l á prjóninum. Prjóna stroff 1 sl 1 br 4 umferðir, skipta yfir í munsturlit og prjóna 3 umferðir, slétt frá réttu og brugðið frá röngu. Fellið laust af. Gangið vel frá öllum endum og lykkjóð saman undir höndum.

**Listi:** Saumið í vél með beinu þéttu spori og samlitum tvinnu í brugðningu að framan sitt hvoru megin, sem næst sléttu prjóninu. Gott er að sauma tvisvar hvoru megin. Klippið upp á milli saumanna. Snúðið réttunni



á peysunni að ykkur og notið heklunál til að taka upp lykkjur í hneppulista þvert á prjónið og hafið 1 lykkju í prjóninu fyrir innan, ekki eru teknar upp lykkjur í sléttu prjóninu efst á kraga. Krækið í bandið með heklunálinni í gegnum lykkjurnar, en sleppið alltaf fjórðu hverri umferð, það er ágætis þumalputtaregla,



þá er listinn mátulega langur. Lykkjurnar sem safnast á heklunálina eru svo færðar yfir á hringprjón nr 4. Prjónið stroff 1 sl og 1 br, í þriðju umferð eru gerð hnappagöt, smekkatríði hvað þau eru höfð mörg 5-6, gott er að merkja með prjónamerki hvar þau eiga að vera áður en þau eru gerð og þau eru gerð með



### Uppskriftir sem mæla með íslensku prjónabandi og lopa.

Okkar frábæri Þingborgarlopi er sérunninn og alíslenskur, í saudalítum og í honum er sérvalin lambsull og hann kembdur á Íslandi af Ístex fyrir Ullarverslunina Þingborg.

Litaði lopinn okkar og bandið er allt handlitað, umhyggja í hverjum þræði. Lopinn fæst í Þingborg. Eining er litaður lopi og band á heimasíðunni okkar www.thingborg.is



Þingborg  
www.thingborg.is  
facebook/thingborgull

- - - - - 30  
- - - - - 29  
- x x - - x x x - - x x x - - x x x - - 28  
- - - - - 27  
- - - - - 26  
- - - - - 25  
- x x - - x x x - - x x x - - x x x - - 24  
- - - - - 23  
- - - - - 22  
- - - - - 21  
- - - - - 20  
- x x x - - x x x - - x x x - - x x x - - 19  
- - - - - 18  
- - - - - 17  
- - - - - 16  
- - - - - 15  
- - - - - 14  
- - - - - 13  
- - - - - 12  
- - - - - 11  
- - - - - 10  
- - - - - 9  
- - - - - 8  
- - - - - 7  
- - - - - 6  
- - - - - 5  
- - - - - 4  
- - - - - 3  
- - - - - 2  
- - - - - 1

Endurtaka

Munstur 1

Sleppa í stærð 2 ára  
Sleppa í stærð 4 ára

- Aðallitur
- Munsturlitur
- Munsturlitur brugðin lykkja
- x x 2 lykkjur prjónaðar slétt saman
- x x x 3 lykkjur prjónaðar saman þannig, taka 2 lykkjur óprjónaðar eins og eigi að prjóna þær saman, prjóna 1 lykkju og steypa óprjónuðu lykkjunum yfir
- Engin lykkja

Því að prjóna 2 lykkjur saman og slá upp á prjóninn, prjóna 2-3 umferðir til viðbótar og fella síðan af. Seinni listinn gerður á sama hátt en án hnappagata. Til að fela sárið innan á eftir saumaskapinn, er gott að hekla eina umferð af fastaheklri yfir það og sauma það svo niður með einföldu spori.

ullarsápu eða sjampói. Skolið vel og vindið svo í hálfu mínútu í þvottavél eða kreiðið vatnið úr í höndum. Ef undið er í þvottavél er mikilvægt að vélin fari strax að vinda, (þær eru misjafnar að þessu leyti) en sé ekki að veltast með flíkina fyrst, þá getur flíkin þófnáð. Leggjið peysuna á handklæði til þeris.

**Þvottur:** Þvoði flíkina í volgu vatni með góðri

		5		3			7	
	9				1		2	
		3		8			9	6
7	8	6					1	2
				2				7
2						5		
	1							
			5		8			
		4		6	7			8

6		3	2					
					3		1	4
1					7			
			2				6	9
				3				
							8	7
2					5	1		
	4	7					5	6
	3		9					7

		4	9					6
	9					4		
8					1		7	
9				7		2		
			4	3	8			
		7		6				4
	2		5					9
		3						5
5					3	1		

5								6
					4		8	5
				2	3			
		6	5			9	7	
	9	1			2	4		
				1	5			
7	2		3					
	4							7

## Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

### FÓLKÍÐ SEM ERFIR LANDÍÐ

# Tortilla með öllu

Óskar er 9 ára ljúfur og skemmtilegur íþróttastrákur sem elskar að hafa nóg fyrir stafni og vesenast í öllu mögulegu.



Nafn: Óskar Örn Sveinsson.

Aldur: 9 ára.

Stjörnumerki: Sporðdreki.

Búseta: Bý í Mosfellsbæ.

Skóli: Krikaskóli.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Hundur.

Uppáhaldsmatur: Tortilla með öllu.

Uppáhaldshljómsveit: Queen.

Uppáhaldskvikmynd: James Bond.

Fyrsta minning þín? Þegar ég var að leika með Hilmi vini mínum á Sæborg.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfði á fiðlu en er núna að læra á gítar. Svo æfi ég handbolta og fótbolta.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Lögga.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Stökkva á brettapalli með engan hjálm.

Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Margt. Horfði á bróður minn keppa á N1 á Akureyri og fór til Vestmannaeyja með fjölskyldunni.

Næst » Óskar skorar á Hafþór Einarsson, vin sinn í Krikaskóla, að svara næst.

## LESENDARÝNI

Smáframleiðendur matvæla halda áfram að sækja í sig veðrið:

**Samtök smáframleiðenda matvæla tveggja ára**

– Áhugi og eftirspurn eftir vörum smáframleiðenda eykst stöðugt

Þann 5. nóvember verða **Samtök smáframleiðenda matvæla (SSFM) tveggja ára**. Þetta annað starfsár hefur verið viðburðaríkt eins og hið fyrsta og margt áunnist.

Félagsmönnum með fulla aðild hélt áfram að fjölga og eru nú komnir yfir 150. Ríflega þriðjungur er á höfuðborgarsvæðinu, 40% á lögbýlum og fjórðungur í bæjarfélögum hringinn í kringum landið. Framleiðsluvörur félagsmanna eru afar fjölbreyttar, úr ólíkum hráefnum í ólíkum myndum.

Á aðalfundi samtakanna í febrúar var stjórn endurkjörin og hélt Þórhildur M. Jónsdóttir áfram sem formaður. Aukaáðilar eru á sjötta tug og öflugir einstaklingar halda áfram að bættast í ráðgjafaráð sem gefa ómetanleg ráð og stuðning. Í gegnum samtökin eru félagsmenn með sjálfkrafa aðild að Samtökum iðnaðarins og hafa fjölmargir félagsmenn nýtt sér þeirra þjónustu í ár, en þau hafa einnig staðið dyggilega við bakið á samtökunum sjálfum.

**Stefnumótandi markmið**

Samtökin settu sér fjögur stefnumótandi markmið strax í upphafi, sem eru að tryggja rekstrargrundvöll, hámarka ávinning félagsmanna af aðild, hámarka skilvirki í rekstri og tryggja nauðsynlega þekkingu innan þeirra.

**Hámarka ávinning af aðild**

Lykilverkefni samtakanna sem eiga að styðja við markmiðið um að hámarka ávinning af aðild eru að stunda öflugna hagsmunagæslu, þróa og benda á söluleiðir, semja um betri kjör, auka þekkingu og þróa verkfæri, veita ráðgjöf og stuðning, miðla gagnlegum upplýsingum, vera gátt inn til smáframleiðenda matvæla, kynningarmál og almannatengsl.

**Reglverk og landbúnaðarstefna**

Eitt stærsta hagsmunamálið sem samtökin hafa beitt sér fyrir er að bænder geti fengið starfsleyfi til að slátra heima á bæ. Sú reglugerð var gefin út í vor og hafa nú þrjú bæir fengið slíkt leyfi, sem er mikið fagnaðarefni.

Einföldun var gerð á reglverki um fiskeldi sem hefur áhrif á félagsmenn sem rækta fiska á sínu landi og beittum við okkur einnig fyrir því að breytingar verði gerðar á reglugerð fyrir skelfiskrækt og þörungurækt. Eins að eftirlitskerfi hins opinbera með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum verði endurskoðað, en nýverið kom út greining sem staðfesti að þörf væri á því og hefur ráðuneytið gefið út að fyrirhugað sé að vinna tillögur að breytingum á núverandi eftirlitskerfi.

Við teljum okkur hafa fengið fullnægjandi tækifæri til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri við verkefnastjórn um landbúnaðarstefnu, enda komu þau skýrt fram í umræðuskjalinu sem við skrifuðum umsögn um og stefnumni sjálfri.



Oddný Anna Björnsdóttir.

Við skrifuðum einnig umsögnir með Hampfélaginu um frumvarp og þingsályktunartillögu um iðnaðarhamp og aðgengi að vörum sem innihalda CBD og mættum á fund velferðarnefndar Alþingis. Lagabreytingin var samþykkt, sem var mikið framfaraskref og nú sést til lands varðandi stöðu CBD vara.

Samtökin mótmæltu harðlega, í umsögn og á fundi með ráðherra, breytingu sem stóð til að gera á reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, en mikill samhljómur var á milli umsagna SSFM, NS, SI, BÍ og fleiri.

Umsókn okkar í Matvælasjóð um gerð greiningar með tillögum að einföldun regluverks á sviði matvæla var hafnað, en tekið verður samtal um slíkt verkefni við nýjan landbúnaðaráðherra.

**Auka þekkingu og þróa verkfæri**

Samstarfsverkefni Vörusmiðjunnar BioPol, SSFM og Matarauðs Íslands um gerð skapalóns (e: template) fyrir gæðahandbók er nú tilbúið og aðgengilegt félagsmönnum.

Nokkur rafræn örnámskeið, meðal annars um hvernig hægt sé að rata í styrkjafrumskóginn, tryggjagámál, vörumerkjapróun, þjónustu og verkefni Íslandsstofu, lífræna framleiðslu og hvað við getum lært af hinum sænska Eldrimner, voru haldin á árinu á vegum SSFM.

Þar sem þörf er á sérhæfðu námsefni fyrir smáframleiðendur matvæla hefur framkvæmdastjóri samtakanna verið með námsskeiðið Matarfrumkvöðullinn í Landbúnaðarháskólanum og Hallormsstaðaskóla sem samanstendur af sex fyrirlesturum og verkefnavinnu.

Umsókn í Matvælasjóð um gerð vefbókar um merkingar matvæla (næringargildi, innihaldslýsinga, aukefni og geymsluþol), ásamt hugbúnaðarlausn sem vinnur með ÍSGEM gagnagrunninum við útreikning næringargildis út frá uppskrift var samþykkt, en í því verkefni eru SSFM samstarfsaðilar Matsís.

Jafnframt var umsókn SSFM í Matvælasjóð um styrk í verkefni Matsjain, þar sem landshlutasamtökin um land allt eru samstarfsaðilar og RATA sér um verkefnisstjórn, samþykkt Matsjain er 14 vikna námskeið ætlað smá-



Félagsmönnum með fulla aðild að Samtökum smáframleiðenda matvæla heldur áfram að fjölga og eru nú komnir yfir 150. Ríflega þriðjungur er á höfuðborgarsvæðinu, 40% á lögbýlum og fjórðungur í bæjarfélögum hringinn í kringum landið.



Eitt stærsta hagsmunamálið sem samtökin hafa beitt sér fyrir er að bænder geti fengið starfsleyfi til að slátra heima á bæ. Sú reglugerð var gefin út í vor og hafa nú þrjú bæir fengið slíkt leyfi sem er mikið fagnaðarefni.

framleiðendum matvæla sem vilja efla leiðtogaferni sína, öðlast aukna getu til að þróa vörur og þjónustu og efla tengslanetið sitt í greininni sem lýkur með veglegri uppskeruhátíð.

**Viðskiptasamningar um bætt kjör**

Félagsmenn eru nú með sérstök afsláttarkjör hjá á þriðja tug aðila og verður haldið áfram að vinna að því að fjölga þeim. Stærsti viðskiptasamningurinn sem samtökin gerðu á árinu var við Eimskip/Flytjanda en hann gjörbreytti kjörnum til hins betra og gaf félagsmönnum um land allt tækifæri til að nýta morgundreifinguna þeirra.

**Fjölbreyttar söluleiðir**

Að hafa aðgang að fjölbreyttum söluleiðum skiptir félagsmenn máli og því hélt samstarfið við Krónuna um Matarbúr, þar sem vörum félagsmanna er stillt upp á afmörkuðu svæði í stærstu verslunum Krónunnar og í þremur landsbyggðarverslunum í sumar, áfram á þessu starfsári og tóku hátt í hundrad félagsmenn þátt í því.

Samkaup (Nettó og Kjörbúðirnar) settu á tímabili upp sérstök svæði fyrir vörur smáframleiðenda í völdum verslunum undir heitinu Heimabyggð og tóku inn í sitt vörurval fjölda vara félagsmanna. Það gerði Hagkaup einnig og héldu Hagar nýsköpunarviðburð sem félagsmenn tóku þátt í og fengu nokkrir styrk úr nýsköpunarsjóði þeirra. Heimkaup hefur sömuleiðis sýnt áhuga á að taka inn vörur smáframleiðenda og gera þeim hátt undir höfði á sínum vef og forsvarsmenn „kláru“ verslananna Nær sem stendur til að stofna á næsta ári, hafa

aðallega frá smáframleiðendum og framleiðendum Eldstæðisins og Vörusmiðjunnar eru að leggja lokahönd á sínar.

**Ráðgjöf, stuðningur, miðlun upplýsinga og kynningarmál**

Samtökin halda áfram að veita sínum félagsmönnum ráðgjöf og stuðning, miðla gagnlegum upplýsingum til þeirra, kynna þá og vekja athygli á málefnum sem þá varða í fjölmiðlum. Almenn kynning á samtökunum er reglulega uppfærð, en hana má finna á vef samtakanna, [ssfm.is/skyrslur](http://ssfm.is/skyrslur).

Eftir því sem dregið hefur úr áhrifum Covid hafa fleiri viðburðir fyrir smáframleiðendur verið haldnar og settir á dagskrá. Samtökin voru samstarfsaðilar á styrkumsókn Austurbrúar vegna Matarmóts á Egilsstöðum sem var haldið með miklum glæsibrag þann 1. október sl. og voru þau þar með borð. Þau tóku einnig þátt í vinnustofum verkefnisins Nordic Food in Tourism og sátu vel heppnaða ráðstefnu á Egilsstöðum í lok september þar sem niðurstöðurnar voru kynntar ásamt fjölda fróðlegra erinda. Matarhátíð Vesturlands er á dagskrá nú í nóvember og Jólmatarmarkaður Íslands í Hörpu í desember, svo dæmi séu tekin. Mikill spenninngur er fyrir Landbúnaðarsýningunni sem var frestað til næsta árs, en vel á þriðja tug félagsmanna sótti um að kynna sínar vörur á sameiginlegum bás samtakanna.

**Bera höfuðið hátt**

Eins og sjá má er engin lognmolla í kringum smáframleiðendur matvæla sem bera höfuðið hátt þessi misserin. Að minnsta kosti vikulega má finna jákvæðar umfjallanir um félagsmenn í fjölmiðlum, slíkur er áhuginn. Mikil gróska er jafnframt í vörusmiðjum og tilraunaeldhúsum um land allt þar sem nýir framleiðendur bætast stöðugt við.

Það er því ekki ofsögum sagt að við lítum björtum augum til framtíðar og munum halda áfram að vinna að hagsmunamálum smáframleiðenda matvæla á öllum sviðum, vera málsvari þeirra og stuðla að framförum í málefnum sem þá varða – sem er einmitt megintilgangur samtakanna.

Oddný Anna Björnsdóttir  
framkvæmdastjóri  
ssfm.is

**EYJALIND** Varahlutir í lyftara

- Toyota
- Hyster
- Yale
- Jungheinrich
- Ofi.

Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**



**HECHT Rafmagnsfjórhljól**  
Götuskráð. Verð 650.000 kr.



**HECHT Rafskutla**  
Verð 420.000 kr.



**HECHT Jarðvegsþjoppur**  
Frá 63 kg til 117 kg.



**HECHT JEEP WRANGLER RUBICON**  
Rafmagnsbíll fyrir börn 3-8 ára.  
Verð 51.000 kr.



**HECHT Rafhlaupahjól**  
Ljós að framan og aftan, bremsu-  
ljós, USB tengi og fl. Verð 51.000 kr.



**HECHT 9666 Snjóblásari á beltum**  
Verð 319.000 kr.



**HECHT 9040 Snjóblásari, þráðlaus**  
Verð með battery og  
hleðslutæki 158.000 kr.

**RAG**  
import - export  
Helluhraun 4, Hafnarfirði  
sími 562 2727 & 892 7502

# Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.

**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m – 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Viðhaldspakki fyrir Petrol Post staurahamra. Nauðsynlegt til að halda hömrnum við og tryggja endingu þeirra. Verð kr. 10.450 +vsk. Búvis – s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Dísel hitarar 12 eða 24 volt. 5 eða 8 kilóvött. Samsettur með eldsneytisgeymi og ósamsettur. Tveggja ára ábyrgð, góð reynsla. Verð frá 48.900 kr. Orkubaendur.com, Tranavogi 3, 104 Reykjavík, s. 662-1444.



Bryningartæki. Úrval af bryningartækjum frá kr. 6.980 m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjóla-skóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Eigum sterkar trjágreipar frá Metal Fach. Verð kr. 188.184 +vsk. Búvis, s. 465-1332, buvis@buvis.is



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulægur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Háprýstipvottadætur fyrir allan iðnað. Óflugar og vandaðar dætur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulægur útbúnaður. Frá kr. 1.345.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is

## VETRARTÆKI

- Mikið úrval á lager -



Fjölplógar f/ smærri vélar  
Breidd 1,5m, m/ 3p tengi  
Verð: 586.000 kr.\*  
Breidd 2m, m/ 3p tengi  
Verð: 690.000 kr.\*



Fjölplógar PUV3300  
Með stjórnúnaði. Án festiplötu  
Breidd 3,3m, án festiplötu  
Verð: 875.000 kr.\*



Fjölplógar PUV „M“ Diagonal  
Með stjórnúnaði. Án festiplötu  
2,6m Verð: 983.000 kr.\*  
3,3m Verð: 1.130.000 kr.\*



Fjölplógar PUV - Heavy Duty  
Með stjórnúnaði. Án festiplötu  
3,6m Verð: 1.390.000 kr.\*  
4,0m Verð: 1.490.000 kr.\*

Festiplötur:  
Verð frá 55.000 kr.\*  
Stétt plata 3-punkta  
EURU/SMS EURO stór  
JCB 3CX hrað CASE 580SR

Slitblöð  
Eigum á lager slitblöð og  
bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari  
HZS-10, 1 m3, glussadrifin,  
með klumpabrytót og tjakk  
Verð: 1.590.000 kr.\*



Salt- og sanddreifari  
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V  
Verð: 1.450.000 kr.\*

\*Verð án virðisaukaskatts



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ  
Austurvegi 69, 800 Selfossi  
Sími: 480 0000, www.aftvelar.is

**Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar**

**S: 527 2600**

**Vélavit**  
Sala - Þjónusta  
www.velavit.is





Til sölu Hyundai Tuscon, mjög vel með farinn bíll með dráttarbeisli. Hefur alltaf verið þjónustaður á viðurkenndu verkstæði. Nýbúið að skipta um tímareim, víftureim og vatnsdælu. Ekinn: 207.000 km. Tvöfaldur dekkjagangur, vetrar- og sumardekk. Upplýsingar s. 855-1032.



Til sölu stór flekahurð með glussaopnun. Er í 4 einingum, brautir og dælustöð fylgja. 4,1 m á breidd og 4,6 m á hæð. Verð kr. 200.000. Upplýsingar í s. 617-6461.



Kemppi 3500 FU20 Mig / pinnasuðuvél. Til sölu eða skipti á minni vél. Uppl. í s. 894-2413.



Óskast til kaups: Toyota Hiace, Hilux, Corolla, RAV4, Avensis. Mega vera í ýmsu ástandi. Vinsamlega senda á dagbjartur80@gmail.com eða í s. 896-5001.



Rúllugreip með glussatjakk. Spjót inni í keflum. Lyftigeta 1.000 kr. Ásoðnar Euro festingar og slöngur fylgja. Vönduð smíð frá Póllandi. Verð 179.000 kr. +vsk. Til á lager. Takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak - www.hak.is



Til sölu Willerby stöðuhjólhýsi til flutnings. Innflutt nýtt í fyrra. Þrjú svefnherbergi. Verð 6,5 mill. kr. Uppl. í s. 897-3533.



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 mtr. í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30. www.brimco.is




IKEA kojur með 2 góðum dýnum, önnur frá Svefni og heilsu. Verð kr. 35.000 Eru í Kópavogi. S. 869-9265.



Ljósakrossarnir eru 50x30 cm, 12, 16 og 24 volt með LED perum. Batterí fylgja með. Ljósinn endast í allt að tvo mánuði. Þau henta mjög vel í duftkersgarða. Verð- 12v kr. 6.000, 16v kr. 7.000 og 24v kr.8.000. Pantanir utan af landi eru sendar með pósti og greiðir viðtakandi inn á reikning eftir að varan hefur borist. Geri einnig við gamla plastkrossa, set LED perur í þá svo þeir verða sem nýir. Verð kr. 3.500. Uppl. á netfangi jonsteinthorsson@visir.is eða í s. 822-7124.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Eigum fyrirbyggjandi taðklær bæði frá Zagroda og Metal Fach. Góð reynsla og góð verð. Búvís, s. 465 1332, buvis@buvis.is



Kubota EK 1-261 smátraktorar til afgreiðslu strax á frábæru verði. 26 ha díselmótor, girkassi 9F+3R, lyftigeta á beisli 750 kg. Landbúnaðar- eða grasdekk. Ámoksturstæki fyrirbyggjandi. Þór hf. S. 568-1500, kubota@thor.is og www.thor.is



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 gr. að þyngd. Verð 9.900 kr. m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Úrval tækja fyrir skógarbóndann s.s. kurlarar, plógar, hnífataetarar, viðarkljúfar, gripklær, einnig klippur og sagir á liðléttinginn. www.hardskafi.is - s. 555-6520.



Bilxtra BD7527YU kerra. Grindin er öll soðin, hægt að opna hierana, sturtumöguleiki. Heildarþyngd 750 kg, 262x132x35cm. Verð kr. 310.000 með vsk. Upplýsingar í s. 837-7750. www.bilxtra.is



Skarðsstrandarrolla og Einræður Steinólfs í Ytri-Fragradal. Skemmtiefni, menningarefni. Sölusími 861-8993/ finnbn@simnet.is - Finnborji Hermannsson.



Case 580F traktorsgrafa til sölu, fjarskafin, uppgerður mótor, auka skipting og annað grams. Á sama stað óskast skemma. Uppl. í s. 849-5130, Kjartan.



Til sölu Claas Rolant 375 rúllusamstæða árg. 2019, notuð 1.720 rúllur. Verð kr. 9,5 mill. +vsk. Uppl. í s. 864-2484.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1", 2", 3", 4". Afgjafar: Rafmagn, bensín / dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Bilxtra BD7530UT tveggja öxla kerra með sturtumöguleika. Heildarþyngd 750 kg, Inn.mál: 304x150x35cm, verð kr. 415.000. info@bilxtra.is - s. 837-7750.



56 lítra saltdreifari á kr. 48.980 m.vsk. Við skulum ekki renna á rassinn með þetta. Skoðuðu úrvalið á www.hardskafi.is - s. 555-6520.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Timburhús. Til sölu 7,5 fm hobbyhús sem er staðsett í Reykjavík. Klætt með panil að utan og krossvið að innan. Einangrað með 100 mm steinuull. Með raflögnum, rafmagnsöfni og ljósi í lofti. Hvílir á bitum. Ásett verð kr. 1.700.000. Upplýsingar í s. 896-8495.

**Rafhitarar**  
í skip, hús og sumarhús

**Ryðfrír**  
**neysluvatnshitara**  
**með 12 ára ábyrgð**

Hitöld (element), hitastíllar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.

**Rafhitun**

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði  
Sími: 565 3265  
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

**HITA**  
**KÚTAR**

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Smáauglýsinga-síminn er:

**563 0300**

Eldri blöð má finna hér á PDF:



**Bændablaðið**

# SMÍÐUM OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði • Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

# KJARNAGLUGGAR

## GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR



Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011  
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is



Ruslapressa, gæti hentað til að pressa rúlluplast og fleira. Verð kr. 150.000. Er rétt við Selfoss. Uppl. í s. 893-1050.



Rútuþúsíll, Benz 1224 fornþúsíll skoðaður '22. Sæti og borð fyrir 10 manns. Gæti hentað sem gestahús eða vinnuskúr. Skoða ýmis skipti. Verð kr. 1.290.000. S. 893-1050.



Mercedes Benz 519 CDI 4x4, skráður 27.08.2021. Ekinn 1.000 km. Einnig með hliðarsturtum. Sjálfskiptur. Meiller pallur. Dráttarbeisli 3,5 tonn. Hlaðinn aukahlutum. Uppl. í s. 820-1071 - kaldasel@islandia.is



Taðkvíslar. Eigum 1,4 m með Euro festingum. Sterk framleiðsla frá Póllandi. Þétt á milli beinna tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Ítölsk WB680P jafnvægisstillingarvél með loftlæsingu til sölu. Lítið notuð. Uppl. í s. 820-1071 - kaldasel@islandia.is



Victory XL 140 Rafskutla frá Eirberg til sölu. Rafskutlan hefur aldrei verið notuð og kostar ný hjá Eirberg kr. 779.750. Óska eftir raunhæfu tilboði. Upplýsingar í s. 893-1706, Sigríður.



Matador Continental brand vetradekk til sölu 255/55R18, 255/50R19, 225/70R16, 235/65R16C 205/65R16C o.fl. kaldasel@islandia.is - s. 820-1071.



Ítalskar notaðar Sicam umfelgunarvélar til sölu. kaldasel@islandia.is - s. 820-1071.



Staurahamrarnir frá Petrol Post eru áströlsk hönnun sem keyrðir eru áfram af Honda mótör. Afkastamikil tæki, auðveld í meðförum og sterk. Verð kr. 351.000 án vsk. Búvís - s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Ódreppandi Honda CR-V til sölu, árg. 2002. Tveggja lítra með tímakedju. Dráttarbeisli. Mjög góð sjálfskipting. Nýskoðaður án athugasemda. Sami eigandi sl. 15 ár. Var í langkeyrslu. Góð nagladekk. Ekin 290.000 km. Allt virkar og þarfnast engra viðgerða. Hvorki ryð í boddý né undirvagni. Verð kr. 360.000. S. 615-1815.



Tólf rúmmetra taðdreifari til sölu. Danskur af gerðinni DKR-20, árg. 2010. Dekk 710/45x26,5. Tvö hraðastíllanleg færribönd í botninum. Tvær dreifiskífur að aftan, líka hraðastíllanlegar. Dreifarinn er vökvadrifinn með eigin vökvadælu og vökvatank. Tengdur með K80 kúlutengi við dráttarvélina (fyrir 80 mm kúlu). Afturhásingu stýrð og stýring tengd með 50 mm kúlutengi. Dreifarinn hefur verið lítið notaður undanfarnar ár. Verð kr. 2.600.000 +vsk. Uppl. í s. 822-8612. Get sent margar myndir ef óskað er. Dreifarinn er staðsettur á Kjalarnesi.



Til sölu hitablásari. Upplýsingar í s. 892-2221.



Salt og sandreifari. 300 l. Verð kr. 175.000 +vsk. vallasbraut.is. S. 454-0050.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Skóflur og breytirammur á lager 1,3 - 2,4 m. Verð frá kr. 110.000 +vsk. vallasbraut.is - s. 454-0050.



Nú er eigendum skylt að skrá í ökutækjaskrá þær vinnuvélar sem ætlaðar eru til aksturs í almennri umferð. Nánari upplýsingar á vinnueftirlitid.is.



Gámarampar á lager. Fyrir vöruflutninga og frystigáma. Burðargeta: 8.000 kg og 10.000 kg. Heitgálganvæðing. Stærð: 125 x 210 x 16 cm. Stærð: 176 x 210 x 20 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Op fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - S. 892-4163.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" - 3" - 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir afgangar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

## RÉTTUR



- Bílaréttingar
- Sprautun
- Tjónaviðgerðir

Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

- VÖKVASLÖNGUR OG TENGI
- SÉRSMÍÐI
- IÐNAÐARSLÖNGUR Í ÖLLUM STÆRÐUM

SKOÐAÐU VÖRULISTANN OKKAR Á [HYDROSCAND.IS](http://HYDROSCAND.IS)

**HYDROSCAND**  
SLÖNGUR OG TENGIÞUNADUR  
VAGNHÖFÐI 27 | SÍMI 516 3300

## Lely Center Ísland

### Landbúnaðarleikföng



Reykjavík Krókháls 5f - Sími 414 0000 - www.LCI.is  
Akureyri Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

## RÚSSINN ER MÆTTUR Á KLAKANN

Toyota Selfossi - Bílanaust Egilsstöðum



Dráttarvélskráð T3b  
Mótör: 800/c/c  
Bein innspýting  
Sjálfstæð fjöðrun  
Diskabremsur  
Hiti í handföngum.  
Spil að framan  
Dráttarkrókur að aftan  
Dráttargeta 960kg  
Hátt og lágt drif  
Læsanlegt að aftan og framan.  
Verð: 1.820.000+vsk



Mikið úrval fylgihluta í boði.



Hliðarplötur

Snjótennur

Töskur og tankar



vallasbraut.is S-4540050 vallasbraut@vallasbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði



HÁ Verslun ehf. er nýr dreifingaraðili fyrir Husqvarna á Íslandi. Há Verslun ehf. Víkurhvarfi 4, 203 Kópavogi. S. 588-0028 & 897-3650 Netfang: haverslun@haverslun.is - við erum líka á Facebook!



Í júní opnaði nýtt hótél á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði, Hótel Hraun. Á hótelinu er 71 herbergi og glæsilegur bar. Hægt er að bóka herbergi á sérstöku tilboðsverði á [www.hotelhraun.is](http://www.hotelhraun.is) og í s. 537-6500.



Sjálfmokandi salt og sanddreifarar. Verð frá kr. 470.000 +vsk. vallahbraut.is - s. 454-0050.



Land Cruiser, dísel GX150, árgerð 2/2019. Ekinn 99.000 km. Verð kr. 9,1 millj. Uppl. í s. 894-8620.



Toyota Hilux, árg. 12/2015. Ekinn 84.000 km. Dísel, beinskriptur með húsi. Verð kr. 4,9 millj. Uppl. í s. 894-8620.

**Til sölu**

Til sölu fjögurra hesta kerra í góðu ásigkomulagi. Einnig jeppakerra árg. 46. Safngripur í fullri brúkun. Einnig sturtuvagn á tveimur hásingum. Hægt að senda myndir ef óskað er. Uppl. í s. 899-4600.

Tveir nýir sófar, þrjúgjá sæta. Snar svartur Natuzzi. Nýir og vel með farnir. Tilboð. Uppl. í s. 534-8555, Elín.

Tvær Massey Ferguson antik iðnaðarvélar, árg. 62. Önnur með vendskiptingu og gangfær, hin beinskript og þarfnast viðgerðar. Upplýsingar í s. 792-3055 eftir kl. 8 á kvöldin.

Toyo vetrardekk, negld. 205-65-15 ásamt 5 sportfelgum af Volvo, óslitin, verð kr. 95.000. Sumardekk 205-60-16 Michelin ásamt sportfelgum af Volvo, nánast óslitin verð kr. 65.000. Ramia hefilbekkur, 50x150 cm. Ónotaður, verð kr. 95.000. Uppl. í s. 557-4445.

Til sölu áltankur, um 15.000 lítra. Ál-undirvagn, gott kerruefni. Verð kr. 490.000 +vsk. Uppl. í s. 893-1050.

Rafmagnspottur. Softub-140 frá Jóni Bergssyni hf. Tveggja manna, mjög eyðslugrannur. Verðhugmynd kr. 400.000. S. 845-7396.

Fjór hjól: Linhai 300, 4x4, sjálfskipt. Götuskráð. Árgerð 2009, ekið 1.980 km. Verð kr. 600.000. S. 845-7396.

**LÍF & STARF**



Kristín Soffía Jónsdóttir, Ari Edwald og Freyr Friðfinnsson.

# Mjólkursamsalan og Ísey: Útflutningur til liðs við Til sjávar og sveita

Mjólkursamsalan og Ísey útflutningur koma inn sem bakhjarlar viðskiptahraðalsins Til sjávar og sveita sem fer af stað þann 15. nóvember og bætast þar við Samkaup sem styðja við verkefnið annað árið í röð. Icelandic Startups hafa keyrt hraðalinn síðustu tvö ár í góðu samstarfi við Sjávarklasann, Landbúnaðarklasann og Matís og hafa á þeim tíma 19 sprotafyrirtæki farið í gegn.

Kristín Soffía, framkvæmdastjóri Icelandic Startups, segir um samstarfið: „Við erum gríðarlega spennt yfir því að fá Ísey og MS inn í verkefnið. Þau koma ekki bara inn með fjármagn heldur koma þau inn með öflugt fólk og mikla reynslu. Þeirra þátttaka mun styrkja verkefnið enn frekar.“

Í ár verður lögd áhersla á fyrirtæki sem eru tilbúin með vöru eða langt komin í vörupróun og hyggjast sækja á markað eða auka markaðssókn innanlands sem utan. Hraðalinn verður keyrður í fjórar vikur og hefst hann 15. nóvember og lýkur með uppskerudegi 10. desember.

„Það er löngu tímabært að keyra svona markaðshraðal hér á

landi því markaðssetning virðist vera veikleiki í uppbyggingu á íslenskum sprotafyrirtækjum. Það verður ómetanlegt að fá að draga að borðinu helstu sérfræðinga landsins til að gefa af sér og leiðbeina þessum fyrirtækjum.“ segir Freyr Friðfinnsson, verkefnastjóri Til sjávar og sveita.

Fjögurra vikna markaðshraðall er viðurkennd aðferð til að hraða fyrirtækjum í gegnum það flókna ferli að sækja á markað og er hraðalinn byggður upp í samstarfi við GAN – Global Accelerator Network.

„MS og Ísey er mikið kappsmál að styðja við frumkvöðlastarfsemi og sprotafyrirtæki og það hefur verið markmið MS með aðild að Landbúnaðarklasanum á undanförunum árum. Það eru mikil tækifæri til að skapa meiri verðmæti í matvælaíðnaði og víðar úr innlendum hráefnum og nýjum lausnum varðandi tækni og umhverfismál. Viðskiptahraðalinn „Til sjávar og sveita“ hefur sýnt að hann er gagnlegur til að laða fram hugmyndir og hjálpa frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum að ná árangri.“ segir Ari Edwald, forstjóri Ísey.

Negld vetrardekk á felgum undan Skoda Oktavía árg. 2007. Stærð 195-65-15. Gatadeiling 5 x 112. Verðhugmynd kr. 30.000. Upplýsingar í s. 695-7020.

**Leiga**

Jörð til leigu á Norðurlandi með framleiðslurétt á mjólk. Góð jörð og staðsetning, stutt í næstu þéttbýlisstaði. Nánari upplýsingar gefnar upp í s. 867-2657 eða gegnum netfangið [fjalldrapi@gmail.com](mailto:fjalldrapi@gmail.com)

**Óska eftir**

Óska eftir að kaupa gömul póstkort eða póstkortasöfn á hæsta verði, einnig gömul umslög. Kem út á land fyrir stærri söfn ef óskað er. Staðgreiðsla. Uppl. í s. 896-5142, Reynir.

Óska eftir vatnabátum í ólagi og á góða verðinu, skoða allar stærðir. Mega vera skemmdir og alls konar. Skoða einnig Kawasaki Bayou fjór hjól. S. 699-6854, Jón.

Vantar gamla dráttarvél með framdrifi og tækjum. Uppl. í s. 893-0935.

**Þjónusta**

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafðu samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: [einar.g9@gmail.com](mailto:einar.g9@gmail.com), Einar G.

**ELWIS**  
Frábær höfuð- og vasaljós frá Elwis lighting!  
Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.  
Verðfrá: Khvinnufot.is  
Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

H600 hlaðanlegt ljós með 630 lúmen. Verð: 12.490 kr.  
S650 vasaljós með 650 lúmen. Verð: 8.990 kr.

**KHVINNUFÖT**  
Réttu fotin fyrir þig!

Ertu að spá í IKEA innréttingu?  
**HÚSASMÍÐI**  
SÍMI 846 7999  
Aðstoðum þig við verkið. Fagmaður mætir á staðinn. Mælir og teiknar upp rýmið. Sér um öll samskipti við IKEA og í sameiningu finnum við drauma innréttinguna. Verð frá 21.700 með vsk. Verðið fellur niður ef við setjum upp innréttinguna. Hafðu samband í síma: 846-7999 eða á [kbhusasmidi@kbhusasmidi.com](mailto:kbhusasmidi@kbhusasmidi.com)

**ÁSCO**  
Alternatorar og startar í miklu úrvali

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir togsþil. Hléöslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarstærðing. Fjarstærðing fyrir rútur, voltmeislar, ampermeislar, spennufellur 24V / 12V, trúllanabéttar, loftnetsframleiðing. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggjahlöður. Stór öryggi uppi 250A. Skafmúljón fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeulur. Bassakeulur. Oxaltpossur. Spennustillar. Diólar. Rafgeymmaskei. Jarðsamræðing. Diólabrygja. Reimsstíkur fyrir alternatorar. Væðingströskur. Startráttar. Legur / alternatorar. Kol / alternatorar. Væðingströskur. Oxaltpossur. Spennustillar. Diólar. Rafgeymmaskei. Jarðsamræðing. Diólabrygja. Reimsstíkur fyrir alternatorar.

Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • [asco@asco.is](mailto:asco@asco.is) BILARAFMAGN

# VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Við leitum að húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.

Áhugasöm sendi upplýsingar á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is) fyrir 22. nóvember 2021. Nauðsynlegt er að góðar ljósmyndir og lýsing á umhverfi fylgi með.

Öllum tilboðum verður svarað.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand eignar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnplássu og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | 510 1700 | [WWW.VR.IS](http://WWW.VR.IS)

# Hjartað í íslenskum landbúnaði



Bústólpi

